

SHALDOR

skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Íslandsmót iðn-
og verkgreina



Nýr einblöðungur fylgir
með Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði · www.tiger.is

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

6. mars 2012
56. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Damon kominn með umboðsmann

Damon Younger hefur ráðið Valgeir Magnússon sem umboðsmann sinn.

fólk 30

Fimm stjörnu hátíð

Tectonics-hátíðin var glæsileg að mati gagnrýnanda blaðsins.

menning 22




Verður lengi frá

Tryggvi Guðmundsson greindist með blóðtappa í kálfa og verður frá í þrjá til sex mánuði.

sport 26

veðrið í dag



HVESSIR Í KVÖLD Í dag má búast við S- og SA-áttum, víða 5-10 m/s en hversir af suðvestri sunnanlands í kvöld. Úrkomulítið NA-til framan af degi, skúrir eða él S- og V-til og bætir í úrkomu um allt land í kvöld.

VEÐUR 4

Þungt haldinn eftir hnífaárás

Framkvæmdastjóra lögmansstofu er haldið sofandi eftir að ókunnugur maður stakk hann ítrekað. Farið verður fram á varðhald yfir árársarmanninum í dag. Samstarfsmenn beggja eru miður sín vegna málsins.

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri veitti framkvæmdastjóra lögmansstofunnar Lagastoðar lífshættulega áverka með hnífi í gærmorgun. Farið verður fram á gæsluvarðhald yfir árársarmanninum í dag.

Framkvæmdastjórinn, Skúli Eggert Sigurz, gekkst undir margra klukkustunda aðgerð á kvið, brjósti og hálsi í gær og að sögn læknis lá hann þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Honum var þá haldið sofandi í öndunarvél og læknirinn sagði manninn mikið slasaðan og ástand hans mjög alvarlegt.

„Menn eru bara í áfalli,“ sagði Brynjar Níelsson, samstarfsmaður Skúla og formaður Lögmannafélags Íslands, þegar Fréttablaðið ræddi við hann skömmu eftir árásina í gær.

Maðurinn var í miklum vanskilum vegna bifhjólaáfalls og hafði Lagastoð séð um innheimtu fyrir Landsbankann í tengslum við það mál. Enginn á lögmansstofunni þekkti manninn og svo virðist sem tilviljun hafi ráðið því að hann réðst á Skúla.

Guðni Bergsson, lögmaður hjá Lagastoð, yfirbugaði árársarmanninn og var stunginn tvívegis í fót-

Öryggisverðir ræstir út til fyrirtækja

Öryggismiðstöðinni og Securitas barst fjöldi fyrirspurnu um öryggisþjónustu eftir árásina í gærmorgun. Securitas ræsti út nokkra verði til lögfræðistofa og fjármálafyrirtækja þar sem menn höfðu áhyggjur af stöðunni. „Sumir hafa gripið til þeirra ráðstafana að fá staðbundinn öryggisvörð á staðinn sem vaktar anddyri fyrirtækisins,“ segir Guðmundur Arason, forstjóri Securitas.

leggin í átökunum. Hann leitaði sér aðhlynningar á slysideild í gærdag og svo aftur í gærkvöldi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Að sögn vinnuveitanda árársarmannsins var hann vel liðinn af

samstarfsfólki sínu. Hann mætti venju samkvæmt til vinnu í gærmorgun en sagðist þurfa að skreppa frá undir hádegi og sneri ekki aftur. Samstarfsmenn hans eru miður sín yfir fréttunum.

- sv, sh / sjá síðu 4



FYRIR DÓM Geir H. Haarde kom með Ingu Jónu Þórðardóttur, eiginkonu sinni, í Þjóðmenningarhúsið rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun. Hann lauk við að gefa skýrslu fyrir dóminum í gær og taka því við vitnaleiðslur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Geir H. Haarde fyrir dómi: Ætlar að sýna fram á sakleysi

LANDSDÓMUR Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hafnaði öllum ákæruatriðum þegar hann gaf skýrslu fyrir Landsdómi í gær og sagðist myndu sýna fram á sakleysi sitt fyrir dóminum.

Geir fagnaði því að fá í gær í fyrsta skipti að tjá sig um ákæruefnin, en við hann hafi ekki verið talað við rannsókn málsins.

Íslensk stjórnvöld áttu að sögn Geirs enga möguleika á að koma því til leiðar að bankarnir seldu eignir, og það var raunar orðið of seint árið 2008 sagði Geir. Þá sagði hann breska fjármálaeftirlitið hafa sett sífellt fleiri skilyrði fyrir því að Icesave yrði flutt úr útibúi Landsbankans í dótturfélag, og á endanum hafi þau verið óaðgengileg.

Aðalmeðferð málsins heldur áfram fyrir dóminum í dag. Meðal vitna sem áætlað er að komi fyrir dóminn í dag er Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri.

- bj / sjá síður 6 og 8

Hljómsveitin Of Monsters and Men leggur í tónleikaferðalag vestur um haf:

Miðar á tónleikana seljast hratt upp

TÓNLIST Uppselt er á flesta tónleika hljómsveitarinnar Of Monsters and Men á væntanlegri tónleikaferð hennar um Bandaríkin og Kanada. Ferðin hefst á hátíðinni South By South West í Texas í næstu viku og stendur hún yfir í einn mánuð með 26 tónleikum.

Í gær voru miðar uppseldir á 21 tónleikastað en þeir staðir taka samanlagt um tíu þúsund gesti. „Þetta er fátíðlegt og algjör snilld,“ segir söngkonan Nanna Bryndís Hilmarsdóttir. „Við bjuggumst ekki við þessu en þetta er rosalega gaman.“

Að sögn umboðsmanns Of Monsters and Men, Heather Kolker, kemur það mjög á óvart hversu hratt miðarnir hafa selst enda er þetta fyrsta tónleikaferð hljómsveitarinnar vestanhafs. Í mörgum tilfellum hafa tónleikarnir verið færðir á stærri staði til að anna eftirspurn.

Til marks um áhugann á hljómsveitinni seldist upp á nokkrum mínútum á tvenna tónleika hennar í Fíladelfíu á stað sem tekur um þúsund gesti. Einnig er uppselt á 1.800-manna tónleika sveitarinnar í Seattle.

- fb / sjá síðu 30



VAXANDI VINSÆLDIR Hljómsveitin Of Monsters and Men nýtur vaxandi vinsælda í Bandaríkjunum.



Goran Superform
brennsla | styrking | liðleiki | bygndartap

Námskeiðin fara að hefjast. Þú getur byrjað strax í dag. Skráðu þig núna!

578 8200 | www.grandspa.is



Egill Arnason

JUNCKERS
parketsápa



Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, munt þú bara aldrei bera skarðan hlut frá borði?

„Ekki á meðan ég sé mér leik á borði.“

Guðmundur E. Stephensen varð á sunnudag Íslandsmeistari í borðtennis í 19. sinn í röð. Guðmundur er einungis 29 ára gamall og árangurinn því magnaður.



HOLAN GÓÐA Hér ríða hestamenn um daglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Jörðin opnaðist í Eyjum:

Holumyndavél kemur sér vel

VESTMANNAEYJAR Vegfarendur sem fóru um reiðveginn sunnan Helgafells í Vestmannaeyjum á laugardag tóku eftir því að stór hola hafði myndast við veginn. Holan er efst á Heimaey; 200 metrum frá syðsta enda sprungunnar sem opnaðist í gosinu árið 1973.

Í dag er ætlunin að kanna holauna með myndavél sem annars er nýtt til að rannsaka lundaholur. Að því loknu verður henni lokað. Holan er tæpur metri í þvermál og um tveggja metra djúp þar sem hún þrengist en útilokað er að áætla hversu langt niður hún nær.

- shá

Bensínverð veldur óvissu:

Strætó hagnast um 184 milljónir

SAMGÖNGUMÁL Strætó bs. hagnaðist um 184 milljónir króna í fyrra. Eigið fé jókst úr 188 milljónum í 522 milljónir milli ára.

Heildarvelta hjá Strætó var rúmlega 3,4 milljarðar. Heildar eignir Strætó voru 1.644 milljónir í árslok 2011 en heildarskuldur eru 1.122 milljónir. Stefnt er að því að byggðasamlagið verði skuldlaust í árslok 2017.

Þótt staðan sé að mörgu leyti góð er mikil óvissa fram undan vegna eldsneytisverðs, segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó. Hækkandi eldsneytisverð hafi sett strik í reikninginn.

- þeb

Landsbankanum var heimilt að slíta samkomulagi við Sigurjón Þ. Árnason:

Einkalífeyrissjóðurinn var ólöglegur

DÓMSMÁL Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, fær ekki afhentan viðbótarlífeyrissparnað sinn og skuldabréf sem hann keypti fyrir andvirði hans. Hann tapaði dómsmáli um sparnaðinn í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Málið snerist um lífeyrissparnað Sigurjóns, sem stofnaður var sérstakur sjóður utan um í Landsbankanum fyrir hrun. Sparnaðinn notaði hann til að fjárfesta í skuldabréfum, meðal annars í erlendum fyrirtækjum á borð við rússneska gasrisann Gazprom.

Sparnaðurinn fimmfaldaðist á þremur árum og stóð í tæpum 570 milljónum fyrir bankahrun.

Slitastjórn Landsbankans hefur viljað leysa sparnaðinn upp að kröfu Fjármálaeftirlitsins, sem taldi fyrirkomulagið ólöglegt. Sigurjón fékk hins vegar lögbann á aðgerðirnar.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að Landsbankanum hafi verið heimilt að segja upp samningnum um lífeyrissparnaðinn og tók þar með undir sjónarmið bæði bankans og Fjármálaeftirlitsins. Sigurður G.



ÓEÐLILEGT FYRIRKOMULAG Stofnaður var einkasjóður utan um séreignarsparnað Sigurjóns. Þetta fyrirkomulag taldi FME ólöglegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, segir að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar strax í dag.

- sh

Viðurkenna mismikla sök:

Skotmenn aftur fyrir dómi í dag


DÓMSMÁL Aðalmeðferð heldur áfram í dag í máli þriggja manna sem ákærðir eru fyrir mann-drápstilraun í Bryggjuhverfinu í Reykjavík síðastliðu haust.

Mennirnir hafa setið í haldi vegna þess að hafa skotið úr haglabýssu á bíl í tvígang. Árásin var liður í fíkniefnauppgjöri.

Sakborningarnir þrjú gáfu skýrslu fyrir dómi í gær og viðurkenndu mismikla sök í málinu. Meðal annars var tekið á um hvort líklegt hafi verið að bani mundi hljóttast af atlögunni.

- sh

Löndin þar sem hjónavígslur samkynhneigðra eru leyfðar



HEIMILD: KYRKANS TÍÐNING Í SVÍÞJÓÐ

Samkynhneigðir fá að gifta sig í Danmörku

Samkynhneigðir geta gengið í hjónaband í Danmörku í júní. Prettán pör voru gefin saman fyrsta hálfu árið frá gildistöku laganna hér á landi. „Ég fann að það ríkti mikil gleði og einlægni hjá þessum pörum,“ segir prestur Fríkirkjunnar.

SAMFÉLAGSMÁL Innan fárra mánaða bætist Danmörk í hóp þeirra landa þar sem hjónavígslur samkynhneigðra eru heimilár löggum. Mikill meirihluti danskra þingmanna er fylgjandi frumvarpi um ný hjúskaparlög og kirkjumálaráðherra landsins, Manu Sareen, hefur heitið því að fyrstu samkynhneigðu pörin geti gengið í hjónaband í júní næstkomandi.

Það var einnig í júnímánuði sem lög sem heimila hjónavígslur samkynhneigðra tóku gildi á Íslandi árið 2010.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands létu þrettán samkynhneigðu pör gefa sig

saman það ár, sjö pör karla og sex pör kvenna.

„Það varð engin flóðbylgja en samt töluvert um þessar vígslur. Þær fóru fram í kirkju, í heima húsum og úti í náttúrunni. Ég fann að það ríkti mikil gleði og einlægni hjá þessum pörum, fjölskyldum þeirra og vinum,“ segir Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur Fríkirkjunnar við Tjörnina.

Hjörtur Magni bætir því við að margir hafi fagnað því að geta aftur tengst trúnni og jákvæðri guðsýnd.

„Við hér í Fríkirkjunni börðumst fyrir því að samkynhneigðir fengju jöfn réttindi á við gagnkynhneigða og hátíðarhöldin

í tilefni laganna voru einmitt haldin í Fríkirkjunni við Tjörnina. Umræðan í þjóðfélaginu er orðin mun jákvæðari og sá andi meira ríkjandi að unninn hafi verið stór sigur þótt enn eigi eftir að heyrja margar litlar orrustur. Það ríkir almennt djúp innri gleði yfir því að samkynhneigðir séu búnir að öðlast sömu réttarstöðu og gagnkynhneigðir á þessu sviði.“

Hagstofa Íslands hefur enn ekki birt tölur yfir fjölda hjónavígsla samkynhneigðra á árinu 2011.

Að sögn Hjartar gaf hann saman nokkur pör í fyrra. „Það eru jafnframt nokkrar vígslur bókaðar á þessu ári.“

ibs@frettabladid.is

Lést í bruna

Maður sem slasaðist alvarlega í eldsvoða í blokkaríbúð á þriðju hæð við Tungusel í Reykjavík aðfaranótt föstudags er látinn. Hann



hét Einar Guðmundsson og var kennari við Kársnesskóla í Kópavogi. Einar var 59 ára gamall, búsettur í Kópavogi.

Að því er fram kemur á vef Kársnesskóla lést Einar seint á laugardagskvöld, en honum hafði verið bjargað meðvitundarlausum út úr íbúðinni í Tunguseli. Annar maður sem í íbúðinni var þegar eldurinn kom upp, komst út úr henni af sjálfsdáðum.

Tilmæli vegna lánainnheimtu:

Bankar stilli aðgerðum í hóf

FJÁRMÁL Fjármálaeftirlitið hefur beint þeim tilmælum til bankanna að stilla innheimtuaðgerðum í hóf meðal þeirra sem réttaróvissa ríkir um í kjölfar gengislánadóms Hæstaréttar 15. febrúar síðastliðinn. Skuldastaða heimilanna var rædd á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál í gær. Fulltrúar bankanna mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar í dag til að kanna viðbrögð þeirra við tilmælum FME. Þá verður þörfin metin á auknum lagaheimildum, svo sem til að samræma aðgerðir sýslumanna, tryggja flýtimeðferð, og endurupptöku mála sem reist voru á ólögætum forsendum.

- shá

ATVINNA

Sumarstörf hjá borginni

Byrjað verður að taka á móti úmsóknum um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg í dag. Allir sem eru fæddir árið 1995 og fyrr og hafa lögheimili í Reykjavík geta sótt um á vef borgarinnar.

Glæsileg umgjörð utan um eitt elsta skákmót heimsins, Reykjavíkurmótið:

200 manns keppa í skák í Hörpu

SKÁK Reykjavíkurskákmótið hefst í Hörpu í dag og stendur í viku.

Um tvö hundruð keppendur frá um 40 löndum eru skráðir til leiks á mótinu og hafa aldrei fleiri tekið þátt. Meðal þeirra sem taka þátt eru Fabiano Caruana, sem er kominn í sjöunda sæti heimslistans í skák þrátt fyrir að vera aðeins níttján ára gamall. Hann er stigahæsti skákmaður sem hefur teft á Reykjavíkurmótinu. Næststíghæsti skákmaðurinn á mótinu er Tékkinn David Navara.

Umgjörðin á mótinu verður hin glæsilegasta. Góð aðstaða verður fyrir áhorfendur, sem munu geta fylgst með skákum meistaranna á risaskjá. Þá munu stórmeistararnir Jóhann Hjartarson, Jón L. Árnason og Helgi Ólafsson annast skákskýringar. Í lok hverrar umferðar verða svo pallborðsumræður í umsjón stórmeistarans Simons Williams.

Mótið hefst með setningarathöfn í Hörpu klukkan fjögur í dag og eftir hana fer fram fyrsta umferð mótsins. Teflt verður daglega þar til móti lýkur þriðjudaginn 13. mars. Frekari upplýsingar um mótið og hlíðarviðburði má sjá á heimasíðu Skák-sambands Íslands.

- þeb



FRÁ MÓTINU Í FYRRA Mótið var haldið í Ráðhúsinu í fyrra en að þessu sinni fer það fram í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stelpuskákdagur

Meðal keppenda á Reykjavíkurmótinu er Hou Yifan, sem er átján ára stúlka frá Kína. Hún varð heimsmeistari kvenna aðeins fimmtán ára gömul og er eitt efnilegasta ungmenni heims í skák. Hou Yifan verður líka sérstakur gestur á fyrsta „Stelpuskákdeginum“ á Íslandi, sem verður haldinn í tengslum við mótið. Þar mun Hou Yifan tefla við efnilegustu skákstúlku Íslands.



NÝIR KRAFTAR »» ÖFLUGRA ATVINNULÍF

FIMMTUDAGINN 8. MARS verður haldin atvinnumessa í Laugardalshöll þar sem kynnt verða hundruð nýrra atvinnutækifæra.

VINNANDI VEGUR er sameiginlegt átak samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins. Fyrirtæki og stofnanir sem bæta við sig starfsfólki úr röðum atvinnuleitenda geta fengið hluta launakostnaðar endurgreiddan. Kraftmikið atvinnulíf er sameiginlegt markmið okkar allra.

ÞAÐ ER VINNANDI VEGUR AÐ:

- 1.** Ráða starfsmann sem hefur verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur og fá **167.176 kr. á mánuði í styrk** upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Tímalengd ráðningarstyrks getur verið allt að 12 mánuðir.
- 2.** Ráða starfsmann sem hefur verið án vinnu skemur en 12 mánuði og fá allt að **6 mánaða styrk** upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Styrkurinn miðast við bótarétt starfsmanns.

Skilyrði fyrir ráðningarstyrkjum eru m.a. að ráðning feli í sér fjölgun starfsmanna og að sl. sex mánuði hafi ekki verið sagt upp starfsmönnum sem gegnt höfðu störfum sem fyrirhugað er að ráða atvinnuleitendur til að gegna.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



MENNISÓKNARMIÐSTÖÐIN



Reykjavíkurborg



SAMTÖKI ATVINNULEISLAUSA



Alþýðusamband Íslands



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Bandalag háskólanna

VINNANDI

VEGUR »»

www.vinnumalastofnun.is/vinnandivegur

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126	126,6
Sterlingspund	199,14	200,1
Evra	166,18	167,1
Dönsk króna	22,35	22,48
Norsk króna	22,373	22,505
Sænsk króna	18,803	18,913
Japanskt jen	1,5503	1,5593

SDR 194,23 195,39

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,9406

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stóri þriðjudagurinn í forkosningum Repúblikanaflokksins gæti skipt sköpum: Romney spáð velgengni áfram

BANDARÍKIN Mitt Romney gerir sér vonir um að styrkja stöðu sína í forkosningum Repúblikanaflokksins enn frekar í dag, þegar kosid verður í tíu ríkjum samtímis.

Sérstaklega verður fylgst með árangri hans í Ohio, þar sem mjótt hefur verið á muninum milli hans og Ricks Santorum samkvæmt skoðanakönnunum.

Santorum er spáð sigri í þremur ríkjanna, en almennt virðast líkur á því að Romney nái góðum árangri.

Margir hægrissinnuðustu kjósendur Repúblikanaflokksins van-

treysta Romney vegna tiltölulega hófsamrar afstöðu hans til fóstureyðinga, hjónavígslu samkynhneigðra og þátttöku ríkisins í heilbrigðisþjónustu.

Í forkosningunum í dag verður samtals 419 kjórmönnum úthlutað, eða meira en þriðjung þess fjölda sem þarf til að hljóta útnefningu á flokksþingi Repúblikanaflokksins í lok ágúst. Samkvæmt talningu fréttastofunnar AP hefur Romney nú þegar tryggt sér 203 kjórmenn. Rick Santorum er kominn með 92 kjórmenn, Newt Gingrich 33 og Ron Paul 25.



Í FRAMBÍÐENDASTELLINGUM Mitt Romney á framboðsfundi með börnin smá í fanginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vöruskiptin eru hagstæðari: Afgangur meiri en á síðasta ári

EFNAHAGSMÁL Vöruskipti við útlönd voru hagstæð um 12,5 milljarða króna í febrúar samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

„Þetta er mesti afgangur af vöruskiptum í einum mánuði síðan í september síðastliðnum og mun meiri en hann hefur að jafnaði verið síðasta árið,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Fluttar voru út vörur fyrir 54,1 milljarð króna og inn fyrir 41,6.

Mikill vöxtur útflutnings sjávarafurða er sagður skýra aukinn afgang. -óka

Breytingar í peningastefnunefnd: Katrín tekur við af Sibert

STJÓRNSÝSLA Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur skipað dr. Katrínu Ólafsdóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík, í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands.



KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Katrín lauk doktorsprófi í vinnu- og atvinnuáhrifum frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum árið 2009. Fimm eiga sæti í peningastefnunefndinni: þrjú fulltrúar Seðlabankans og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra. Katrín tekur við af dr. Anne Sibert, prófessor við Birkbeck-háskóla í Bretlandi. Skipað var í nefndina árið 2009 til alls fimm ára. Sibert hættir því áður en skipunartímabili hennar er lokið. -mþl

STJÓRNMÁL

Annar varaformaður kosinn

Sigurjón Norberg Kjærnsted hefur verið kjörinn annar varaformaður Samstóðu í stað Sigurðar Þ. Ragnarsónar. Agnes Arnardóttir, sem búsett er á Akureyri, gegnir öðru embætti varaformanns.

LEIÐRÉTT

Mistök urðu í ritun þriðja svars Þóris Jökuls Þorsteinssonar biskupsframbjóðanda í helgarblaði Fréttablaðsins. Rétt svar er eftirfarandi: „Ég legg áherzlu á að fagnaðarerindið er hafið yfir þjóðerni, litaraft, kynferði, kynhneigð, efnamun og menningarháttu. Ekkert slíkt er hrósunarefni fyrir Guði. Ég mun því ekki með neinum sérlegum hætti bera mig eftir því að taka þátt í viðburðum sem gera því skóna.“ Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Lögmaður stunginn ítrekað

Framkvæmdastjóri lögmansstofu liggur þungt haldinn eftir að ráðist var á hann með hnífi á skrifstofu í Lág múla. Árásarmaðurinn var yfirbugaður og handtekinn. Var í miklum vanskilum vegna bifhjólaláns.

LÖGREGLUMÁL Skúli Eggert Sigurðsson, framkvæmdastjóri lögmansstofunnar Lagastöðar, var stunginn margsinis með hnífi á skrifstofu sinni í gærmorgun. Hann er í lífshættu. Árásarmaðurinn, sem er á fertugsaldri, var yfirbugaður af samstarfsmönnum Skúla og handtekinn og yfirheyrður í gær. Guðni Bergsson, lögmaður á stofunni, var einnig stunginn af árársmanninum, en meiðsl hans eru minni háttar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn með mót-orhjólalán hjá SP-Fjármögnun og kominn í mikil vanskil, sem leiddi á endanum til tilraunar til vörsluvíptingar. Þá hafði maðurinn haldið því fram að hjólið væri horfið og kærdi þá Landsbankinn hann til lögreglu fyrir þjófnað. Lagastöð hafði enga beina aðild að málinu aðra en þá að sjá um innheimtu fyrir Landsbankann og virðist hafa verið tilviljun að maðurinn hafi ráðist á Skúla.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn vel liðinn á vinnustað sínum. Hann hafði mætt til vinnu í gærmorgun eins og venjulega og fengið að skreppa frá, en kom ekki aftur. Að sögn yfirmanns á vinnustaðnum eru allir starfsmenn miður sín eftir fregnirnar og ekkert hafi verið í fari mannsins sem benti til þess að hann ætlaði að fremja alvarlegan glæp. Honum er sagður hvers manns hugljúfi og afar klár og duglegur á sínu sviði.

Maðurinn kom á stofuna um nítuleytið í gærmorgun og bað um viðtal við lögfræðing. Honum var þá vísað inn á skrifstofu Skúla sem hugðist ræða við hann um málið. Guðni var staddur stutt frá þegar hann heyrði hávær öskur koma frá skrifstofunni. Þar hafði árásarmaðurinn dregið upp

Securitas ræsti út öryggisverði

Fjöl margar fyrirspurnir bárust til Öryggismiðstöðvarinnar og Securitas eftir hnífásrásina á lögmansstofunni Lagastöð í gærmorgun. Securitas ræsti út nokkra öryggisverði til fjármála- og lagafyrirtækja sem höfðu áhyggjur af málinu.

Guðmundur Arason, forstjóri Securitas, segir viðbrögð hafa komið frá viðskiptavinum fyrirtækisins í svipaðri stöðu og Lagastöð.


„Sumir hafa gripið til þeirra ráðstafana að fá staðbundinn öryggisvörð á staðinn sem vaktar anddyri fyrirtækisins,“ segir Guðmundur. Þá hafi sumir einnig óskað eftir uppsetningu neyðarhnappa.

„Svo koma upp spurningar varðandi hvernig beri að taka á móti viðskiptavinum og öðrum utan af götu,“ segir hann. „Það er meginregla að hleypa fólki ekki inn á skrifstofur nema það hafi þangað erindi.“

Ómar Örn Jónsson, hjá Öryggismiðstöðinni, segir fólk hafa verið með auknar áhyggjur af öryggismálum undanfarnin misseri.

„Gæsla hefur verið aukin og það hafa komið fyrirspurnir eftir atvikið,“ segir hann. „Mest eru þetta fjármálafyrirtæki og lögmansstofur sem hafa verið að undirbúa sig.“

Ómar telur ekki líklegt að viðbúnaður eins og málmeitartæki verði innleidd í fyrirtæki hér á landi í brád.



Óhugnanleg aðkoma og mikið blóð

„Menn eru bara í áfalli. Andrúmsloftið er auðvitað mjög þungt,“ segir Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélagsins og samstarfsmaður Skúla. Að sögn hans kannaðist enginn á stofunni við árársmanninn. Hann segir mikið blóð hafa verið á vettvangi og aðkoman óhugnanleg.

„Það var mikið blóð. Þetta er óhugnanlegt svona á björtum degi, að ganga inn og reka menn á hol fyrirvaralaust,“ segir hann.

Brynjar segist hafa miklar áhyggjur af öryggi dómstólanna í ljósi atviksins. Þeir séu algjörlega óvarðir.

„Það er nauðsynlegt að velja því fyrir sér hvort það þurfi að gera eitthvað í þessu,“ segir hann.

„Það er líka sérstakt ástand núna. En auðvitað er það alltaf þannig að ef ásetningurinn er til staðar er alltaf hægt að gera svona hluti.“



hníf og stungið Skúla margsinis. Guðni og fleiri starfsmenn stofunnar hlupu inn á skrifstofuna og náðu að yfirbuga manninn, en hann stakk Guðna tvívegis í lærið. Hann slasaðist þó ekki

alvarlega og var fluttur á slysa-deild. Skúli hafði misst mikið blóð þegar lögregla og sjúkraflutningamenn komu á staðinn og að sögn lögreglu var aðkoman skelfileg.

Skúli gekkst undir margra klukkustunda aðgerð á Landspítalanum í gær. Hann var enn í lífshættu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

sunna@frettabladid.is

Sérfræðingar í stafrænum heyrnartækjum

ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÚTSYNNINGUR hefur verið ríkjandi undanfarið og virðist lítið lát á. Í kvöld hvesir af suðvestri, einkum S- og SA-lands með eljagangi en norðaustantil verður bjart með köflum næstu daga. Það kólnar lítillega á landinu á morgun!

Á MORGUN 8-15 m/s, hvassast V-til. FIMMTUDAGUR Viða 3-10 m/s, hvassast syðst.

HEIMURINN	°C
Alicante	17°
Basel	4°
Berlín	5°
Billund	3°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	22°
London	9°
Mallorca	12°
New York	6°
Orlando	22°
Ósló	2°
París	9°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

SHIFT_the way you move



NÝR

QASHQAI DÍSil

4,6 l/100 km



NISSAN QASHQAI DÍSil

Nú er Nissan Qashqai fáanlegur með nýjum og mjög spennandi dísilvélum sem eyða aðeins frá 4,6 lítrum af eldsneyti á hverja 100 km. Þetta er með því allra lægsta sem þekkt meðal fjórhjóladrifsbíla á Íslandi. Kíktu til okkar og fáðu að reynsluaka – og já, verðið mun sannarlega koma þér á óvart!

- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakskynjarar
- 17“ álfelgur
- Og margt fleira

KYNNINGARVERÐ

Frá: **4.990 þús. kr.**

Dæmi: **39.889 kr.** á mánuði miðað við að eldri bill að verðmæti 2.600.000 sé látinn ganga upp í og eftirstöðvar á óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða.

www.nissan.is

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 1



Gátu ekki minnkað bankana

Stjórnvöld áttu ekki önnur úrræði en að þrýsta á bankana um að minnka efnahagsreikninga sína í aðdraganda hrunsins sagði Geir H. Haarde fyrir Landsdómi í gær. Sér eftir að hafa ekki beitt sér fyrir því að reglur yrðu hertar. Lét skrifa „loðmullulegt“ bréf til að friða bresk stjórnvöld.

Stjórnvöld höfðu engar leiðir til að minnka umfang íslenska bankakerfisins, hvorki með því að neyða bankana til að selja eignir né flytja höfuðstöðvar úr landi, sagði Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir Landsdómi í gær.

Geir sagði stjórnvöld hafa hvatt forsvarsmenn viðskiptabankanna til að minnka efnahagsreikning sinn í aðdraganda hrunsins, en lengra hefðu þau varla getað gengið. Hann sagði að horfa verði til þess að jafnvel þótt bankarnir hafi gjarnan vilja að selja eignir á árinu 2008 hafi það einfaldlega verið um seina.

Geir er ákærður fyrir að hafa ekki haft frumkvæði að því að draga úr stærð bankakerfisins eða að einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Geir sagði stjórnvöld jafnt sem forsvarsmenn bankana hafa verið öll af vilja gerð til að verja bankana með þessum hætti.

„Ég tel að þessi ákæruliður missi algerlega marks, og það sé mjög miklum vandkvæðum bundið að sýna fram á að ég eða einhver annar í íslenska stjórnkerfinu hafi getað gert eitthvað til að minnka bankana en hafi ekki gert,“ sagði Geir.

Geir sagðist í gær hafa óskað þess að stjórnvöld hefðu sett strangari reglur um vöxt bankanna en Evrópusambandið. Íslensk stjórnvöld hafi einfaldlega tekið upp reglur ESB sem hluta af samningnum um evrópska efnahagsvæðið. Þær hafi hins vegar verið gallaðar og ekki gert ráð fyrir svo stórum bönkum í jafn litlu efnahagskerfi og Íslandi.

„Ég sé mjög eftir því að hafa ekki beitt mér fyrir því að herða þessar reglur,“ sagði Geir.

Eiginfjárlutfall í hættu

Bankarnir hefðu ekki getað selt eignir á þessum tímamarki án þess að taka á sig gríðarlegt tap af hverri sölu. Það hefði aftur haft áhrif á eiginfjárlutfall bankanna og hefði jafnvel getað komið þeim undir lög bundið lágmark, sagði Geir. Sala á eignum hefði með öðrum orðum getað komið bankanum í verri vanda en þeir hafi verið í fyrir.

Tómt mál var að tala um að flytja höfuðstöðvar einhvers af stóru við-



MÆTIR DÓMURUM SÍNUM Geir H. Haarde gaf skýrslu fyrir fimmtán dómurum Landsdóms í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Skýrslutakan stóð frá klukkan níu um morgun fram til klukkan 17.30.

skiptabönkunum þremur úr landi árið 2008, þó Kaupþing hafi raunar verið með einhver áform um slíkt, sagði Geir. Hann sagði augljóst að sú hugmynd hefði verið óraunhæf enda íslensku bankarnir varla neinir aufúsugestir í öðrum löndum.

Víst er að fjármálaeftirlit þess lands sem íslenskur banki hefði viljað flytja til hefði gert ítarlega athugun á stöðu bankans, og í framhaldinu viljað skrifa niður eignir bankans, sem hefði sett flutninginn í uppnám, sagði Geir. Það hefði mögulega kallað á fjárhagsaðstoð frá ríkinu.

Geir sagði alveg skýrt að stjórnvöld hefðu ekki getað gert meira til að minnka efnahagsreikninga bankanna en að hvetja þá sjálfa til að bregðast við. Hefðu stjórnvöld sett lög um efnahagsreikningana hefði það án efa vakið alvarlegar spurningar um lögmæti þess og mögulega brotið gegn stjórnarskrá.

Icesave strandaði í Bretlandi

Geir er einnig sakaður um það í ákæru að hafa ekki beitt sér nægilega fyrir því að Icesave-reikningar Landsbankans í Bretlandi yrðu færðir í sérstakt dótturfélag, í stað þess að þeir væru í útibúi bankans.

Hann sagði fyrir Landsdómi í gær að hann hefði talið að verið væri að vinna að því eftir fremstu getu, en ýmis ljón hafi verið í veginum. Þar hafi strandað á því að breska fjármálaeftirlitið hafi virst mjög óviljugt til að sú breyting yrði gerð. Fyrst hafi þeir virst viljugir



STUÐNINGUR Fjölskylda Geirs H. Haarde studdi Geir þegar hann gaf skýrslu í gær. Bekkurinn var þétt setinn enda mikill áhugi meðal almennings á því að fylgjast með.

en svo farið að setja sífellt meiri kröfur um eignir á móti kröfum. Þá hafi runnið tvær grímur á bankastjóra Landsbankans þegar þeir hafi áttað sig á því að ef af slíkri breytingu yrði gætu þeir ekki notað innlán breskra sparifjäreigenda til að laga stöðu Landsbankans á Íslandi.

„Ég sé ekki að það sé við mig að sakast að hafa ekki komið þessu máli í höfn,“ sagði Geir. Hann sagði að málinu hafi verið fylgt eftir eins vel og mögulegt hafi verið og frekari aðkoma hans hefði engu breytt um framhald málsins.

Bresk stjórnvöld vildu fullvissu um að ríkið ábyrgðist innstæður á Icesave-reikningunum ef eignir Tryggingarsjóðs innstæðueig-

enda dygðu ekki til að dekkja þær færri Landsbankinn í þrot. Geir sagði í gær að hann hefði ekki viljað að styggja Breta, og því látið skrifa mjög „loðmullulegt“ bréf þar sem fram kom að íslensk stjórnvöld væru meðvituð um skuldbindingar sínar gagnvart samningnum um evrópska efnahagsvæðið. Hann sagði það þó hafa verið skoðun sína og annarra að engin ríkisábyrgð væri á sjóðnum.

Brjann Jónasson
brjann@frettabladid.is



Orðrétt

Ég hafna þessum ásökunum öllum saman, ég tel að verjandi minn og ég munum sýna fram á að þetta eigi ekki við rök að styðjast.

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, taldi lítið hæft í ákæru í landsdómsmálinu.

Ég er þess fullviss að ekki hefur búið ásetningur að baki þess ef það hefur atvikast að viðskiptaráðherra væri ekki með í ráðum í einhverjum tilvikum.

Geir varði Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem hefur verið sökuð um að hafa haldið Björgvini G. Sigurðssyni, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, utan við málefni tengd bankahruninu.

Ég held að það sé misskilningur að bankarnir hefðu orðið aufúsugestir í öðrum löndum á þessum tíma, ég held að það hefði verið vandfundinn sá staður sem hefði viljað taka við þeim ef rýnt hefði verið í þeirra innri pappíra.

Geir sagði lítið hafa verið hægt að gera til að flytja höfuðstöðvar eins eða fleiri banka úr landi á árinu 2008. Slíkt hefði mætt mótstöðu í viðkomandi landi og tekið langan tíma.

Það þurfti engan spámann til að horfa á tölurnar hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og átta sig á að staða hans var mjög veik.

Geir sagði stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda veika, en engin ríkisábyrgð hafi verið á sjóðnum.

Ég sé mjög eftir því að hafa ekki beitt mér fyrir því að herða þessar reglur.

Geir sagði að eftir að hyggja hefði hann viljað setja fjármálastofnunum strangari skilyrði en gert var í Evrópusambandinu, en Ísland tók upp reglur ESB vegna samningsins um evrópska efnahagsvæðið.

Landsdómur í dag

Aðalmeðferð í landsdómsmálinu heldur áfram klukkan 10 í dag. Kölluð verða fyrir dóminn þrjú vitni. Fyrstur kemur Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra. Á hæla honum kemur Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. Síðastur á dagskránni er svo Davíð Oddsson fyrrverandi seðlabankastjóri sem nú er ritstjóri Morgunblaðsins.

Sagði enga þörf á að ræða bankakrísu á ríkisstjórnarfundum

Ekki var nein þörf á að ræða sérstaklega um bankakrísu á vettvangi ríkisstjórnarinnar sagði Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir Landsdómi í gær. Hann sagði fundina hugsaða fyrst og fremst til að ræða þau frumvörp sem ráðherrar vilji leggja fram, auk þess að eiga óformlegar viðræður um önnur mál, sem yfirleitt rati ekki í fundargerðir ríkisstjórnarinnar.

Geir er sakaður um það í ákæru fyrir Landsdómi að hafa látið hjá líðast að halda ráðherrafundi um mikilvæg málefni, sem kveðið er á um í 17. grein stjórnarskrárinnar. Það mikilvæga málefni sem hann er sakaður um að hafa ekki fundað með ríkisstjórninni um yfirvofandi háska í fjármálakerfinu.

Geir sagði ótrúlega mikið úr því gert hjá Rannsóknarnefnd Alþingis að ekki sé skráð í fundargerðir ríkisstjórnarinnar að þessi mál hafi verið rædd. Þau hafi verið rædd óformlega án þess að það hafi verið skráð í fundargerð eins og hefðbundið sé á ríkisstjórnarfundum. Þar sé mikilvægt að geta rætt frjállega um mál en að þar sé hvert orð skráð í fundargerð.

Ríkisstjórnarfundirnir eru fyrst og fremst hugsaðir til að fjalla um þingmál sem ráðherrar vilja koma í gegnum þingið, sagði Geir. Yfirvofandi fjármálakrísa hafi því ekki verið rædd í ríkisstjórn á tímabilinu frá febrúar til október 2008. Krísan hafi hins vegar verið rædd oft og lengi á minni fundum ráðherra sem hafi haft með málið að gera.

Upptökur gætu truflað réttarhöldin

Ríkisútvarpið sóttist eftir því að fá að taka upp landsdómsréttarhöldin og sýna þau í beinni útsendingu. Þeirri beiðni hafnaði dómurinn.

Í elleftu grein sakamála gegir að óheimilt sé að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi, en að dómari geti veitt undanþágu frá banninu ef sérstaklega standi á. Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, sagði í gær að hvorki Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari né Andri Árnason, verjandi Geirs, hefðu sett sig upp á móti því að sýnt yrði beint frá réttarhöldunum. Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar og Landsdóms, segist ekki vita hver afstaða þeirra var til málsins.

„Það er gefin þröng undantekning fyrir þessu í lögum og það þótti bara ekki við hæfi í þessu máli,“ segir Markús, sem tók ákvörðunina að höfðu samráði við aðra dómara. „Þessi ákvörðun var tekin öðrum þræði út af því að umstangi við upptökur getur fylgt mikið ónæði,“ segir Markús. „Það er allavega keppikefli okkar að þetta gangi greiðlega fyrir sig og í friði og við viljum ekki gera úr þessu neitt annað og meira en réttarhald.“

En verður undanþáguheimildinni einhvern tímann beitt, ef ekki í málum sem þessu? „Ég er ekki þess umkominn að svara því hér og nú,“ segir Markús.

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 530 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 19. mars (9:00-12:00)

Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000

www.tv.is

Sony Center kynnir:

Ferðalag hugmynda

Verzlunin er flutt í Borgartún 37

Flott
opnunar
tilboð!

Kíkið við
og gerið
góð kaup

SONY
CENTER



Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 1



Mögulega rangt að lækka bindiskylduna

Hugsanlegt er að rangt hafi verið hjá Seðlabankanum að lækka bindiskyldu bankanna árið 2003 sagði Geir H. Haarde í gær. Hann hafnar því að hann hefði átt að fylgjast betur með starfi samráðshópsins. Segir Slóvena hafa dregið lappirnar vegna aðildar Íslands að samkomulagi ESB um fjármálastöðugleika.

Eftir á að hyggja má setja spurningamerki við að lækka bindiskyldu íslensku bankanna, eins og Seðlabankinn gerði árið 2003, sagði Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, þegar hann gaf skýrslu fyrir Landsdómi sem sakborningur í gær.

Geir sagðist í gær hafa talið þetta rétta aðgerð á sínum tíma, en núna telji hann að mögulega hefði verið skynsamlegra að auka bindiskylduna. Það hefði þó væntanlega orðið til þess að forsvarsmenn bankanna hefðu rekið upp ramakvein og jafnvel verið brot á samevrópskum reglum.

Geir sagði að engin ástæða hefði verið fyrir sig að fylgjast nánar með starfsemi samráðshóps um fjármálastöðugleika, eða nýta hópinn betur í aðdraganda bankahrunsins. Í starfshópnum sátu til dæmis ráðuneytisstjórnar forsætis- og fjármálaráðuneytisins og háttsettir embættismenn úr Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu. Geir er ákærður fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf hópsins væru markviss og skilðu tilætluðum árangri.

Geir hafnaði þeim ásökunum úr vitna-stúkunn í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Hann benti á að samráðshópurinn hefði ekki yfirtekið skyldur Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins til að bregðast við, hann hafi í raun aðeins verið ráðgefandi.

Hann benti á að það hefði mögulega hamlað starfsemi hópsins að bæði Seðla-

bankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu búið yfir ákveðnum trúnaðarupplýsingum sem ekki hafi verið heimilt að deila með hópnum.

Geir fékk upplýsingar um starf hópsins á fundum með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, milli þess sem þeir ræddu önnur mál. Ráðuneytisstjórinn var formaður starfshópsins, og sagði Geir í gær enga ástæðu hafa séð til að lesa fundargerðir hópsins eða kanna betur hvernig vinnu hans miðaði, hann hafi treyst formanninum og öðrum meðlimum til að vinna vinnuna sína.

Geir fundaði aldrei með samráðshópnum, og kallaði ekki saman fund ráðherra til að ræða starf hópsins. Aðspurður sagði Geir í gær að ef til vill hefði hann átt að gera það, en það hefði ekki komið í veg fyrir hrúnið.

Spurður af saksóknara Alþingis hvort betra hefði verið að veita samráðshópnum valdheimildir til að bregðast við sagðist Geir efast um að það hefði verið til bóta. Heimildirnar hafi verið til staðar í Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum og eins sé víst að það hefði flækt málið að blanda samráðshópnum í málið með þeim hætti.

Geir sagði samráðshópinn raunar hafa gengið lengra en forskriðað hafi verið með því að vinna frumvarpsdrög sem síðar var umbreytt í neyðarlögin sem tóku gildi eftir fall bankanna. Vegna starfs hópsins hafi undirbúningur verið svo langt kominn að hægt hafi verið að vinna frumvarpið með stuttum fyrirvara, þó vissulega hafi orðið breytingar á frumvarpinu í millitíðinni.

Ísland sóttist eftir því í janúar 2008 að verða aðili að samkomulagi Evrópusambandsins um fjármálastöðugleika. Geir sagði að það hefði verið rætt á fundum í Brussel í febrúar, og því hafi verið vel tekið.

Eftir það fór málið í ferli innan sambandsins, og lenti á herðum Slóvena, sem fóru með forystu í sambandinu. Geir



KOMINN Í RÉTTARSAL Geir H. Haarde heilsaði Sigríði Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, og Helga Magnúsi Gunnarssyni, aðstoðarsaksóknara Alþingis, við upphaf aðalmeðferðar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orðrétt úr réttarsalnum

„Það er alltaf sama fólkið sem er að vinna að þessum málum, það er bara með mismunandi hatta á höfðinu.“

Geir skýrði hvers vegna samráðshópur um fjármálastöðugleika hafi ekki verið kallaður saman þegar neyðarástand hafði myndast hjá viðskiptabönkunum þremur. Hann sagði meðlimi hópsins hafa komið að verkinu, þó hópurinn sjálfur hafi ekki komið saman.

„Það er algert rangnefni að tala um ómarkviss vinnubrögð og að hópurinn hafi ekki skilað tilætluðum árangri.“

Geir varði störf samráðshóps um fjármálastöðugleika og hafnaði því að hann hafi ekki haft nóg með starfsemi hópsins að gera.

sagði að því miður hefðu Slóvenar dregið úr hömlu að ganga frá þessari breytingu. Ekki hafi því tekist að verða aðili að þessu samkomulagi fyrir hrúnið um

haustið. Aðild að samkomulaginu hefði að mati Geirs gefið íslenska fjármálakerfinu trúverðugleika og mögulega lækkað skuldtryggingarálag ríkis og banka.




Hagsýnir heimilisbílar

	Árgerð 2005 ² sjálfskiptur · bensín	Árgerð 2012 ² beinskiptur · dísil	Sparnaður á ári
Eyðsla¹	9,4 l 456.840 kr.	4,5 l 228.600 kr.	228.240 kr.
Bifreiðagjöld	34.240 kr.	9.460 kr.	24.780 kr.
CO₂ útblástur	224 g/km 4.480 kg	119 g/km 2.380 kg	2.100 kg

Að endurnýja bílinn í dag getur borgað sig.
Kannaðu kosti grænna bílalána og reiknaðu dæmið til enda á ergo.is

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is



¹Blönduð eyðsla á hverja 100 km
²Rekstur í eitt ár á meðalstórum fjárfisbil m.v. að bensínverð sé 243 kr., dísilverð 254 kr. og akstur á ári 20.000 km.

Við bjóðum góða þjónustu



Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000





Ætlar þú að fylgjast með Landsdómi?

JÁ	50,6%
NEI	49,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú hugsanlegt að Ólafur Ragnar Grímsson geti tapað í forsetakosningunum í sumar?

Segðu skoðun þína á vísir.is



DV tapaði meiðyrðamáli sem höfðað var á hendur blaðinu fyrir héraðsdómi:

Ummæli dæmd dauð og ómerk

DÓMSMÁL Ummælin „Lögreglan rannsakar lektor“ og „Lektor í viðskiptafræði flæktur í lögreglurannsókn“ sem féllu í DV um miðjan mars í fyrra voru dæmd dauð og ómerk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Jón Snorri Snorrason höfðaði meiðyrðamál á hendur blaðinu og þurfa Ingi Freyr Vilhjálmsson fréttastjóri og ritstjórnarnir Jón Trausti Reynisson og Reynir Traustason að greiða honum 200 þúsund krónur hver með dráttarvöxtum í miskabætur. Þá þurfa þeir að standa undir málskostnaði

Jóns Snorra og kostnaði við birtingu dómsins í tveimur dagblöðum.

DV fjallaði um málefni Jóns Snorra þegar hann sat í stjórn Sigurplasts ehf. Ritstjórnarnir og fréttastjóri DV bentu á að Jón hefði verið kærður til lögreglu ásamt stjórn Sigurplasts, en héraðsdómur bendir á að þrátt fyrir kærur hafi rannsókn lögreglu ekki verið hafin. „Þá var orðfærið til þess fallið að vekja þann skilning lesenda að stefnandi væri sakborningur í lögreglurannsókn vegna sagnæmrar og refsiverðrar háttsemi sinnar,“ segir í dómnum.

- óká



RIÐSTJÓRAR DV Meiðyrðamál var höfðað á hendur DV vegna umfjöllunar blaðsins um málefni Sigurplasts ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Þjóðarpúls Gallup: Gæslan nýtur mikils trausts

SKOÐANAKÖNNUN Landhelgisgæslan nýtur trausts 89,8 prósent landsmanna samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Í ár tóku 97 prósent afstöðu í könnuninni og dreifist traustið nokkuð jafnt á milli kynja og aldurs aðspurðra.

Virðist traust landsmanna til Landhelgisgæslunnar hafa aukist lítils háttar milli ára því fyrir ári kannaði Gallup traust landsmanna á Landhelgisgæslunni og mældist traustið þá 88,5 prósent.

- shá

MOTTU MARS
Gegn krabbameini í kólum

„Taktu þátt í Mottumars. Þitt framlag skiptir máli.“

Safnaðu mottu og áheitum á www.mottumars.is

Arion banki | Vodafone | WOW



MÓTMÆLI Í MOSKVA Þúsundir manna komu saman í höfuðborg Rússlands í gær til að mótmæla Vladímír Pútín og kosningaúrslitunum. NORDICPHOTOS/AFF

Fjöldi manns í mótmælum

Alvarlegir ágallar á framkvæmd forsetakosninganna í Rússlandi færa andstæðingum Vladímírs Pútín vopn í hendur. Opinber taling segir hann hafa fengið nærri 64 prósent atkvæða.

RÚSSLAND Mótmælendur fjölmenntu á Púskin-torgi í Moskva síðdegis í gær og kröfðust afsagnar Vladímírs Pútín, daginn eftir að hann vann sigur í forsetakosningunum.

Mótmælendur sökuðu stjórnvöld um víðtækt kosningasvindl og vilja að efnt verði til nýrra kosninga hið fyrsta.

Um 12 þúsund lögreglumenn voru komnir á vettvang á undan mótmælendum, búnir undir átök ef til þeirra kæmi.

„Þeir óttast okkur,“ hrópaði einn mótmælenda. „Ef þetta voru frjálsar kosningar, hvers vegna hafa þeir þá fyllt borgina af hermonnum?“

Alvarlegir vankantar voru á framkvæmd forsetakosninganna í Rússlandi á sunnudag, samkvæmt yfirlýsingu alþjóðlegra kosningaefirtirlitsmanna.

Kosningaefirtirlit á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem segir að framkvæmd kosninganna hafi að vísu verið að mestu leyti í samræmi við reglur, en dæmi séu samt um að kjósendur hafi greitt atkvæði oftar en einu sinni, greitt atkvæði fyrir aðra eða greitt atkvæði saman í hópum. Jafnvel sáust dæmi þess að kjós-

endum hafi verið ekið á milli kjórstaða í hópum til að greiða atkvæði á mörgum stöðum.

Auk þess var talingu atkvæða ábótavant að einhverju leyti á nærri þriðjungi þeirra kjórstaða sem fylgst var með.

Samkvæmt opinberri talingu fékk Pútín nærri 64 prósent atkvæða. Golog, sem er óháð rússnesk kosningaefirtirlitsstofnun, fullyrðir að raunveruleg úrslit hafi verið mun óhagstæðari fyrir Pútín: Hann hafi ekki fengið nema rétt rúmlega 50 prósent, sem reyndar hefði rétt dugað honum til að sleppa við seinni umferð kosninganna, þar sem hann hefði keppt við þann framþjóðanda sem næstflest atkvæði hefði fengið.

Eftirlitsmennirnir frá ÖSE segja að það hafi samt ekki bara verið framkvæmdin á kjördag, sem var meingölluð, heldur hafi aðdragandi kosninganna verið öðrum framþjóðendum en Pútín í óhag: „Það var aldrei nein alvöru samkeppni, og misnotkun opinberra stofnana tryggði að aldrei lék vafi á því hver yrði á endanum sigurvegari kosninganna,“ sagði Tonino Picula, yfirmaður kosningaefirtirlitsnefndar ÖSE.

gudsteinn@frettabladid.is

frá kr. 79.900

Páskaferð til **Benidorm**

13 náttu ferð – 28. mars - 10. apríl

Heimsferðir bjóða páskaferð til Benidorm í 13 nætur. Takið forskot á sumarið og njótið páskaferða í veðurblíðunni á Benidorm.

Flamingo Playa – kr. 79.900 í 13 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 104.600 á mann.

Levante Club – kr. 136.300 með hálfu fæði í 13 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 148.100 á mann.

Mediterraneo – kr. 138.600 með allt innifalið í 13 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 149.900 á mann.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fex 595 1001 Akureyrni sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



Pakkinn minn



Monsterpump:

1-2 skeiðar fyrir æfingu sparka mér vel í gang og gefa mér úthald og styrk til að halda út langar og erfiðar æfingar.



Cell-Tech:

Þegar kemur að kreatíni er Cell-Tech konungurinn. Það er ekkert sem gefur mér meiri styrk og hraðari vöðvaaukningu.



Nectar Mýsuprótein:

Þetta mýsuprótein fær 10 í einkunn fyrir gæði og bragðið er það besta sem ég hef prófað. Svo er það líka kolvetnalaust og fitulaust sem er alveg nauðsynlegt þegar ég er að skera niður fyrir mót.



Hydroxycut Hardcore:

Hydroxycut gerir fitubrennslna svo margfalt hraðari og svo finnst mér líka frábært hvað það minnkar matarlystina þegar ég er að skera niður í mataræðinu.



Glutamine:

1 teskeið tvisvar á dag lætur mig jafna mig miklu hraðar á milli æfinga ásamt því að halda í vöðvamassann þegar ég er að tálga af mér fituna. Mæli með því fyrir alla íþróttamenn



Helgi Bjarnason
Evrópeumeistari og atvinnumaður í Fitness



FAXAFEN 8 · SÍMI 544-5555
fitnesssport.is · fitnesssport@fitnesssport.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Forsetinn talar áfram í gátum:

Óvissuþátturinn Ólafur Ragnar

Forseta Íslands má gagnrýna fyrir margt, en ekki er hægt að segja að hann geti ekki verið skemmtilegur. Það er að minnsta kosti alveg drepfyndið að Ólafur Ragnar Grímsson segist tilneyddur að sitja í nokkur ár enn vegna óvissu um stjórnskipunina og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það blasir nefnilega við hverjum sem er að Ólafur Ragnar er sjálfur óvissuþáttur í stjórnskipuninni og samskiptum Íslands við umheiminn. Enginn veit hverju hann kann að taka upp á – og það hefur ekki breytt eftir síðustu yfirlýsingar.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það er ekki nýtt að forsetinn tali í gátum eða kveði ekki nógu skýrt að orði. Öllum er í fersku minni leikritið langdregna sem hófst á nýársdag og lauk ekki fyrr en á sunnudaginn. Forsetanum hefði verið í lófa lagið að eyða óvissu um áform sín með einni líttli yfirlýsingu, þegar menn fóru að velja fyrir sér hvort hann ætlaði kannski ekkert að hætta. En Ólafur kaus að tala ekki skýrt.

Nú þegar hann hefur kveðið upp úr um að hann sé í framboði, er engu að síður töluverð óvissa um hvað hann ætlast fyrir. Hann vísar til „vaxandi óvissu varðandi stjórnskipun landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá, umróts á vettvangi þjóðmála og flokkakerfis sem og átaka um fullveldi Íslands“. Þarna á forsetinn væntanlega meðal annars við að drög að frumvarpi til breyttrar stjórnarskrár eru til umfjöllunar og að Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. En hvernig hyggst hann beita sér í þessum málum?

Um það er deilt hvort ESB-aðild myndi fylgja meira eða minna fullveldi, í þeim skilningi að þjóðin hafi raunveruleg áhrif á eigin mál. En vandséð er hvernig forsetinn ætlar að passa fullveldið fyrir okkur. Í Fréttablaðinu í gær segir Ólafur að forsetaembættið sé „umfram önnur embætti í landinu helgað fullveldisstöðu Íslendinga“. Þetta er enn ein privatútlekking forsetans á stjórnskipuninni, sem á sér enga stoð í stjórnarskránni eða sögunni, enda forsetaembættið ekki stofnað fyrr en 26 árum eftir að Ísland varð fullvalda ríki.

Full pólitísk samstaða ríkir um að þegar aðildarsamningur við Evrópusambandið liggur fyrir, taki þjóðin afstöðu til þess í atkvæðagreiðslu hvort hann er nógu góður eða ekki – og þá meðal annars hvort fullveldi Íslands sé nægilega borgið. Þarf forsetinn þá að leika eitthvert hlutverk? Ætlar hann að blanda sér í aðildarviðræðurnar?

Í fréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld sagðist forsetinn reiðubúinn að taka „sjálfstæða ákvörðun jafnvel þó hún gangi gegn hagsmunum ríkisstjórnarflokka eða meirihluta Alþingis ef það er í þágu þjóðarinnar“. Þýðir þetta til dæmis, í samhengi við tal Ólafs Ragnars um óvissu um stöðu forsetans, að hann væri reiðubúinn að synja stjórnarskrá sem drægi úr hans eigin völdum staðfestingar?

Eins og stundum áður þarf forsetinn að skýra mál sitt og klára hálfkveðnu vísurnar, þannig að þjóðin viti hvaða pólitík er í boði af hans hálfu, nái hann kjöri. Að sama skapi hlýtur að vera vaxandi eftirspurn eftir forsetaframbjóðanda sem talar skýrt og gæti orðið forseti sem þjóðin vissi hvar hún hefur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



Kate Winslet í glænýrri þáttaröð

MILDRED
PIERCE

Hefst á miðvikudag á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) atlifannar@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjornarfulltrúi, sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SERBLÖB: Róald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍPÖTTIR: Sigurður Elvar Þórólsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibjörgsdóttir kolbrun@frettabladid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Illskiljanlegt

Í fyrsta sinn í Íslandssögunni er réttað yfir fyrrverandi ráðherra vegna embættisfærslu hans. Fólk hefur vitaskuld áhuga á réttarhöldunum og því sem þar kemur fram enda varðar það, eðli málsins samkvæmt, þjóðarhag. Þrátt fyrir þetta ákveður forseti Landsdóms að verða ekki við þeirri beiðni fjölmiðla að fá að sýna beint frá vitnaleiðslunum. Samt er heimild fyrir því í lögum og málsaðilar ekki á móti því. Þetta er torskilin ákvörðun hjá þeim reynda dómara Markúsi Sigurbjörnssyni. Og líklega ekki tekin með hagsmuni annarra en starfsmanna réttarins í huga.



Of fljótir með fréttina

Það er sitthvað, lögreglurannsókn og lögregluskoðun. Þetta var staðfest með dómi í gær. Þá voru Reynir Traustason og aðrir yfirmenn DV fundnir sekir um meiðryði með því að segja að maður sætti lögreglurannsókn. Af hverju? Jú, af því að hin óhjákvæmilega rannsókn, sem nú er í fullum gangi, var ekki hafin formlega – lögreglan var enn að „skoða“ málið. Þetta er líklega í fyrsta sinn sem fréttamenn eru dæmdir fyrir að skubba of snemma.

Forðast Framsókn

Eitt af því sem hingað til hefur mátt ganga út frá sem gefnu í lífinu er að háskólanemar eru tilbúnir að leggja nánast hvað sem er á sig til að þurfa ekki að borga fyrir bjórdrýkkju. Svokallaðar vísindaferðir til stofnana og fyrirtækja hafa þess vegna verið með vinsælustu dagskrárliðum háskólastarfsins. Fyrir helgi kom þó í ljós að stúdentar láta ekki bjóða sér hvað sem er, þegar félag viðskiptafræðinema við Háskólann í Reykjavík þurfti að fella niður slíka ferð. Hana átti að fara til Framsóknarflokksins.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



40/60?

Samfélagsmál



Ingólfur V. Gíslason

dósent við Háskóla Íslands

Í umræðum vegna frumvarps til breytinga á barnalögum hefur verið vísað til niðurstaðna rannsóknar sem ég birti árið 2004. Stundum hefur gætt þar misskilnings eða rangtúlkunar og því vil ég koma nokkrum atriðum á framfæri. Í rannsókninni las ég alla dóma í forsjárdeilum sem féllu í héraðsdómum á Íslandi á tímabilinu 1995 til 2001. Alls voru þetta 90 dómur sem samsvarar u.þ.b. 1,5% skilnaða á sama tímabili þar sem þurfti að ákveða forsjá barna.

Tilgangur rannsóknarinnar var annars vegar að sjá skiptingu forsjár milli foreldra og hins vegar að greina þær ástæður sem dómstólar leggja til grundvallar þegar ákveðið er hvort forsjá barns skuli vera hjá föður eða móður. Niðurstöður voru þær að faðir fékk forsjá í 40% tilfella en móðir í 60% tilfella. Dómstólar lögðu helst til grundvallar hvoru foreldrinu barnið teldist vera nánara og hvor niðurstaðan hefði í för með sér minna rask á höfum barnsins.

Það er hins vegar alls ekki unnt að draga þá niðurstöðu af þessu að ef öll forsjármál færu fyrir dómstóla þá yrði skiptingin 40/60. Þeir foreldrar sem

voru með forsjármálin fyrir dómstólum á þessum árum voru um margt sérstakur hópur og m.a. er ljóst að í óvanalega mörgum tilfellum hafði faðir verið megin umönnunaraðili barns. Líklegt er að sé slík staða ekki fyrir hendi sé vonlítið fyrir föður að reyna að sækja forsjá barns síns til dómstóla þó hann sé vel hæfur umhyggjuaðili.

Umræðurnar að undanförunu hafa aðallega snúist um hvort dómara eigi að hafa möguleika til að dæma til sameiginlegrar forsjár þrátt fyrir andstöðu annars foreldris. Í einum af þeim dómum sem ég las óskar foreldri eftir því að forsjá, sem áður var sameiginleg, verði hér eftir einvörðungu hjá sér. Rökstuðningurinn var að hitt fyrirkomulagið „henti ekki lengur“. Þegar dómara eru þvingaðir til að velja milli foreldra þarf rökstuðningur ekki að vera merkilegri til að barn sé svipt forsjá annars foreldris. „Af því bara“ dugar sem röksemd. Líklegt er að rökstuðningur forsjársviptingar þurfi að vera töluvert vandari ef dómara hafa heimild til að dæma til sameiginlegrar forsjár sé það talið barninu fyrir bestu.

Um fordæmisgildi hæstaréttardóma

HUGLEIÐINGAR
UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor við lagadeild HÍ



Að undanförunu hefur talsvert verið rætt um fordæmisgildi dóma, einkum í tengslum við ýmis mál sem varða fjárhagslegt uppgjör vegna bankahrunsins og dæmd hafa verið í Hæstarétti. Er því tilefni til að fara nokkrum almennum orðum um hvernig fordæmisgildi dóma er metið. Þess skal getið að í eftirfarandi umfjöllun er fyrst og fremst horft til hæstaréttardóma í einkamálum.

Hvað er fordæmi?

Að lögum bindur dómur Hæstaréttar aðeins þá sem eru aðilar að því máli sem dæmt er. Dómur hefur því ekki svokölluð „réttaráhrif“ gagnvart öðrum enda fara dómstólar ekki með löggjafarvald. Þeir hafa aðeins vald til að leysa úr fyrirbyggjandi réttarágreiningu en setja ekki almennar lagareglur. Hvað sem þessu líður er almennt viðurkennt að dómur Hæstaréttar geti haft verulega þýðingu þegar reynir á samsvarandi álitaefni í öðrum málum. Hafa sumir fræðimenn talið með sannfærandi rökum að fordæmi séu í reynd lagalega bindandi en aðrir gengið skemur í þeim efnum. Bindandi gildi fordæma hefur meðal annars verið rökstutt með því að Hæstiréttur verði að gæta samræmis og jafnræðis í réttarframkvæmd eins og aðrir handhafar ríkisvalds. Fordæmisgildi hæstaréttardóma er breytilegt og háð tilteknu mati hverju sinni. Verður að horfa til ýmissa atriða þegar það er metið, eins og nú verður útskýrt.

Sakarefni, kröfugerð, málsástæður

Þegar fordæmisgildi hæstaréttardóms er metið við úrlausn síðara máls verður í fyrsta lagi að greina hvert hafi verið hið svokallaða „sakarefni“ í því máli sem dæmt var. Er þá átt við það málefni eða efnisatriði sem dómsmál fjallar um. Ljóst er að sakarefni getur haft verulega almenna skírskotun og kann það að auka á mögulegt fordæmisgildi dóms. Í annan stað skiptir máli að skoða hvers var krafist í

málinu og hvernig það var gert, þ.e. hvernig „kröfugerð“ aðila var háttáð. Loks hefur þýðingu að afmarka þær „málsástæður“ sem aðilar settu fram til stuðnings máli sínu. Er þá átt við staðhæfingar málsaðila um málsatvik sem hann telur að leiði til þess að krafa hans skuli tekin til greina að lögum. Þessi atriði geta haft veruleg áhrif á það hve langt fordæmi hæstaréttardóms verður talið ná. Ekki er t.d. sjálfgefið í einkamáli að dómur verði talinn hafa fordæmisgildi í öðru og síðara máli þar sem aðili máls teflir fram öðrum málsástæðum en gert var í upphaflega málinu.

Ákvörðunarástæður dóms og framsetning forsendna

Forsendur dóma geta haft mismikla þýðingu þegar fordæmisgildið er metið. Mestu máli skipta þær forsendur sem teljast til „ákvörðunarástæðna“ dóms en það eru þau lagalegu rök sem nauðsynleg eru til að leysa úr sakarefninu. Almennar athugasemdir dómara, sem ekki eru nauðsynlegar fyrir sakarefnið,

dómurum en fimm í tilteknu máli þá verður að öllu jöfnu að ganga út frá því að niðurstaðan geti haft verulegt fordæmisgildi í sambærilegum málum. Klofni Hæstiréttur í afstöðu sinni kann það að draga úr fordæmisgildi dóms og þá sérstaklega þegar þrír dómara standa að meirihlutaáliti gegn tveimur í fimm manna dómi eða fjórir gegn þremur þegar dómurinn er skipaður sjö dómurum. Klofni dómur hefur þó ekki sjálfkrafa þessi áhrif. Meirihlutaatkvæði kann að vera talið vel rökstutt eða að öðru leyti liggja fyrir að samhljómur sé með dómurum í meiri- og minnihluta um þau lagalegu rök sem teljast til ákvörðunarástæðna. Ágreiningur hafi aðeins beinst að því hvernig meta bæri sönnunatriði eða atvik máls að öðru leyti.

Eru forsendur dóma vel rökstuddar?

Við mat á fordæmisgildi dóma verður sérstaklega horft til þess hvort þau lagalegu rök sem sett eru fram í forsendunum séu almennt talin sannfærandi í ljósi viðurkenndra viðhorfa í

Almennt verður að ganga út frá því að Hæstiréttur muni fylgja fordæmum sínum í síðari málum. Er því mikilvægt að fordæmisgildi hæstaréttardóma sé metið heildstætt og byggt á rökstuddri skoðun á þeim sjónarmiðum sem þar skipta mestu máli.

hafa aftur á móti ekki fordæmisgildi. Mörkin þarna á milli geta hins vegar verið óljós.

Forsendur dóma geta veitt ákveðnar vísbendingar um hve langt fordæmisgildi þeirra nær. Ef dómari orðar niðurstöðu sína með atviksbundnum hætti, s.s. með orðalaginu „eins og hér stendur á“, „að virtum atvikum málsins“, o.s.frv., kann það að benda til þess að fordæmisgildi dómsins kunnir að vera takmarkaðra en ella.

Fjöldi dómara

Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrír eða fimm hæstaréttardómarar hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómnum. Dómstólalög gera þó ráð fyrir því að í „sérlega mikilvægum málum“ geti forseti ákveðið að fleiri en fimm dómara skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu. Af þessu leiðir að sé Hæstiréttur skipaður fleiri

lögfræðinni. Það er hins vegar svo að dómafordæmi standast mismunandi vel tímans tönn. Sumir dómur eru þegar í upphafi taldir lögfræðilega veikburða þegar grannur er skoðað, á meðan aðrir eru talda varpa sannfærandi ljósi á lögin. Sem dæmi um hið síðarnefnda má ef til vill nefna upphaflegan gengisdóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010.

Heildstætt mat við túlkun fordæma

Almennt verður að ganga út frá því að Hæstiréttur muni fylgja fordæmum sínum í síðari málum. Er því mikilvægt að fordæmisgildi hæstaréttardóma sé metið heildstætt og byggt á rökstuddri skoðun á þeim sjónarmiðum sem þar skipta mestu máli. Hér að framan hefur til fróðleiks verið leitast við að gera grein fyrir þeim helstu sem til skoðunar koma við það mat.

Aðalfundur Landsbankans fyrir árið 2011

Aðalfundur Landsbankans verður

haldinn miðvikudaginn 28. mars kl. 16:00

í Silfurbergi í Hörpu. Á dagskrá fundarins

eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Dagskrá

- » Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
- » Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- » Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
- » Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
- » Tillögur til breytinga á samþykktum (engar tillögur hafa borist).
- » Kosning bankaráðs.
- » Kosning endurskoðanda.
- » Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
- » Önnur mál.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



FJÖLVARP

Discovery CHANNEL

Alla virka daga kl. 18.00

Discovery Channel er fáanlegi FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

Mundu eftir að kjósa!

Kosning til stjórnar VR stendur til kl. 12 á hádegi þann 9. mars nk. Nánar á heimasíðunni www.vr.is.



Virðing Réttlæti



Framtíðarnýting orkuauðlinda á Íslandi

Orkumál

Jóhanna Harpa Árnadóttir
verkfræðingur



Fyrir Alþingi liggur til afgreiðslu Orkustefna fyrir Ísland en slík stefnumótun og eftirfylgni með henni getur ráðið miklu um lífskjör á Íslandi í framtíðinni. Fleiri mikilvæg mál biða. Fyrirhugað er að leggja fram þingsályktun um rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða á yfirstandandi þingi, með áherslu á vatnsafl og jarðhitasæði, en unnið hefur verið að áætluninni síðan árið 1999. Ef um þessi tvö mikilvægu mál næst samstaða verður komin stefnumarkandi ákvörðun sem snertir alla þjóðina og hefur afgerandi áhrif á þjóðarhag.

Það má því segja að við stöndum á krossgötum. Nauðsynlegt er að átta sig á hvert leiðin liggur og ná sátt um hvert skal haldið. Ljóst er að sú tíð er liðin að ráðist verði í framkvæmdir við stórvirkjun orkugeta í vatnsafl og jarðvarma verið 12-16 Twh/a skv. niðurstöðum rammaáætlunar. Flestir geta verið sammála um að æskilegt sé að fá fjölbreyttari hóp orkuauðlinda um leið og þeim er fjölgað. En hverjir eru þessir væntanlegu orkuauðlindir og hvaða atvinnutækifæri munu þeir skapa? Verða þeir jafnvel á meginlandi Evrópu og orkan seld um sæstreng?

Þrátt fyrir að yfir 80% af frumorkupörf Íslendinga komi frá

endurnýjanlegum orkugjöfum eru 20% þess sem við notum jarðefnaeldsneyti. Í dag er það dýr orkugjafi og allar líkur á að hann verði það áfram á komandi árum og áratugum. Innflutningur þess er kostnaðarsamur og þar að auki eru áhrif á umhverfi tengd jarðefnaeldsneyti neikvæð. Það þarf því að leita leiða til að lækka þetta hlutfall enn frekar og þá með því að innleiða endurnýjanlega orkugjafa í samgöngur til sjós og lands. Nú þegar gerum við slíkt með góðum árangri. Með því að nýta heitt vatn til upphitunar á húsum sparast um 80 milljarðar króna á ári hérlendis miðað við ef innflutt jarðefnaeldsneyti væri notað til húshitunar.

Verkfræðingar hafa í meira en 100 ár tengst orkuuppbyggingu hér á landi s.s. hitaveitum, rafveitum og orkuvinnslu. Á aðalfundi Verkfræðingafélags Íslands árið 2011 voru samþykktar endurskoðaðar siðareglur. Þar er árétt að verkfræðingar eru meðvitaðir um áhrif verka sinna á samfélag, umhverfi og náttúru. Felur það m.a. í sér að verkfræðingar taka virkan þátt í upplýstri opinberri umræðu um samfélagsleg málefni þegar hún beinist að fagsviði starfsins. Það er því á ábyrgð félagsins að skapa vettvang þar sem rætt verði um framtíðarnýtingu orkuauðlinda landsins á faglegum grundvelli og með sjálfbærni að leiðarljósi en þannig er verið að tryggja efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega hagsmuni komandi kynslóða. Það þarf að horfa til framtíðar og svara spurningum eins og hversu hratt á að nýta auðlindirnar og hversu mikið? Hvaða notkun á orkunni er eftirsóknarverð og hver eru áhrif þess á samfélagið?

Með því að leitast við að svara þessum spurningum eflum við samræðu sem nauðsynleg er að fari fram og komum á framfæri fleiri sjónarhornum.

Framan af 20. öldinni þurftu íslenskir verkfræðingar að sækja menntun sína til útlanda. Fyrstu verkfræðingarnir komu heim með menntun sem þeir náðu að aðlaga og nýta við mjög svo erfiðar aðstæður. Með tilkomu verkfræðináms við Háskóla Íslands árið 1940, og síðar við Háskólann í Reykjavík, hafa möguleikar til náms í verkfræði aukist til muna. Þessi þróun hefur m.a. stuðlað að því að verkfræðingar hafa getað sinnt æ stærri og flóknari verkefnum til góðs fyrir almannaheill. Ekki þarf lengur að styðjast við þekkingu erlendra verkfræðinga en það er ekki lengra síðan en við hönnun Búrfellsvirkjunar, á sjöunda áratug síðustu aldar, að leita þurfti út fyrir landsteinana eftir nauðsynlegri verkfræðipækkingu. Sú verkfræðilega þekking og kunnátta sem hefur orðið til í landinu á sl. áratugum hefur orðið til þess að ekki hefur orðið meiriháttar atvinnuleysi í faginu nú eftir hrun. Verkfræðifyrirtækin hafa getað selt þjónustu sína, og tekið að sér verkefni erlendis, í samkeppni við erlenda aðila.

Segja má að sem þjóð höfum við náð verkfræðilegu sjálfstæði en öflug verkfræði og tæknimenntun eru forsenda þess að tæknivædd þekkingarfyrirtæki geti fæðst, vaxið og dafnað í landinu. Það er því mikilvægt að við ræðum það hvernig auðlindir landsins eru og verði nýttar til áframhaldandi uppbyggingar íslensks samfélags og tæknipækkingar.

Dæmi um áætlaða tryggingavernd og séreignarsparnað

Mánaðarlaun	400.000 kr. mánaðarlaun yfir starfsævina.
Starfsaldur	42 ár, frá 25 til 67 ára aldurs.
Lífeyrisaldur	Ævilangur lífeyrir frá 67 ára aldri.
Örorka	100 % öryrki frá 35 ára aldri.
Barnalífeyrir	Tvö börn 2 og 5 ára, lífeyrir greiddur til 20 ára aldurs hvors barns.
Séreignarsparnaður	2% framlag auk 2% mótframlags vinnuveitanda, úttektartími 14 ár frá 67 ára aldri
Annað	Miðað er við að sjóðfélagi hafi öðlast rétt til framreiknings, þ.e. greitt til lífeyrissjóðsins í 3 ár eða lengur, sjá nánar í samþykktum sjóðsins. Í dæminu er miðað við 3,5% ávöxtun.

Ævilangur lífeyrir	Örorkulífeyrir 1)	Makalífeyrir 2)	Barnalífeyrir 3)	Séreignarsparnaður 4)
255.000	228.000	137.000	34.000	130.000

- 1) Örorkulífeyrir er greiddur til 67 ára aldurs og ævilangur ellilífeyrir eftir það. Fjárhæð örorku- og ellilífeyris er framreiknuð eins og sjóðfélagi hefði greitt iðgjöld til sjóðsins til 65 ára aldurs.
- 2) Við fráfall sjóðfélaga nýtur maki ávallt makalífeyris í a.m.k. þrjú ár. Ef um börn er að ræða er makalífeyrir greiddur til 23ja ára aldurs yngsta barns. Heildargreiðsla makalífeyris hjá sjóðnum nemur þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur verðbættum inngreiddum iðgjöldum hins látna.
- 3) Barnalífeyrir er greiddur til 20 ára aldurs barns og að auki ef sjóðfélagi er öryrki
- 4) Með 2% framlagi launþega er reiknað með 2% mótframlagi launagreiðanda. Mánaðarlegar greiðslur til sjóðfélaga frá 67 til 80 ára aldurs.

Mikil og verðmæt réttindi

Lífeyrissjóðir

Guðmundur Þ. Þórhallsson

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



tryggingaréttinda og hins vegar 1.000 kr. sem innlegg á bankareikning eða til kaupa á verðbréfum.

Réttindi sem munar um

Í meðfylgjandi töflu má sjá dæmi um áætlaða tryggingavernd og séreignarsparnað sjóðfélaga miðað við gildandi samþykktir sjóðsins:

Eins og fram kemur í ofangreindum útreikningum nýtur sjóðfélagi ríkulegs lífeyris auk tryggingaréttinda. Þannig nemur ævilangur lífeyrir auk séreignarsparnaðar um 385.000 kr. á mánuði árin 67 til 80 ára eða allt að þeim meðallaunum sem sjóðfélaginn aflaði sér og frá 80 ára aldri til æviloka um 64% af launum. Það er m.a. tilgangurinn með samspili séreignar og samtryggingar að sjóðfélagi geti haft áhrif á lífeyristekjur sínar.

Sé horft til tryggingaverndarinnar, þ.e. örorkulífeyrisins, verði sjóðfélaginn fyrir skertri starfsorku, maka- og barnalífeyris vegna fráfalls sjóðfélaga má reikna þau réttindi til fjárhæða, þ.e. heildargreiðslur á meðan sjóðfélagi nýtur tryggingaverndarinnar. Í ofangreindu dæmi er um að ræða eftirtaldir fjárhæðir:

Makalífeyrir	24.383.617 kr.
Barnalífeyrir	4.999.297 kr.
Örorkulífeyrir	57.254.358 kr.

Þannig nýtur sjóðfélaginn verulegra tryggingaréttinda.

Þetta eru núvirtar tölur, þ.e. þær sýna hvaða fjárhæð þyrfti að leggja til hliðar svo hún stæði undir hinni mánaðarlegu greiðslu maka- og barnalífeyris. Miðað er við 3,5% árs ávöxtun.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, eins og aðrir lífeyrissjóðir, er því ekki eingöngu að tryggja sjóðfélögum ævilangan lífeyri heldur einnig mökum þeirra og börnum víðtæka tryggingavernd.

Sjóðfélagi í samtryggingarlífeyrissjóði ávinnur sér víðtæk og verðmæt réttindi. Þessi réttindi, metin til fjár, geta verið miklum mun verðmætari en iðgjöldin sem sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins, gagnstætt því sem stundum er haldið fram.

Mikil umræða hefur að undanförunni staðið um íslenska lífeyrissjóðakerfið hlutverk þess og tilgang. Þar hefur margt sérkennilegt komið fram, sumt jafnvel villandi eða beinlínis rangt. Því tel ég rétt að gera grein fyrir þeim réttindum og ávinningi sem sjóðfélagar ná að byggja upp með greiðslum í lífeyrissjóð.

Með iðgjaldgreiðslum er sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna að tryggja sér víðtæka tryggingavernd, sem nær ekki einungis til sjóðfélagsins heldur auk þess til maka og barna. Uppbygging lífeyrisréttinda sjóðfélaga er því ekki samanburðarhæft við sparnaðarform eins og innlegg á bankareikning eða kaup á verðbréfum til ávöxtunar.

Segja má að um 2/3 af iðgjaldi sjóðfélaga lífeyrissjóðsins fari til öflunar ævilangs ellilífeyris og að 1/3 sé ráðstafað til greiðslna tryggingaverndar í formi örorkulífeyris sem og maka- og barnalífeyris. Á liðnu ári greiddi Lífeyrissjóður verzlunarmanna 4,4 milljarða í ellilífeyri og 2,3 milljarða í örorku-, maka- og barnalífeyri, eða samtals 6,7 milljarða króna. Því er ekki samanburðarhæft að bera saman annars vegar 1.000 kr. sem fara til lífeyrissjóðs í formi iðgjalds til öflunar ævilangs lífeyris auk víðtækra

AF NETINU

Stéttarvitund forstjóra

Engir eru jafn stéttvísir og forstjórar stórfyrirtækja. Stéttarvitund þeirra birtist í mjög sterkri tilheingingu þeirra til að hækka laun sín og þeirra sem eru í kringum þá.

Forstjórar sitja gjarnan í stjórnnum annarra – og eru þá látnir samþykkja laun annarra forstjóra. Sem síðan samþykkja launin þeirra. Með þessum hætti getur verið ótrúlegur stígandi í forstjóraalunum á stuttum tíma.

Nú sjáum við að vöxtur er aftur hlaupinn í forstjóraalun á Íslandi – langt umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Þarna sjá forstjórar um sig og sína – en að auki er þetta til marks um ein-kennilega efnahagsbóluna sem er að verða til í landinu mitt inni í höftunum.

<http://silfuregils.eyjan.is>

Egill Helgason

Menntadagur iðnaðarins 2012

- markviss menntastefna forsenda öflugs atvinnulífs -

Á Menntadegi iðnaðarins verður sjónum beint að stöðu menntamála út frá aukinni þörf fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólks.

Háskólinn í Reykjavík, salur M101, 9. mars kl. 13.00 - 16.00

Dagskrá

- 13:00 Setning Menntadags iðnaðarins og Íslandsmóts iðn- og verkgreina**
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
- 13:20 Hvaða breytingar þarf að gera á íslenska menntakerfinu?**
Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors og varaformaður SI
- 13:35 Nýjar leiðir – forritunarkennsla og spjaldtölvuvæðing**
Rakel Sölvadóttir, verkefnisstjóri hjá Hjallastefnunni og framkvæmdastjóri Skema ehf.
- 13:50 Verk- og tæknimenntaskólar – skipulag verk- og tæknináms**
Jón B. Stefánsson, skólameistari Tækniskólans
- 14:05 Vinnuumhverfi iðnaðarmanna – könnun gerð fyrir IÐUNA**
Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu
- 14:40 Kaffihlé**
- 14:55 Vinnustaðanám út frá sjónarhóli atvinnurekenda**
Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi
Torfi Pálsson, starfsmannastjóri Ístaks
Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri Kjarnafæðis
- 15:25 Starfsmenntun – hvert skal stefna?**
Elín Thorarensen verkefnisstjóri og sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- 15:45 Verkefni framundan - næstu skref**
- 16:00 Fundarlok**

Fundarstjóri: Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

Skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins - www.si.is



Nýtt tákni um gæði

Þetta er blómlegasta verðið á markaðinum. Settu gamla bílinn uppí nýja Fiesta á hagstæðu verði í dag.

Páskabíllinn er kominn - Ford Fiesta frá aðeins kr. 2.290.000

Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.



Lítið er fallegt

Ford Fiesta Trend

Páskaverð frá: 2.290.000 kr.
Þetta er blómlegasta verðið á markaðinum í dag!
Fáðu nánari upplýsingar á ford.is eða hjá ráðgjöfum.


Spyrðu um fram-
lengda verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár.

Settu gamla bílinn uppí Fiesta
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja.

Komdu í Brimborg í dag
Opið 9 til 17.

Kauptu Fiesta,
beinskiptan, sjálfskiptan,
bensin eða dísil.


Þetta er
gleðilegasta verðið
á markaðinum.



Opið í dag
Komdu og skoðu Fiesta
á milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 6.

Settu gamla bílinn uppí Fiesta
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja





SHAQUILLE O'NEAL, fyrrum körfuboltakappi, er fertugur í dag. „Ég er orðinn hundleiður á að heyra um peninga, peninga og aftur peninga. Ég vil bara spila körfubolta, drekka Pepsi og klæðast fatnaði frá Reebok.“

Merkisatburðir

- 1853** Óperan La Traviata eftir Giuseppe Verdi er frumsýnd í Vínarborg.
- 1920** Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis er stofnað, skammtafað KRON.
- 1930** Fryst matvæli eru seld í fyrsta skipti í Bandaríkjunum.
- 1969** Sex menn farast þegar sprenging verður um borð í togaranum Hallveigu Fróðadóttur á Faxaflóa.
- 1979** Tveir ungir menn farast í snjóflóði á Pverdalshorni í Esi-unn.
- 1992** Tölvuvírusinn Michelangelo hóf að smitast milli tölva.
- 1994** Moldóvar höfnuðu sameiningu við Rúmeníu í Þjóðaratkvæðagreiðslu.
- 1998** Í Mývatnssveit mælist 34,7 gráðu frost á Celsíus sem er hið mesta á landinu í 80 ár.
- 2010** Fyrsta Þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi frá stofnun lýðveldis fór fram. Koskið var um svonefnd Icesave-lög.

ÞETTA GERÐIST: 6. MARS 1902

Real Madrid er stofnað

Knattspyrnufélagið Real Madrid var stofnað á þessum degi árið 1902 og fagnar því 110 ára afmæli sínu í dag. Félagið er eitt það stærsta og ríkasta af sinni tegund í heiminum og alhvítur búningur þess ein af helstu táknmyndum knattspyrnunnar.

Félagið hét upphaflega Madrid Football Club og komst undir stjórn Alfons þrettánda Spánar-konungs árið 1920, en Real merkir konunglegt á spænsku. Á sjötta áratug síðustu aldar varð liðið stórveldi í heimalandinu og í Evrópukeppnum.

Liðið er eitt þriggja sem aldrei hefur fallið niður um deild á Spáni. Það hefur unnið spænsku deildina oftast allra félaga, eða 31 sinni, og Meistaradeild Evrópu níu sinnum, einnig oftast allra. Með því hafa leikið margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar eins og Alfredo di Stefano, Ferenc Puskas, Hugo Sanchez, Michael Laudrup, Raul Gonzales, Zinedine Zidane, Luis Figo, Cristiano Ronaldo og margir fleiri. Heimavöllur liðsins frá 1947, Santiago Bernabéu, tekur rúmlega 85.000 í sæti.



Ástkær bróðir okkar,

Bjarnhéðinn Guðjónsson

vélvirkjameistari,
Prúðvangi 38, Hellu,

er látinn. Útför hans fer fram frá Oddakirkju laugardaginn 10. mars kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Guðjónsdóttir
Pálmar Guðjónsson



Ástkær sonur minn, faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

Einar Guðmundsson

kennari,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 3. mars.

Sigrún Magnúsdóttir

Lúðvík Sveinn Einarsson

Guðmundur Ragnar Einarsson

Sigurlíði Guðmundsson

Katrín Guðmundsdóttir

Anna Þórdís Guðmundsdóttir

og barnabörn.

Sólrun Sæmundsen

Ríkey Guðmundsdóttir

Jón Steinar Guðjónsson



Okkar yndislegi faðir, sonur,
bróðir, mágur og ástkær vinur,

Gunnar Björn Björnsson

Hlíðarvegi 52, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 3. mars í faðmi fjölskyldunnar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. mars kl. 15.00.

Sveinbjörn Valur Gunnarsson

Elís Már Gunnarsson

Heiður Gunnarsdóttir

Björn Árnason

Árni Björn Björnsson

Hrafnhildur Björnsdóttir

Marína S. Ottósdóttir

Tinna Sveinsdóttir og Guðný Hermannsdóttir

Hermann Nökkvi Gunnarsson

Magnús Guðmundsson

Lilibeth S. Cipriano

Rannveig Björnsdóttir



Elskuleg eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

Sigríður Aðalbjörg

Jónsdóttir

fyrrum forstöðukona,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. mars kl. 13.00.

Kolbeinn Helgason

Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir

Kristín Kolbeinsdóttir

Kolbeinn Vormsson

Vormur Þórðarsson

Yngvild Svendsen

Sindre Einarsson

Freyr Einarsson



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Bentey Hallgrímsdóttir

frá Dynjanda í Jökulfjörðum,

lést 4. mars sl. á Hjúkrunarheimilinu Skjólí. Hún verður jarðsungen föstudaginn 9. mars kl. 15.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Hjúkrunarheimilisins Skjólís.

F.h. fjölskyldunnar,

Birgir Þórisson

Rósa Kristín Þórisdóttir

Smári Þórarinsson

Sigurjón Einarsson

Aldís Einarisdóttir



STYRKARSÝNING Unnur Ösp segir undirbúninginn fyrir hlutverk sitt í Eldhafi hafa tekið nokkuð á.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ELDHAF Í BORGARLEIKHÚSINU: SÉRSTÖK STYRKARSÝNING ANNAÐ KVÖLD

Styrkja samtökin UN Women

„Við viljum fyrir alla muni vekja athygli á þessum samtökum sem styrkja konur um allan heim og berjast fyrir réttindum þeirra á hverjum degi,“ segir leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir sem fer með eitt burðarhlutverkið í uppfærslu Borgarleikhússins á verkinu Eldhaf eftir líbanska höfundinn Wajdi Mouawad. Í til-efni Alþjóðlegs baráttudags kvenna á fimmtudag efnir Borgarleikhúsið til sérstakrar styrktarsýningar á Eldhafi annað kvöld, miðvikudaginn 7. mars, þar sem allur ágóði rennur til samtakanna UN Women á Íslandi.

UN Women starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og jafnréttis og veitir fjárhagslega og faglega aðstoð til að bæta stöðu kvenna í fátækustu löndum heims og á stríðs-

átakasvæðum. Einnig verður boðið upp á umræður að sýningu lokinni þar sem fulltrúar frá UN Women og aðstandendur sýningarinnar taka þátt.

Unnur Ösp er ekki alls ókunn starfsemi UN Women, en hún var samtökunum innan handar í Fiðrildavíku, söfnunarátaki sem fram fór í haust sem leið. „Þá var ég í miðjum undirbúningi fyrir Eldhaf, en efni sýningarinnar er nátengt starfssviði samtakanna. Því má segja að þær hafi náð mér á réttum tímapunkti og ég vil allt fyrir þær gera,“ segir Unnur Ösp, en í Eldhafi er rakin saga móður í stríðshrjáðu landi í Mið-Austurlöndum. Hún segir undirbúninginn fyrir verkið, sem hefur verið sýnt fyrir fullu húsi síðustu vikur, hafa reynt dálítið á. „Ég setti mig inn í málin og varð ansi meyr yfir ástandinu

hjá konunum hinum megin á hnettinum. Hryllingurinn í kringum stríð er svo mikill og lífið svo erfitt hjá þeim mörgum.“

Eldhaf er nú í sinni síðustu sýningarviku og segir leikkonan gaman að geta lokið sýningum á svo sterkum og góðum nótum, en uppfærslan mun hafa haft mikil áhrif á áhorfendur og hlotið einróma lof gagnrýnenda. „Sýningin hefur gengið framár öllum vonum,“ segir hún og bætir við aðspurð að hún telji allar líkur á því að hún komi til með að starfa frekar á sviði brýnna baráttumála á borð við þau sem UN Women einbeitir sér að í framtíðinni. „Baráttutugin er sterk í mér. Ég hugsa að það sé óumflýjanlegt að ég endi einhvers staðar í Afríku,“ segir Unnur Ösp og hlær.

kjartan@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Börn sem hrjóta eða eiga í öðrum öndunarerfiðleikum í svefni eru líklegri til að eiga við hegðunarfanda að stríða. Þetta er niðurstaða breskrar rannsóknar sem greint er frá á fréttavef BBC, www.bbc.uk/news/health.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Eirberg

Sundfatnaður
- ný sending komin

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Hópur ungra áhættuleikara vekur athygli fyrir glæfraleg brögð í nýrri íslenskrí stuttmynd:

Svolítið athyglissjúkir

Viðbrögðin eru frábær. Ég er ánægður með að fólk hafi svona mikinn áhuga á þessu og því sem við erum að gera," segir Pálmi Þór Karlsson, einn aðstandenda stuttmyndarinnar Leyndarmálið. Myndin fékk um það bil tíu þúsund áhorf á vefnum Youtube á aðeins einni viku þegar hún var frumsýnd á dögnum og hefur vakið mikla athygli fyrir glæfraleg áhættuatríði.

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MJÚKUR OG ÞÆGILEGUR

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Teg 198880 - létt fylltur í B, C skálum á kr. 4.600,
- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Vertu vinur

praxis

... þegar þú vilt þægindi

Boston leður svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47

Roma Rúskinn lj.blátt d.blátt 36-42

Monako leður svart, hvítt rúskinn og microfib. st. 36-46

Paris leður svart, hvítt, blátt m/microfibog rúskinnssóla st. 36-42

Verona svart, hvítt st. 36-41

Bari leður rautt, sand, blátt st. 36-42

Bonító ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. - fös. kl. 11-17. Lau. 11-14

Fjörugt afmæli!



Drykkirnir

Brögðgóðir drykkir án viðbættis sykurs sem eru ómissandi í afmælið. Trönuþerjabragð og epla- og sitrónubragð.

Þeytingar og frostpinnar

Næringarríkir og bragðgóðir þeytingar sem eru hver öðrum betri. Prófaðu þessa í frostpinnana.



Krakkar elska snakk

Lifrænt og fituminna snakk sem krakkar kunna vel að meta. Engin transita og engin óæskileg aukefni.



www.lifandimarkadur.is

Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | s. 585-8700



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

NÁMSKEIÐ Í ANDLITSNUDDI & INDVERSKU HÖFUÐNUDDI

laugardaginn 10. mars frá kl 11-15:00

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

NÁMSKEIÐ Í SVÆÐANUDDI

Fornám byrjar 8. mars næstkomandi kl.18:00

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu



Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent í faraldsfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, mun leiða verkefnið fyrir hönd Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rýmingarsala

Síðasti dagur í dag

Lokum kl. 18 í dag!

MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRDUR

www.fjordur.is

Markmiðið er að auka þekkingu á heilbrigði

Háskóli Íslands og Krabbameinsfélag Íslands skipuleggja nú í sameiningu eina víðamestu rannsókn á heilsufari Íslendinga sem fram hefur farið hér á landi. Afraksturinn verður Heilsusögubanki Íslendinga.

„Þetta verkefni er í undirbúningi og áætlað að það hefjist af fullum krafti í ársbyrjun 2013,“ segir Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent í faraldsfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, sem mun leiða verkefnið fyrir hönd Háskóla Íslands. „Markmiðið er að auka þekkingu á áhrifaþáttum heilbrigðis og hvernig sjúkdómur þróast. Við eigum mjög góðar skrár um sjúkdóma og dánar-mein, en vantar góða, stóra, kerfisbundna söfnun á upplýsingum um hvernig fólk lifir lífi sínu í langan tíma. Með slíkum upplýsingum getum við skilið betur hvaða lífsstíll leiðir til góðs og eins hvað það

er í lífsstílnum sem leiðir af sér verri heilsu og líðan.“

Öllum Íslendingum á aldrinum 20-69 ára verður boðið að taka þátt í rannsókninni og verður boðið endurtekið á þriggja til fjögurra ára fresti. „Ætlunin er að fá hundrad þúsund nýja einstaklinga til að taka þátt í rannsókninni á næstu tíu árum og fylgja þeim eftir um aldur og ævi,“ segir Unnur. „Þessi grunnur er hugsaður til framtíðar.“

Unnur leggur áherslu á að ávinningur samfélagsins af verkefninu verði gríðarlegur. „Þetta er skipulagt þannig að fólk fái ákveðnar upplýsingar um eigið heilsufar. Þess vegna köllum við

þetta Heilsusögubankann. Fólk leggur inn í bankann ákveðnar upplýsingar sem verða að vísindalegri þekkingu í krafti fjöldans, en fólk fær líka upplýsingar til baka um eigið heilsufar og lífsstíl sem væntanlega nýtist samfélaginu til forvarna.“

Söfnun og geymsla upplýsinga mun byggjast á upplýstu samþykki þátttakenda og fengin verða leyfi Persónuverndar og Vísindasíðanefndar. Byggður verður upp dulköðaður gagnagrunnur sem nýttast mun vísindafólki á Íslandi og erlendis. Þá verða lífsýni vistuð í samvinnu við Lífsýnasafn Landspítala – háskólasjúkrahúss.

fridrikab@frettabladid.is

BYLGJAN 25 ÁRA

989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

WHITECOLLAR

Hefst á þriðjudag á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

2 skemmtilegt

Framhald af forsiðu

Leyndarmálið segir af deilum tveggja vina út af stúlku sem endar með æsispennandi eltingarleik og blóðugum slagmálum þar sem undirheimalýður kemur við sögu. Myndin er framleidd af Ice Cold Productions í eigu Inga Þórs Garðarssonar og Stefáns Atla Rúnarssonar sem fara með helstu hlutverk.

Pálmi er meðlimur í hópi sem kallar sig Futeki Kensei og sér um öll áhættuatriði í Leyndarmálinu. Meðlimir hans æfa jadaríþróttina „parkour“ eða „free running“ og nýttu sér hana óspart við tókur á myndinni þar sem þeir sjást meðal annars stökkva heljarstökk á milli húsa.

„Maður fer aldrei út í svona nema hafa málin á hreinu. Reglan er sú að gera aldrei meira en maður þorir eða getur,“ segir hann en víðurkennir að þrátt fyrir það geti óhöpp auðvitað átt sér stað. Til marks um það hafi einn drengjanna beinbrotnað við gerð myndarinnar og þurft að hvíla sig í sex vikur.

En í hverju er eiginlega aðdráttarafli parkour fólgið? „Það er adrenalínkikkid. Eiginlega er þetta ávanabindandi áhugamál,“ svarar Pálmi.

Futeki Kensei skipa sex hressir menntaskólastrákar, þeir Jóhann Bjarni Pétursson, Magni Grétarsson, Magnús Freyr Sveinsson, Einar Benediktsson og Jóhann Egilsson auk Pálma sem fengu



Pálmi er í hópi sem kallast Futeki Kensei. Hann stundar jadaríþróttina parkour en hún gengur út á að leika alls kyns hundakunstir án þess að verða fyrir hjnjski.

brennandi áhuga á parkour í grunnskóla og stofnuðu félagið í kjölfarið. „Ég og vinur minn byrjuðum að fikta tólf ára. Hinir bættust seinna við. Núna æfum við í fimleikasal í Íþróttahúsi Fylkis og úti þegar veður leyfir. Sú reynsla nýttist okkur einstaklega vel við gerð myndarinnar þar sem við fengum aðeins eins dags undirbúning fyrir tókur.“

Félagarnir eru jafnframt haldnir mikilli ástríðu fyrir kvikmynda-

gerð og hafa náð að sameina hugðarefnin með gerð eigin myndbanda þar sem þeir framkvæma alls konar parkour-brögð. Pálmi segir aldrei að vita nema kvikmyndagerðin verði að framtíðarstarfi. „Okkur finnst eiginlega öllum mjög gaman að leika og erum líka svolítið athyglissjúkir,“ víðurkennir hann og hlær. „Þú átt sko bókað eftir að sjá meira frá okkur.“ Myndböndin má nálgast á Youtube.

roald@frettabladid.is



ÍSLANDSMÓT 2012

IÐN- OG VERKGREINA

9. og 10. mars í Háskólanum í Reykjavík



Keppnin aldrei stærri

Íslandsmót iðn- og verkgreina verður haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 9. og 10. mars. Keppt verður í níttján greinum auk þess sem fleiri greinar verða með sýningar. Tvö þúsund grunnskólanemar og -kennarar mæta til að fylgjast með.

Íslandsmótið er nú haldið í sjötta sinn og verður það stærsta hingað til. Fjöldi keppenda mun reyna sig í níttján greinum auk þess sem fleiri greinar muna kynna aðferðir sínar og tækni.

Keppninni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á iðn- og verkgreinum og þeim tækifærum sem felast í námi og störfum iðngreina, sérstaklega meðal grunnskólanema.

Grunnskólanemendum í 9. og 10. bekkjum landsins er því boðið sérstaklega á mótið og hafa um tvö þúsund nemendur og kennarar grunnskólanna boðað komu sína föstudaginn 9. mars.

Íslandsmótið er haldið með viðtæku samstarfi við stéttarfélög, atvinnulífið, IH, BHS, MK, Tækniskólann og FB. Keppnin er frábært tækifæri fyrir ungt fólk til að nýta kunnáttu sína sem það hefur lært í skóla og starfi við lausnir verkefna í samkeppni við aðra.

Keppt verður í eftirfarandi greinum: Málmsuðu, trésmíði, pípuögn, bifvélavirkjun, bílamálun, bifreiðasmíði, málaraíðun, dúk-lagningu, hársnyrtingu, snyrtifræði, grafískri miðlun, bakaraiðun, matreiðslu, framreiðslu, kjötiðun, skrudgarðyrkju, rafeindavirkjun, sjúkraliðun, og rafvirkjun. Sýningarargreinar eru: Blómaskreytingar

og garðyrkjuframleiðsla. Keppendur munu takast á við krefjandi verkefni í sinni grein sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Dómarar fara yfir verkefnið að lokinni keppni, meta gæðin og velja þá sem skara fram úr í hverri grein.

Þátttakendur á Íslandsmótinu eru nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins og einnig þeir sem nýlega hafa lokið námi. Aldurstakmark þátttakenda miðast við þá sem verða 21 árs á árinu en gerðar eru undanþágur í nokkrum greinum.

Keppnin fer fram 9. og 10. mars í Sólinni í Háskólanum í Reykjavík. Mótið verður sett af Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, föstudaginn 9. mars klukkan 13.00. Samhliða því setur hún Menntadag iðnaðarins í HR.



Gróska í iðn- og verknámi

Íslandsmót iðn- og verkgreina fer fram nú um helgina. Tilgangur þess er að veita ungu fólki í starfsnámi tækifæri til að sýna færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinum. Keppendur eru ungt fólk, ýmist enn í námi eða nýútskrifað frá framhaldsskólum vítt og breitt um landið. Þeir takast á við hagnýt og krefjandi verkefni sem reyna á hæfni, skipulag og fagmennsku.



Keppt er í yfir 20 faggreinum en einnig fer fram sýning á aðferðum og tækni í Háskólanum í Reykjavík.

Starfsmenntamál eru almennt í mikilli deiglu þessi misserin og margt að gerast. Má þar nefna að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur staðið fyrir fundaröð í vetur, sem ber yfirskriftina Starfsmenntun – hvert skal stefna? Markmið fundanna hefur meðal annars verið að fá fram ólík sjónarmið um starfsmenntun á Íslandi. Haldnir hafa verið 11 fundir fyrir hin ýmsu svið starfsmenntunar þar sem fulltrúar skóla, fyrirtækja, starfsgreinaráða, nemenda og náms- og starfsráðgjafa hafa komið saman til að ræða málefni starfsmenntunar. Yfir 600 manns hafa tekið þátt í fundunum hingað til. Einkum hefur verið lærdómsríkt að heyra raddir nemenda, því að það er einmitt þeirra vegna sem við viljum bæta starfsmenntun í landinu.

Meðal þess sem fólk hefur nefnt á þessum fundum er að bæta þurfi ímynd starfsmenntunar og þeirra starfa sem hún leiðir til og jafnframt að kynna starfsnám betur gagnvart nemendum, ekki síst nemendum grunnskóla. Nefnt hefur verið að nemendur grunnskóla þurfi að fá kynningu á starfsnámi mun fyrr en nú er og njóta leiðsagnar náms- og starfsráðgjafa, sem eru vel upplýstir um möguleika starfsnáms og líta á það sem raunhæfan kost. Íslandsmót iðn- og verkgreina er mikilvægur þáttur í að koma til móts við þessar ábendingar og ná eyrum og augum grunnskólabarna og foreldra þeirra.

Ungu fólki standa nú til boða margir spennandi námsmöguleikar í íslenska skólakerfinu, bæði bóklegir og verklegir. Allt það sem gert er til að kynna þessa möguleika og vekja áhuga er af hinu góða. Íslandsmót iðn- og verkgreina er prýðisgott tækifæri til að sýna það sem í boði er í verknámi og mótið sýnir jafnframt hvernig ungt fólk hefur náð góðum tökum á tækni- og verkunnáttu. Það er full ástæða fyrir þetta unga fólk að vera stolt af þeim góða árangri.

Ég vil þakka Verkiðn fyrir mikilvægt framlag samtakanna til eflingar iðn- og verkgreina á Íslandi og óska keppendum og öðrum þátttakendum í Íslandsmóti iðn- og verkgreina árið 2012 alls hins besta.

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Mikilvægi fagglærðra iðnaðarmanna

Eitt af því mikilvægasta í umhverfi hvers einstaklings er heimilið. Að koma sér upp þaki yfir höfuðið er oftast ein stærsta fjárfestingin í lífi fólks. Því skiptir hönnun húsnæðis og vönduð vinnubrögð við byggingu þess höfuðmáli, bæði hvað varðar endingu húsnæðis og viðhaldspörf en einnig heilsu þeirra sem í húsinu búa.



Við hönnun bygginga er reynt að gæta þess að þær þjóni tilgangi sínum fyrir íbúana og val á byggingarefnum leiði til þess að til verði góð, viðhaldslítill og heilsusamleg hús. Á síðustu árum hafa allmargir leitað til VÍS vegna galla á nýjum eða nýlegum húsum. Flestir þessara galla eru vegna rangra vinnubragða eða þá að ekki hefur verið farið eftir teikningum hönnuða. Að bregða þannig út af fyrirfram ákveðnum frágangi og úthugsa nýjan á staðnum, sem oft er ekki hugsaður í þau, getur valdið miklum skaða auk þess sem ábyrgð færir yfir á þá aðila sem þetta gera.

Hér kemur berlega í ljós mikilvægi góðra fagmanna og góðrar menntunar í byggingariðnaðinum. Störf í iðnaði gera kröfur um þekkingu og færni sem verður að mæta með formlegu námi. Mikilvægt er að hvetja fleira ungt fólk til að fara í iðnnám. Hlutfall iðn- og tæknimenntaðra ungmenna á íslenskum vinnumarkaði er talið vera lægra en á Norðurlöndunum og því er nauðsynlegt að fá fleiri nemendur til að velja slíkt nám.

Tjónamatsmenn hjá VÍS heimsækja yfir 2.000 heimili á ári. Stundum verða tjón þegar húseigendur reyna sjálfir að laga galla eða sinna stærri viðhaldsverkefnum, s.s. á lagnakerfum. Rangur frágangur lagna og val á lagnaefnum án fagþekkingar getur kostað húseigendur stórar fjárhæðir ef vatnstjón verður á gólfefnum og innréttingum í framhaldinu sem hefði verið hægt að komast hjá ef fagglærður pípuþingamaður hefði verið fenginn til verksins.

Oft er sagt að bæði þurfi að gera hlutina rétt og gera réttu hlutina. Það er ekki nóg að vera góður verkmaður. Fagmaður hefur að auki þekkingu á þeim efnum sem nota á hverju sinni, eðlisfræði þeirra og hvaða efni og efnaframsetningar þarf að varast.

Einar Freyr Magnússon
byggingafræðingur
tjónamatsmaður eignatjóna hjá VÍS



Frá nýsveinahátíð sem haldin var 4. febrúar í Ráðhúsinu í Reykjavík.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík aldrei öflugra

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík (IMFR) hefur frá upphafi gegnt því hlutverki „að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu“. IMFR er aðili að Verkiðn sem stendur fyrir Íslandsmóti iðn- og verkgreina.

Í sjálfu sér er það merkilegt að 145 ára gamalt félag skuli enn gegna sama hlutverki og skráð var í lög þess árið 1867. Félagið var geysilega öflugt á árum áður. Það stóð fyrir stofnun Iðnskólans í Reykjavík 1904 og byggingu skólahúss við Vonar-

stræti 1906. IMFR reisti Iðnó 1896, stóð fyrir fyrstu iðnsýningunni 1883, gaf þjóðinni stytta Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli 1924 – svo fátt eitt sé nefnt.

Nú er IMFR meðal hluthafa Tækniskólans – skóla atvinnulífsins og einn af tólf aðilum Verkiðnar. Félagið hefur einnig góð tengsl við félag iðnaðarmanna á hinum Norðurlöndunum. Í sumar verður haldinn héraðsárlegur fundur félaganna þar sem m.a. verður fjallað um innleiðingu viðmiðaramma (NQF/EQF) í starfsmenntakerfi landanna.

Stærsta verkefni IMFR er árleg nýsveinahátíð til heiðurs ungu fólki sem sýnt hefur afburða-árangur á sveinprófi. Hátíðin

var haldin með glæsibrag í sjötta sinn þann 4. febrúar sl. í Ráðhúsinu í Reykjavík. 23 nýsveinar voru heiðraðir. Jafnframt var Ragnar Axelsson tilnefndur heiðursiðnaðarmaður ársins. Veitt var viðurkenning fyrir samstarf hönnuða og framleiðenda. Hana hlutu fyrir-tækin GO Form Design Studio og Brúnás innréttingar. Háskólinn í Reykjavík bauð þremur nýsveinum til náms með niðurfellingu skólagjalda á haustönn 2012.

IMFR lýsir mikilli ánægju með undirbúning og skipulagningu Íslandsmóts iðn- og verkgreina 2012. Við óskum unga fólkinu til hamingju og þökkum þeim fjölmörgu sem lagt hafa af mörkum til þessarar glæsilegu samkomu.

Mikilvægi verk- og tæknimenntunar fyrir Ísland

Íslenskt þjóðfélag hefur sett markið hátt þegar kemur að lífsgæðum og velferð þjóðarinnar. Slíkt samfélag, þar sem einstaklingar njóta góðra lífsgæða og hafa frelsi til athafna



krefst hagsældar. Til þess að þetta takist er nauðsynlegt að auka verulega verðmætasköpun og tryggja þannig sjálfbæran hagvöxt. Aukin nýting náttúruauðlinda mun ekki standa undir nema hluta þessarar aukningar, enda stefna okkar skýr í að slík nýting sé sjálfbær. Af þessu leiðir að hugvit, iðnaður og tækni munu gegna lykilhlutverki í aukinni verðmætasköpun framtíðarinnar.

Forsenda öflugs starfs í iðnaði og tækniþróun er framboð á vel þjálfuðum og menntuðum einstak-

lingum sem geta fyllt þau fjölmörgu störf sem nauðsynleg eru. Það hefur þó löngum staðið slíkri þróun fyrir þrifum að ekki er nægilegt framboð af verk- og tæknimenntuðum einstaklingum á Íslandi, hvort sem er lítið til hefðbundinnar iðnmenntunar, tæknimenntunar á framhaldsskólastigi eða tæknimenntunar á háskólastigi. Staðreyndin er sú að hlutfall þeirra sem lokið hafa menntun í verk- og tæknigreinum er lægra á Íslandi en í mörgum af þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Það er því til mikils að vinna að efla til muna áhuga á verk- og tæknigreinum, sem og að byggja traustar stoðir fyrir slíkt nám, allt frá grunnskólum upp í framhaldsskólanám, sveinspróf, meistaraþróf og háskólanám. Eitt af því sem miklu máli skiptir í því viðfangsefni er að skapa tækifæri fyrir einstaklinga til að velja sér brautir sem

ekki leiða til blindgatna annaðhvort í skipulagi eða framkvæmd. Til þess þurfa ólík skólastig og atvinnulíf að koma saman til að tryggja samfellu í námi og tækifæri til að ljúka námsbrautum hvort sem er með framhaldsskólaprófi, meistaraþrófi eða háskólagráðu.

Háskólinn í Reykjavík hefur unnið með öðrum skólastigum að eflingu verk- og tæknináms, sem og því að skapa tækifæri til áframhaldandi náms á háskólastigi með frumgreinanámi og með öflugum námi í iðnfræði, tæknifræði, verkfræði og tölvunarfræði, sem og á sviðum viðskipta og laga. Með því að breikka þetta samstarf og ná til atvinnulífs og stjórnvalda má styrkja enn frekar verk- og tækninám á Íslandi og þannig skapa þann grundvöll sem nauðsynlegur er fyrir verðmætasköpun til framtíðar.

Ari Kristinn Jónsson
rektor við Háskólann í Reykjavík

Sterk upplifun og þroskandi reynsla

Jóhanna Stefnisdóttir, hársnyrtir hjá hársnyrtistofunni Fagfólk í Hafnarfirði, tók þátt í WorldSkills, heimsmeistararamóti í iðn- og verkgreinum, í London síðastliðið haust. Keppnin er fyrir fólk undir 22 ára aldri.

Jóhanna útskrifaðist frá Iðnskólanum í Hafnarfirði í fyrra og stundar nú meistaranám. Hún bar sigur úr þýtum í Íslandsmóti iðn- og verkgreina þegar hún var í fimmta bekk árið 2010. Jóhanna hlaut þá gull í einstaklingskeppni í hársnyrtifræði. Sá sigur færði henni þátttöku í WorldSkills. „Þetta var strembin keppni sem stóð frá átta á morgnana og fram á kvöld. Keppnin stóð í þrjú daga og keppt var í galagreiðslum, litun, herra-, dömu- og barnaklippingum. Við vorum ekki með lifandi módel heldur dúkkuhousa,“ segir Jóhanna en þjálfari var með henni allan tímann sem og leiðsögumaður. Keppnin fór fram í stórrí sýningarhöll sem nefnist ExCeL.

RISASTÓR KEPPNI

„Mér gekk ágætlega miðað við þann undirbúningstíma sem ég hafði. Ég hefði þurft að undirbúa mig betur og í lengri tíma. Aðrir keppendur höfðu lagt mjög mikið í und-



Jóhanna Stefnisdóttir hársnyrtir við störf hjá Fagfólki í Hafnarfirði.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

irbúninginn og nokkrir verið í þjálfun í allt að þrjú ár en ég æfði aðeins í átta mánuði. Íslendingar hafa tekið þátt í þessari keppni í nokkur ár en hún er haldin víða um heim. Hún hefur meðal annars verið haldin í Japan. Það kom mér mikið á óvart hversu stór keppnin er. Þarna keppa einstaklingar frá 51 landi. Mjög strangar kröfur eru gerðar til keppenda og þess vegna er nauðsynlegt að vera vel skipulagður. Fyrir mig var þetta sterk upplifun og mikil lífsreynsla,“ segir Jóhanna.

LÆRDÓMSRÍK KEPPNI

„MÉR FANNST EINNIG GAMAN AÐ SJÁ HVERSU MIKIÐ ER TIL AF FÆRU OG HÆFU FAGFÓLKI Í ÞESSARI GREIN UM ALLAN HEIM. KEPPNIN VAR SÉRSTAKLEGA LÆRDÓMSRÍK OG ÉG KOM TIL BAKA NOKKRUM ÁRUM ELDRI Í ÞROSKA. ÉG MYNDI ÞÓ VILJA BENDA PEIM Á SEM EIGA EFTIR AÐ FARA Í KEPPNINA AÐ UNDIRBÚA SIG VEL. ÞAÐ SKILAR SÉR ÞEGAR Í KEPPNINA ER KOMIÐ. ÞÁ ÞARF MAÐUR EINNIG AÐ FÁ STUÐNING FRÁ FYRIRTEKJUM TIL AÐ GETA GERT ÞETTA. ÉG FÉKK SLÍKAN STUÐNING OG ÞAÐ GERDI MÉR KLEIFT AÐ TAKA ÞÁTT Í WORLDSKILLS,“ SEGIR JÓHANNA.

Fóru á heimsmeistaramót

Þrjú Íslendingar, Jóhanna Stefnisdóttir, Friðrik Óskarsson og Arnar Helgi Ágústsson, tóku þátt í heimsmeistaramóti iðngreina, WorldSkills, í London í október á síðasta ári.

Á WorldSkills er keppt í öllum hugsanlegum iðn- og verkgreinum bæði stórum og smáum. Keppnin er haldin annað hvert ár og fór keppnin síðast fram í sýningarhöllinni ExCeL í London og var 41. keppnin sem hefur verið haldin. Keppnin sjálf stóð yfir í fjóra daga. Keppt var í 46 iðn- og verkgreinum og voru keppendur um þúsund frá 51 landi.

Keppendur sem taka þátt eiga það sameigin-

legt að hafa skarað fram úr í sínum iðngreinum. Reynslan sem keppendur hljóta með þátttöku á slíku stórmóti er ómetanleg og eykur þekkingu þeirra og reynslu sem gerir þá enn hæfari í sínum störfum í framtíðinni. Næsta WorldSkills-keppni fer fram í Leipzig árið 2013.

Þess má geta að forseti WorldSkills International, Simon Bartel, verður viðstaddur lokaathöfnina á Íslandsmóti í HR.



Ef þú stenst þessa pressu þá stenstu alla pressu

„Þetta var mikil vinna, mikill undirbúningur og æfingar áður en lagt var í hann og mikið stress og hamagangur meðan á keppninni stóð,“ segir Friðrik Óskarsson sem sigraði á Íslandsmóti í pípuögnum árið 2010 og tók þátt í keppni fyrir Íslands hönd á WorldSkills í London í október síðastliðnum. „En þetta var alveg rosalega skemmtilegt, mikil upplifun og maður gleymir þessu seint,“ segir hann glaðlega þegar hann rifjar upp reynslu sína.

Hann er beðinn að lýsa verkefnum sem hann þurfti að leysa. „Þetta voru nokkur verkefni sem við leystum á þremur keppnisdögum,“ segir hann en meðal þess sem hann þurfti að gera var að leggja skólprör. „Þá sauð maður saman plaströr og setti upp líkt og í húsi nema maður sýndi það uppi á vegg,“ segir hann. Þá þurfti hann að setja upp klósett, vask og sturtu og leggja neysluvatnsrör með alls konar sveigjum og beygjum. „Að lokum þurfti ég að smíða Gordon Bridge-brúna í London úr stáli,“ lýsir hann. Meðan á þessu stendur fylgdust dómarmar náíð með keppendum. „Þeir stóðu yfir manni til að ganga úr skugga um að maður talaði ekki við neinn,“ segir Friðrik glettinn.

Friðrik lenti í 13. til 15. sæti af 25 keppendum og er nokkuð ánægður með árangurinn. „Sérstaklega þegar maður lítur til þess hve íslenska liðið æfir sig lítið miðað við hin liðin. Sum þeirra hafa æft sig stíft í tvö ár fyrir keppnina en það er bara ekki í boði fyrir okkur,“ segir Friðrik sem hlaut einnig titilinn „Best of nation“ þar sem hann fékk flest stig af íslensku keppendum.

Friðrik segir að reynslan af keppninni muni nýtaast honum vel í lífinu. „Eins og einn dómari sagði: Ef þú stenst þessa pressu, þá stenstu alla pressu,“ segir hann glettinn. Hann eignaðist einnig vini í London. „Ég held ég sé vinur allra á Facebook sem kepptu á móti mér,“ segir hann glaðlega og telur það einnig gagnlegt að sjá muninn á stöðu pípuögn-



„Þetta var rosalega skemmtilegt,“ segir Friðrik sem hér sést í keppnisbásnum sínum að tengja rör.

greinarinnar milli landa. „Bretar, Danir, Svíar og Kínverjar eru mjög framarlega í greininni en Indverjar eru aftarlega á merinni.“

Friðrik útskrifaðist sem sveinn í pípuögnum árið 2008 og er nú orðinn meistari í greininni auk þess sem hann útskrifaðist sem byggingaiðnfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík í maí í fyrra. Hann starfar nú sem pípuögnamaður á Íslandi og segir þokkalegt að gera. „Það er misjafnt eftir tímabilum og mætti stundum vera meira,“ segir hann en segist þó ekki hafa hug á að flytja sig um set til Norðurlandanna eins og margir starfsfélagar hans hafa gert. „Nei, mér finnst skemmtilegra að hafa fjölskylduna og vinina í kringum mig.“

Heilmikið ævintýri

Rafvirkinn Arnar Helgi Ágústsson keppti á WorldSkills í London á síðasta ári og segir þátttökuna hafa verið reynslunni ríkari. „Ekki spurning. Ég fékk virkilega að finna hvernig er að vinna undir miklu álagi og öðlaðist þarna vísu innisýn í mismunandi vinnuáferðir í gegnum keppendur frá ólíkum löndum. Hvort tveggja á án efa eftir að nýtast mér vel,“ segir hann.

Arnar hafnaði í þriðja sæti í keppni í rafvirkjun á Íslandsmóti iðngreina sem fór fram í Smáralind í apríl árið 2010. Hann var þá átján ára og því sá eini af þremur efstu keppendum sem hafði þátttökurétt á World Skills þar sem miðað er við 22 ára hámarksaldur á árinu. Við tók viðburðarík tíu daga dvöl í London í október árið eftir þar sem Arnar atti kappi við rafvirkja víðs vegar að úr heiminum í hörkuferðir viðureign.

„Þarna voru naglar og sumir ótrúlega vel undirbúnir. Til dæmis er liður í undirbúningi suður-kóreska liðsins að senda alltaf keppendur í skoðunarferð á WorldSkills tveimur árum áður en þeir taka þátt,“ lýsir Arnar og segist af þeim sökum ekki hafa átt í suma keppendurna. „Svo eru vinnuáferðir Íslendinga og Breta mjög ólíkar og það bitnaði líka á frammistöðunni.“

Dvölin var þó ekki eintómt puð. Til marks um það fengu íslensku keppendurnir að upplifa



Arnar Helgi Ágústsson keppti í rafvirkjun á WorldSkills í London á síðasta ári og skemmti sér konunglega. MYND/GVA

breska menningu með skoðunarferð um London og heimsókn í grunnskóla. „Við hittum skólakrakka sem voru búnir að læra aðeins um Ísland, sögðum þeim frá menningunni okkar og gáfum þeim í kveðjuskyni bækur eftir Brian Pilkington. Þau voru alsæl með það,“ segir Arnar.

Hann segir ferðina hafa verið mjög vel heppnaða. „Ég get ekki annað sagt en að hún hafi verið skemmtileg í alla staði og er þakklátur Rafiðnaðarsambandinu fyrir að hafa hugsað vel um mig.“

Spennandi valkostur

Á Íslandsmóti Verkiðnar er keppt í fjölmörgum iðngreinum þar á meðal tveimur rafiðngreinum. Undanfarin ár hefur verið keppt í rafvirkjun og hefur Félag Íslenskra rafvirkja stutt dyggilega við keppnina en einnig hefur félagið sent keppendur út á heimskeppnina,



WorldSkills. Í ár verður einnig keppt í rafeinda-virkjun.

Það er virkilega áhugavert að fylgjast með öllum keppnisgreinum og

í raun alveg magnað að sjá mikla færni og þekkingu ungs fólks sem er að feta sín fyrstu skref í framhaldsskólum og á vinnumarkaði. Nýsköpun og hátækniiðnaður þrífst ekki í landi þar sem skortur er á tæknimenntuðu fólki. Rafiðngreinar spila stórt hlutverk í þróun nýs tæknibúnaðar hvort sem unnið er að betri nýtingu hráefnis eða framleiðslu á nýjum búnaði.

En af hverju að velja iðnnám?

Þeir einstaklingar sem ljúka sveinsprófi í rafiðngreinum eru mjög eftirsóttir úti á vinnumarkaðnum jafnt hér heima á Íslandi sem erlendis, þeir sem ætla sér í frekara háskólanám eins og tæknifræði eða verkfræði ættu að kynna sér iðngreinar fyrst því það hefur sýnt sig að þeir sem hafa farið verknámsleið upp í Háskóla verða oft á tíðum bestu sérfræðingarnir. Í dag er einnig boðið upp á möguleikann á að ljúka stúdentsprófi samhliða verknámi.

Það hefur sýnt sig á undanföllum árum að rafiðngreinar höfðu jafnt til karla og kvenna. Konum fjölga jafnt og þétt í rafiðnaði og á undanföllum misserum hafa þær konur sem lokið hafa sveinsprófi sýnt það og sannað að þær eiga fullt erindi í rafiðngreinar enda hafa þær lokið sveinsprófum með góðum árangri og hafa á undanföllum árum verið á mjög góðum launum.

Rafiðngreinar hafa í gegnum tíðina verið taldar með arðbærari störfum sem mögulegt er að mennta sig í. Það þýðir að sá kostnaður sem nemendur þurfa að leggja út til þess að afla sér menntunar, á móti þeim tekjum sem vænta má að námi loknu, er hlutfallslega mjög lítil.

Ég hvet þá sem eru að velja fyrir sér að bæta við menntun sína, hvort sem þeir eru að koma úr grunnskóla eða komnir á vinnumarkað, að kíkja við í Háskólanum í Reykjavík dagana 9. og 10. mars næstkomandi og kynna sér þær fjölmörgu iðngreinar sem keppt er í. Þetta er einnig kjörið tækifæri fyrir foreldra barna á grunnskólaaldri að kynna sér iðngreinar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA 9. og 10. mars í Háskólanum í Reykjavík



Stærsta iðn- og verkgreinakeppni sem haldin hefur verið á Íslandi – allir velkomnir!

Dagskrá föstudaginn 9. mars

- Kl. 09:30 Keppni hefst
- Kl. 10:00-14:00 Grunnskólanemendur í heimsókn
- Kl. 10:00-12:30 Atriði á sviði
- Kl. 13:00 Setningarathöfn keppinnar og Menntadags iðnaðarins
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
- Kl. 16:30 Keppni frestað til morguns

Dagskrá laugardaginn 10. mars

- Kl. 09:30 Keppni heldur áfram
- Kl. 12:30-14:30 Atriði á sviði
- Kl. 16:00 Keppni lýkur í öllum greinum
- Kl. 16:30 Skemmtidagskrá á sviði
- Kl. 17:15 Lokaathöfn og verðlaunaafhending
Simon Bartley forseti World Skills



ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin allra daga kl. 8-17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga 8-17

BÍLAR & FARATÆKI



NISSAN Primastar l2h1 langur. Árgærd 2006, ekinn 89 þ.KM, dísel, 6 girar. TILBOÐ 1.550.000. stg Rnr.103078.

Bilamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



100% LÁN MÖGULEGT
HONDA CR-V STW 4WD RVSI. Árgærd 1998, ekinn 243,þ km, sjálfskiptur, ný skoðaður 13' smurbók frá upphafi. Verð 480.000. Rnr.245551. S.562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bilalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



TOYOTA Prius hybrid. Árgærd 2005, ekinn 113 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.131213. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi.

Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



ARCTIC CAT Sabercat 700 EFI. Árgærd 2004, ekinn 7424 km. Verð 590.000. Rnr.100350.

Icehobby - Tæki
Draupnisgötu 6, 603 Akureyri
Sími: 462 4600
http://www.icehobby.is



LEXUS IS200 sport. 05/2004, ekinn 144 þ.km, sjálfskiptur, leður ofl. Lækkaður um 2", allt nýtt í bremsum... Verð 1.990.000. Raðnr. 284163 á www.bilalind.is - Kagginn er í salnum!

Bilalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



Subaru Legacy Árgærd 2005, ekinn 131þ.km, ssk. Einn eigandi o.s.frv.. Er á staðnum. Verð 1.550.000kr. Raðnúmer 152812. Sjá nánar www.stora.is

Stóra bilasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirlit á plani
http://www.stora.is



LYNX Rave Xtrim 800 Árgærd 2008, ekinn 2423 km. Ýmis skipti í boði. Verð 1.190.000. Rnr.100321.



ARCTIC CAT M8 141. Árgærd 2007, ekinn 3614 km. Ýmsir aukahlutir. Verð 1.190.000. Rnr.100349.

Icehobby - Tæki
Draupnisgötu 6, 603 Akureyri
Sími: 462 4600
http://www.icehobby.is



Skráðir bílarnir frítt hjá okkur!! Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is



Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Til sölu VW Polo 1,4 árg. 2001 ekinn 136 þúsund lítur vel út Verð 480 þúsund Uppl. s. 894 6968.



50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Þjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Ford Escape Limited 4X4DR '05. 3L bensín. Ek. 65 þús. Sk. 2012. ssk. V. 950 þ. gera tilboð. S. 616 2597.



Ford Fusion árg'04 til sölu. Beinsk. Ekinn 92þús. Ásett verð 690þús. Hár, rúmgóður og eyðslugrannur smábíll Uppl. í s: 618 1282.



Honda Civic árg.'00 1,5 vél, ekinn.135km. 320þús. 5gíra, 616 2597.



Reno laguna árg.'00, 5gíra, 1,6vél 320 þús., ek. 159km. 616 2597.



Hyundai Getz 1.4 bensín
17V62 | árg. 2009 | Bensín. 142.000 km
Kauverið: 1.490.000 kr.
Leiguverð: 49.900 kr. á mánn.
Söluverð: Bilalind ISL



Suzuki Grand Vitara 2.0 bensín
23K33 | árg. 2010 | Súlfík. 183.000 km
Kauverið: 3.200.000 kr.
Leiguverð: 112.900 kr. á mánn.
Söluverð: Bilasala RVK



Hyundai i30 1.4 bensín
ISG11 | árg. 2010 | Bensín. 148.000 km
Kauverið: 1.750.000 kr.
Leiguverð: 54.600 kr. á mánn.
Söluverð: Nýja Bilahólin

www.avisbilar.is



SPARADU BENSÍN!
Metan uppferðu bílinn þinn
VeiRás
Velas.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Þjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leiðið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is

0-250 þús.
Til sölu Lancer 4x4 árg. 98 þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast Uppl. í s:8993068

250-499 þús.
Nissan Almera 1,5 árg 2001 ek. 130 þús, 3ja dyra, skoðaður 2013, góður og spameytninn bíll sem lýtur vel út! ásett verð 560 þús TILBOÐ 390 ÞÚS s.841 8955



TILBOÐ 390 ÞÚS!!!
Nissan Almera 1,5 árg 2001 ek. 130 þús, 3ja dyra, skoðaður 2013, góður og spameytninn bíll sem lýtur vel út! ásett verð 560 þús TILBOÐ 390 ÞÚS s.841 8955

Bílar óskast
Óska eftir bíl á bílinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Kaupi bílaða bíla
Kauptu bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 200 þús. S. 896 6744.

0-250 staðgreitt
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólkubíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Sendibílar
Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Fjór hjól
Er fjór hjólið ferðafært?
Gerum við allar tegundir fjór hjóla HAFDU SAMBAND!
arctictrucks.is - sími 540 4900



Reiðhjól
KRÍA
Vorið er komið.
Er hjólið þitt klárt?
KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164



Bílaþjónusta
PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÓKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is



Varahlutir
Bilapartasalan
Kaplahauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is

Varahlutir
Sérmatum okkur í VW - SKODA varahlutum Kaupum nýlega bíla til niðurrís



Varahlutir
Sérmatum okkur í VW - SKODA varahlutum Kaupum nýlega bíla til niðurrís



Japanskar vélar
Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrís og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskur og skálar. Kauptu bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smíðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93 Kauptu bíla til niðurrís. sími 661 5270.

Varahlutavaktin
Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrís og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opíð 09-18 og lau. 12-16



Pípulagnir
Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípuþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.


Hreingerningar
Alhliða hreingerningarþ. Teppahreinsun / Bónþjónusta / flutningsþrif. Þrif og þvottur 101, S. 893 0611.



Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Garðyrkja
Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.



Alhliða garðþjónusta
Garðþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð. Hjörleifur S. 844 6547



Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufæðingur. Sími: 848 1723.

Felli tré, grysja og snyrti. s. 698-1215 Halldór garðyrkjum.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Vantar þig bóka? Betri Bókarinn ehf. S:857-3363.

Skattframtöl 2012

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

Málarar

Regnbogalitir

Málningaþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. á netfangið: malarar@simnet.is og s. 891 9890.

Málarameistari

Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilbod - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírusreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÓB Stefán 821 6839.

Rafvirkjun

Nudd

Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová

Spádómar

Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímabantanir í síma. 891 8727 Stella.

Önnur þjónusta

KEYPT & SELT

Til sölu

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Ískápar, þvottavélar. S. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldveyr. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

Verslun

Fasteignir

Leiguumsjón láttu okkur sjá um fasteignina þína.

Gerð leigusamninga. Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala. Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu. Umsjón og eftirlit með fasteigninni. Markmið með leigu-umsjón er að auðveldja fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar. Hjá Leiguliðum starfa 3 lögiltir leiguliðarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440



SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!! NYJAR VÖRUR VÆNTANLEGAR!! Verslunin Emília Bláú húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 27. mars. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

HEIMILIÐ

Húsgögn

Rúllugardínur
Þessar gömlu göðu, gluggakappar s. 567 1086.

Til sölu massíft borðstofuborð + 6 stólar (tveir með örmum) Óska eftir far/ borðatölvu og tölvuborði ódýrt. Uppl. 775 8076.

Dýrahald



Til sölu 6 hvolpar, 3 rakkar og 3 tikur, fædd 11. desember 2011. Ættbókarfærðir, örmerktir og búnir að fá ormalyf og sprautu. Fallegir og skemmtilegir hvolpar undan Birtu og Stefstells Hávar. Birta er afkomandi Galtaes Greifa og Hávar er sonur Eir frá Keldnaholti, glæsilegri og marg verðlaunaðri tik. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við mig í síma 864 5853 og 846 8643.

Gisting

Gisting í Exsample, Barcelona. 60-120euro nóttin. Einnig langtímaleiga. Verð p.mán 950-1200eur. starplus.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.
www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

Gistiheimili - Guesthouse
www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 45 þ. Uppl. í s. 895 0482.

Nýleg 30m2 stúdíóíbúð með eldhúskrók og baðherbergi, miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarauni“ Möguleiki á húsaleigubótum!. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00.

Nýleg 60m2 2herbergja á annari hæð íbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarauni“ Möguleiki á húsaleigubótum!! Þvottavél fylgir íbúð!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00.

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt Hlemmi. S.6615219

Húsnæði óskast

Reglusamt og rólegt par með barn óskar eftir 3 herb íbúð á höfuðb. svæðinu. Ráðum ekki við meira en 120þ á mánuði. Framúrskarandi meðmæli frá núverandi leigusala fylgja. vantaribud2012@gmail.com

Óska eftir 3-5 herbergja íbúð í Laugarnesinu. Erum ábyrg og reglusöm. Uppl. í s. 698 4869.

Sumarbústaði

Nuddpottur
Til sölu nýr 40 stúta nuddpottur m/2 dælum frá poulsen. Uppl. í síma 898 8040.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Proline ehf.
Óskum eftir að ráða aðstoðarmann við fóðringar á skolplögnum. Reynsla af pipurlögnum er æskileg. Uppl í síma 571 0300 eða á einar@proline.is

Starfsmaður í gæluðyravörverslun.
Erum að leita eftir traustu fólki með mikla þjónustulund í verslun okkar. Starfsmaður okkar þarf að vera stundvís, ábyrgur og með reynslu af sölustörfum. Reynsla og þekking af dýrum er nauðsynleg. Um er að ræða breytilegan dagvinnutíma frá 10.00 - 19.00, og aðra hverja helgi.
Umsókn ásamt ferilskrá með mynd sendist til dyrabaer@dyrabaer.is Umsóknarfrestur er til og með 8. mars

Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir aðstoðamanni í eldhúsi.
Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni í dag milli kl. 17-19 eða á hordur@keiluhollin.is

Keiluhöllin Öskjuhlíð og Rubín veislusalur óskar eftir matreiðslumanni, með sveins- eða meistarárbréf í fullt starf.
Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni í dag milli kl. 17-19 eða á hordur@keiluhollin.is

Yfirvelstjóra vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Einnig vantar stýrimann og vélstjóra á 40 tonna bát. Uppl. í síma 845 3480.

VERSLUNARTÆKNI
MECALUX
LAGERHILLUR
fyrir vöruhúsið, smávörlagerinn og starfsmannaaðstöðuna

M7 hillukerfi
Minna kerfi en uppbyggt á svipaðan hátt og stærra brettahillukerfið.

Brettahillukerfi
Miklir stækkunarmöguleikar.

smávöruhúllur
Smærri hillukerfi sem henta vel á smávörlagerinn eða í bílskúrin.

Starfsmannaskápar
Nokkrar stærðir og val um hurðafjölda

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

Sjáðu heimasiðuna www.verslun.is

TILKYNNINGAR

Fundir



Félagsfundur Lífssýnar í kvöld
 Þriðjudagskvöld 6. mars kl. 20:30, Bolholti 4, 4.h. Guðmundur Oddur flytur fyrirlesturinn „Stóra myndin“. Léttar veitingar. Aðgangur kr. 1000,-. Allir velkomnir. Stjórnin www.lifssyn.com

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
 905 2000 (símatorg)
 535 9920 (kreditkort)
 535 9923 (fritt karlar)
 555 4321 (fritt konur)

Sögur
 905 2002 (símatorg)
 535 9930 (kreditkort)

Spjaldómur
 908 6000 (símatorg)
 535 9999 (kreditkort)

NÝTT NÚMER 908 1666
 Spjaldómur, hlökkum til að heyra í þér.

HRAUNHAMAR
 Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Óttuhæð - Einbýli - Gbæ.

Glæsilegt einbýli í á tveimur hæðum vel staðsett í hæðarhverfinu í Garðabæ. Húsið er ca. 305 fermetrar að stærð. Smekklega innréttað á mjög vandaðan hátt með vönduðum innréttingum og gólfnum. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, stórt herbergi með sér inngang, baðherbergi, geymslu og bílskúr. Á efri hæð eru stofur, setustofa, borðstofa, eldhús, gangur herbergi, hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi inn af, þvottahús og snyrtingu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Verð 95. millj.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.



Grétar Haraldsson
 Hrl. Lögg. fast. fyrirt. og skipasali

535_1000

Fasteignasala · Íbúðarhúsnæði · Skúlatún 2 · 105 Rvk

EINBÝLISHÚS Á SPÁNI

Til sölu tvö falleg og vel staðsett einbýlishús í La Marina á Spáni, um 20 mín. akstur suður frá Alicante flugvelli.

Hægt að greiða með íslenskum krónum. Eignaskipti möguleg.

Þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, vandað eldhús, stofa og borðstofa. Sérundlaug, stór lóð. Falleg húsgögn fylgja. Algjört draumahús.



Þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, rúmgóð stofa/borðstofa og gott eldhús. Sér gestaíbúð á neðri hæð með einu svefnherbergi, stofu, eldhúsi og baði. Bílskúr með vinnuherbergi inn af. Stór lóð með sérundlaug. Falleg húsgögn fylgja. Tilvalið stórfjölskylduhús.



Uppl. gefur Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali. GSM 893 2495, adalheidur@stakfell.is



535_1000

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

ÍSÍR
 FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

HAFNARFJÖRÐUR
 www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
 STRANDGATA 6
 220 HAFNARFJÖRÐUR
 SÍMI 585 5500
 FAX 585 5599

Kynningarfundur
 Nýtt skipulag Lóð Gasstöðvarinnar í Straumsvík

Kynningarfundur vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á lóð Gasstöðvarinnar í Straumsvík verður haldinn fimmtudaginn 8. mars kl. 17:00 á Norðurhelli 2, fundarherbergi á 1. hæð. Deliskipulagið snýr að stækkun Gasstöðvarinnar og fjölgun gasgeyma.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Rauði kross Íslands
 Reykjavíkurdeild

Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2012, kl. 17:17 í húsnæði deildarinnar að Laugavegi 120 – 5. hæð. Gengið inn Rauðarárstígmegin.

Dagskrá:
 Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Boðið verður uppá léttar veitingar að fundi loknum.

Framkvæmdastjóri

Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

Engimýri
 210 Garðabær
 TIL LEIGU / FALLEGT EINBÝLI

Stærð: 237 fm
 Fjöldi herbergja: 7
 Byggingarár: 1982
 Fasteignamat: 51.300.000

LAUST 01.04. Verð: tilboð

Fallegt 237fm, 7herb. einbýli í Garðabæ. Grónn skjólsæll suður garður. Stutt í versl. og þjónustu. Eldhús: hvítökuú innrétting, góð tæki, stórir gluggar. Stofa/Borðst.: björt, opin með parketi. Gestabað: með sturtu. Hjónaherbergi: m. fataherbergi og parketi. Herbergi: 4 - með parketi og skápum. Baðherb.: baðkar, tvöfaldir vaskar og upphengt salerni. Stofa: arinn, parket og útgengið á svalir, heitur pottur. Húsið leigist án bílskúrs. Áhugasamir sendi upplýs. um sig á Ernu Svölu erna@remax.is

RE/MAX Lind
 Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Erna Svála
 Sölufulltrúi
 862 8110
 erna@remax.is

Þórarinn Jónsson
 Lögg. fast. hdl.
 5107900
 thorarinn@remax.is

BÚSETI auglýsir eftirfarandi búseturétti til sölu
 Umsóknarfrestur til 13. mars nk. - úthlutun þann 14. mars nk.

BÚSETI
 Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Kristnibraut 63 íbúð 205
 113 Reykjavík

3. herb. 88,2 m²
 Afhending: 1. apríl

Búseturéttur hámark: 3.016.151,-
 Búseturéttur lágmark: 1.768.707,-
 Búsetugjald: 118.453,-

Bjallavað 11 íbúð 302
 110 Reykjavík

5. herb. 122,4 m²
 Afhending: 1. júní

Búseturéttur hámark: 4.138.924,-
 Búseturéttur lágmark: 2.845.176,-
 Búsetugjald: 155.663,-

Hamravík 36 íbúð 101
 112 Reykjavík

3. herb. 113 m²
 Afhending: 1. maí
 ATH: Íbúð með tekjumark!

Búseturéttur: 2.187.753,-
 Búsetugjald: 88.932,-

93,9%
 mæla með Búseta

Samkvæmt þjónustukönnun Capacent mæla 94% íbúa með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi

“Þriðja leiðin”
 á húsnæðismarkaðnum
 Hafðu samband eða farðu á www.buseti.is kynntu þér málið!

Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Öfngreindir þættir taka með af samþykktum félagsins og reglum. Búseti húsnæðissamvinnufélag Síðumúla 10 108 Reykjavík s: 5205788 www.buseti.is buseti@buseti.is



Eiginmaður, faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

Gunnar Auðunsson

skipstjóri,
áður til heimilis að Vallarbraut 8,
Seltjarnarnesi,

lést 2. mars á Dvalarheimilinu Grund. Útför fer fram
föstudaginn 9. mars kl. 11.00. frá Frikirkjunni í
Reykjavík.

Gróa Eyjólfsdóttir
Pétur G. Gunnarsson
og fjölskyldur.

Lisa L. Gunnarsson



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Ólafsson

vélstjóri,
frá Grænumýri, Seltjarnarnesi,

verður jarðsönginn frá Neskirkju miðvikudaginn
7. mars kl. 15.00.

Árný V. Ingólfisdóttir
Sigríður Ingólfisdóttir
Ólafía Ingibjörg Ingólfisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbeinn Guðmundsson



Ástkær eiginkona mín og móðir,

Sólveig Bjarnþórsdóttir

Víðihvami 30, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi
föstudaginn 2. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Birgir Sigurðsson
Nanna Lára Sigurjónsdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir
og amma,

Halldóra Árnadóttir

Ársölum 5, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu þann 2. mars. Útför hennar fer
fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

Árni S. Pétursson
Elín Kolfína, Birta og Sigtryggur Haukur ömmubörn.

Silja Huld Árnadóttir



Ástkær systir okkar, mágkona
og frænka,

Kristín Helgadóttir

Brekkubæ 3, Reykjavík,

sem lést 29. febrúar, verður jarðsönginn frá
Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. mars kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarfélag
krabbameinssjúkra barna og Umhyggju.

Logi Helgason
O. Stefanía Helgadóttir
Bryndís Helgadóttir
Jón Tryggvi Helgason
Helgi Þór Helgason
og fjölskyldur.

Bergþór Engilbertsson

Hrönn Ísleifsdóttir
Soffía Jónsdóttir



BARITÓNSÖNGVARINN
Gott tækifæri gefst til
að hlýða á söng Ágústs
Ólafssonar ókeypis á
hádegistónleikum í
Hafnarborg á morgun.

Tælingarhljóð karla

Tælingarhljóð mannskepnunnar, nánar tiltekið karldýrsins,
er þema hádegistónleika Hafnarborgar í Hafnarfirði í
dag. Þá mun Ágúst Ólafsson baritónsöngvari flytja nokkur
dæmi um serenöður eða mansöngva úr heimi klassískrar
tónlistar við undirleik Antoníu Hevesi. Meðal annars verður
ur á vegi okkar flagarinn mikli Don Juan, einnig hallæris-
gaurinn, ljúflingurinn, hrokagikkurinn og fleiri týpur sem
gera tilraun til að heilla kvenþjóðina með söngroddinni.

Ágúst er Hafnarfirðingur að uppruna og lærði söng við
Tónlistarskólann þar áður en hann hélt út í heim til frek-
ara náms. Hann hefur verið mikilvirkur óperusöngvari
á síðustu árum, auk þess að hafa sungið fjölda ljóðasöng-
stónleika bæði hér heima og erlendis. Hann hlaut Grímu-
verðlaunin 2009 sem söngvari ársins, Íslensku tónlistar-
verðlaunin 2010 sem rödd ársins og 2011 sem flytjandi
ársins ásamt Gerrit Schuil. Nú æfir hann hlutverk Marcello
í sýningu Íslensku óperunnar á La bohème í Hörpu.

Tónleikarnir í Hafnarborg hefjast á slaginu 12 og standa
yfir í hálf tíma. Þeir eru ókeypis og öllum opnir meðan
húsrúm leyfir.


- gun

Ástir og örlög sandlóunnar

Hinn síkviki fugl sandlóan
verður í brennidepli á
fræðslufundi Fuglaverndar
sem haldinn verður í kvöld.
Þar lýsa þeir Vigfús Eyjólfsson
og Böðvar Þórisson að
rannsóknunum sem þeir hafa
stundað á henni um árabíl,
hvor á sínu svæði – hvernig
þeir hafa fundið út skilnaða-
tíðni, varþarángur, ferðalög

og fjölmargt fleira í lifnað-
arháttum þessa smávaxna
vaðfugls.

Fundurinn er í húsakynn-
um Arionbanka í Borgartúni
19 og hefst klukkan 20.30.
Gengið er inn um aðalinn-
gang hússins á austurhlíð.
Aðgangur er ókeypis fyrir
félaga í Fuglavernd en kost-
ar 500 krónur fyrir aðra. - gun



SANDLÓA Sandlóan flýgur langt í suður á haustin og Íslendingar í
vetrardvöl á Kanarí-eyjum geta rekist þar á nágranna af þeim stofni.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sólveig Sigurðardóttir

frá Gvendareyjum,
Skólástíg 14, Stykkishólmi,

sem lést fimmtudaginn 23. febrúar, verður jarðsöngin
frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 9. mars kl. 14.00.

Magdalena Kristinsdóttir
Sigrún Kristinsdóttir
Sesselja Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Pétursson

Árni Valgeirsson



Elsku drengurinn okkar, bróðir,
ömmubarn og frændi,

Gunnar Örn Gunnarsson,

sem lést af slysförum í Tansaníu laugardaginn 18.
febrúar, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í
Reykjavík þriðjudaginn 7. mars kl. 15.00

Mjöll Helgadóttir
Óssur Gunnarsson
Soffía Gunnarsdóttir
Hrafnhildur Thoroddsen.

Gunnar Þorsteinsson

Eyrún Valsdóttir
Daníel Helgi Gunnarsson



Elsku maðurinn minn, pabbi okkar,
sonur og tengdasonur,

Steingrímur Jóhannesson

frá Vestmannaeyjum,
Hæðargarði 42, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn
1. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju
mánudaginn 12. mars kl. 13.00.

Jóna Dís Kristjánsdóttir
Kristjana María Steingrímsdóttir
Jóhanna Rún Steingrímsdóttir
Geirrún Tómasdóttir
María Gústafsdóttir
og fjölskyldur.

Kristján Birgisson



Okkar ástkæri

Kristján Helgi

Guðmundsson

bóndi,
Minna-Núpi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi,
fimmtudaginn 1. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Ámundi Kristjánsson
Herdís Kristjánsdóttir
Guðbjörg Ámundadóttir
Snorri og fjölskylda
Erla og fjölskylda
Guðrún og fjölskylda



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Margrét Finnbogadóttir

andaðist laugardaginn 3. mars á Droplaugarstöðum.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Valgerður I. Jóhannesdóttir

Rafnhildur R. Jóhannesdóttir
og fjölskyldur.

Sigurður Sverrir

Guðmundsson
Agnar Olsen



Ástkær móðir okkar,

Lára Kristjana Ólafson

lést á Hrafnistu í Reykjavík 1. mars. Útförin fer fram frá
Fossvogskapelli fimmtudaginn 8. mars kl. 13.00.
Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu
minnst hennar er bent á Thorvaldsensfélagið,
Austurstræti 4, Reykjavík.

Jakob Páll Jóhannsson
Birna Jakóbina Jóhannsdóttir
Lárus Jóhannsson

Boddýhlutir



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LÁRÉTT

2. kveina, 6. kusk, 8. mælieining, 9. gerast, 11. tveir eins, 12. sjúga, 14. sáldur, 16. berist til, 17. uppistaða, 18. drulla, 20. sjó, 21. malargryfja.

LÓÐRÉTT

1. fyrst fædd, 3. tveir eins, 4. planta, 5. mjög, 7. galli, 10. skammstöfun, 13. skrá, 15. hvæs, 16. hryggur, 19. óreiða.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. emja, 6. ló, 8. mól, 9. skei, 11. líl, 12. tötta, 14. svart, 16. b, 17. lón, 18. aur, 20. sæ, 21. krús.
LÓÐRÉTT: 1. elst, 3. mm, 4. jólarós, 5. all, 7. ókostur, 10. etv, 13. tal, 15. fnaes, 16. bak, 19. rú.



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Ekkert hefur breyst

BAKPANKAR Svavar Hávarðsson

Þegar ég flosnaði upp úr námi á sínum tíma hafði ég ekki klárað helminginn af þeim einingum sem mér bar að skila til stúdentsprófs á félagsfræðibraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Hafði ég þó „stundað námið“ í fjögur ár í það heila. Eftir nokkur ár á togara settist ég svo aftur veturlangt á skólabekk á Selfossi og kláraði það sem ég átti eftir, enda hafði ég þá nýlega fengið þá flugu í höfuðið að Háskóli Íslands væri eitthvað fyrir mig. Ég hafði því skýrt markmið og ég lagði mig fram. Þann vetur komst ég að því að það kemur sér vel í prófum að mæta í tíma og frumlesa ekki námsefnið nóttina áður. Þýska er gott dæmi, í þessu samhengi. Stærðfræði er annað.



Þegar í háskólann var komið tóku sig upp gamlir siðir. Það skal bara viðurkennt að brennivín og kvennafar höfðu meira aðdráttarafl heldur en Aðferðir I. Öldurhúsin höfðu þennan fyrsta vetur vinninginn yfir skólastofunni og eftirtekjan í samræmi við það. Þegar frá leið

endurtók sagan sig hins vegar og árangurinn batnaði í samræmi við ástundun.

NÚ BERAST fréttir af því að nýnemar við Háskóla Íslands taki nám sitt ekki alvarlega. Af þessu hafa kennarar háskólans áhyggjur og spyrja sig hvað veldur. Menn vísa til þess að áhugi nýnema hafi sjaldan eða aldrei verið eins lítill og nú, og reyndar má skilja það af tali háskólanna að ný samskiptatækni leiki stórt hlutverk í því að afvegaleiða ungt fólk.

ÉG HELD ekki. Ég held reyndar að ekkert hafi breyst. Á öllum tímum er það einfaldlega þannig að ungt fólk hefur meiri áhuga á rassinum á samnemendum sínum en því sem er verið að reyna að miðla í skólastofu. Og að skemmta sér í hópi jafnaldra sinna. Það var þannig þegar kennarar háskólans hófu nám, það var þannig þegar ég hóf nám og það verður þannig næsta haust, og svo öll árin eftir það.

ÞAÐ sem háskólamenn eiga að einbeita sér að er ekki áhugi eða áhugaleysi ungu kynslóðarinnar. Hún sér um sig sjálf. Hins vegar á það að vera verkefni háskólanna að bjóða unga fólkinu fjölbreytta og góða kosti til náms. Góðan háskóla sem stenst alþjóðlegan samanburð. Ungu fólkið sem mun nýta þau tækifæri á hverjum tíma mun sanna sig. Sannið bara til.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





VAKTU Hljómsveitin Tilviljun? gefur út smáskífuna Vaktu og heldur útgáfu-tónleika í tilefni af því.

Spegilmynd

Sýning á verkum Einars Hákonarsonar listmálara var nýlega opnuð í Norræna húsinu og stendur til 18. mars. Verk úr norrænni goðafræði, dulúðgt landslag og spegilmynd samtímans eru meðal yrkisefna málarans og kraftmiklir litir kallast á við agaða myndbyggingu.

Einar hefur verið búsettur á Hólmavík á Ströndum síðustu ár. Hann er einn aðal portrettmálari Þjóðarinnar og hefur málað ýmsa stjórnálmenn, listamenn og skáld. Verk hans prýða ýmsar opinberar byggingar, skóla, bankastofnanir, kirkjur og sali Alþingis.

Á ferli sínum hefur Einar haldið yfir 40 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um lönd.



SLEIPNIR Verkin á sýningu Einars eru meðal annars úr norrænni goðafræði.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 6. mars 2012

→ Tónleikar

12.00 Ágúst Ólafsson barítón og Antonía Hevesi píanóleikari halda hádegistónleika í Hafnarborg.

20.30 Tríó trommuleikarans Scott McLemore spilar á sjöundu tónleikum djasstónleikaraðarinnar á KEX Hosteli.

21.00 Benni Hemm Hemm og Jón Ólafsson mæta á Café Rosenberg.

→ Fyrirlestrar

12.05 Sigurður Gylfi Magnússon flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands sem hluti af hádegisfundaröð Sagnfræðinga-félags Íslands: Hvað eru minningar?

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Þrjár hljómsveitir í einni

„Við erum eiginlega þrjár hljómsveitir í einni. Í fyrsta lagi erum við hljómsveit sem gefur út frumsamið efni. Svo erum við hljómsveit sem spilar á kaffihúsum, böllum, brúðkaupum og þess háttar, og að lokum erum við hljómsveit sem spilar í kirkjum,“ segir Elías Bjarnason, annar gítarleikari hljómsveitarinnar Tilviljun?

Hljómsveitin Tilviljun? hefur verið starfandi síðan árið 2010. „Við spilum helst rokktonlist en þó í bland við reggí, fönk, blús og djass,“ segir Elías og bætir við að hljómsveitin vinni saman að öllu sínu efni og semji lögin í sameiningu.

Þrjár bræður Elíasar spila í hljómsveitinni auk hans. Það eru þeir Aron á trommur, Markús á gítar og Birkir á píanó. Auk þeirra bræðra samanstendur hljómsveitin af Gylfa Braga Guðlaugssyni, bassaleikara og þeim Auði Sif Jónsdóttur, Önnu Bergljótu Böðvarsdóttur og Ingi-björgu Hrönn Jónsdóttur sem annast sönginn.

Hljómsveitin er nú að gefa út smáskífuna Vaktu, sem er með fimm frumsömdum lögum. Í tilefni útgáfunnar verða tónleikar nú í kvöld klukkan 20 í Fríkirkjunni í Reykjavík. „Við munum einblína helst á okkar eigið efni og vera í rokkgírnum,“ segir Elías og bætir við að textar hljómsveitarinnar séu flestir innblásnir af kristilegum boðskap en að tónlistin eigi þó að höfða til flestra.

- trs

Hádegistónleikar

í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU
OKKUR
EYRA



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Föstudagurinn 9. mars í Hátíðarsal Háskóla Íslands

Ráðstefna á vegum EFTA dómstólsins og lagadeildar Háskóla Íslands

í samvinnu við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík

Málsmeðferð við forúrlausnir og aðgangur að dómstólum innan Evrópska efnahagssvæðisins

The Preliminary Reference Procedure and Access to Justice in the European Economic Area



Dagskrá / Programme

- | | |
|--|---|
| <p>09.15 Opnunarávarp
Opening
Róbert R. Spanó, forseti lagadeildar HÍ</p> <p>09.20 Kynning
Introduction by Chair
Katrín Heimisdóttir, lektor við lagadeild HA</p> <p>09.25 Fyrirkomulag eftirfylgni samkvæmt EES samningnum
The Enforcement System of the EEA Agreement
Carl Baudenbacher, forseti EFTA dómstólsins</p> <p>09.55 Andsvör og athugasemdir
Comments and Discussion
Margrét Einarsdóttir, dósent við lagadeild HR</p> <p>10.20 Kaffihlé – Break</p> <p>10.40 Kynning
Introduction by Chair
Ágúst Þór Árnason, deildarformaður lagadeildar HA</p> <p>10.50 Grundvallarréttindi í EES rétti
Fundamental rights in EEA law
Dávid Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu</p> <p>11.30 Andsvör og athugasemdir
Comments and Discussion
Maria Elvira Mendez Pinedo, prófessor við lagadeild HÍ</p> <p>12.00 Hádegishlé/Léttar veitingar – Lunch Break</p> | <p>13.00 Kynning
Introduction by Chair
Bryndís Hlöðversdóttir, rektor háskólans á Bifröst</p> <p>13.10 Hlutverk Evrópu dómstólsins við vernd réttinda einstaklinga og lögaðila
Protection of Individual Rights by the ECJ
Camelia Toader, dómari við Evrópu dómstólinn</p> <p>14.00 Andsvör og athugasemdir
Comments and Discussion
Dóra Guðmundsdóttir, aðjúnkt við lagadeild HÍ</p> <p>14.30 Kaffihlé – Break</p> <p>15.00 Samvinna innlendra dómstóla og dómstóla í Lúxemborg við forúrskurði og ráðgefandi álit
Cooperation between National Courts and the EFTA Court in the Preliminary Reference Procedure</p> <p>Pallborðspáttakendur / Panel Discussions
Andreas Batliner, forseti Stjórnsýsludómstóls Liechtenstein
Skúli Magnússon, ritari EFTA dómstólsins
Stefán Geir Þórisson, hæstaréttarlögmaður
Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður
Fundarstjóri: Þorgeir Örlygsson, hæstaréttardómari</p> <p>15:50 Ráðstefnulok
Final Remarks and Farewell
Páll Hreinsson, dómari við EFTA dómstólinn</p> <p>16:00 Móttaka í boði lagadeildar HÍ
Reception</p> |
|--|---|

Ráðstefnan verður á ensku og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.





MEIRA EN FIMM ÞÚSUND MANNS hafa séð fjölskylduleikritið Gulleyjuna sem Leikfélag Akureyrar hefur sýnt fyrir fullum sal fólks frá því í janúar. Upphaflega stóð til að sýna verkið til 21. mars, en það hefur verið framlengt til 21. apríl vegna góðrar aðsóknar.

NÚTÍMATÓNLIST Í RÉTTU SAMHENGI

Tónlist ★★★★★

Tectonics tónlistarhátíðin

1.-3. mars í Hörpu

Listrænn stjórnandi: Ilan Volkov

Ég fór einu sinni á námskeið í tónlist „framandi“ þjóða. Þar var fjallað um tónlist í tíbetskri búddatrúariðkun og japönsku sjintó, einnig indónesíska gamelantónlist og þar fram eftir götunum. Verkefni mitt var að umrita tíbetska söngva í hefðbundna, vestræna nótnaskrift. Og greina söngvana og setja í samhengi við tíbetskar trúarathafnir.

Það fyrsta sem kennarinn minn skammaði mig fyrir var að ég fór strax að bera saman tónlistina við það sem ég þekkti úr vestrænni, klassískri tónlist. Það átti ég alls ekki að gera. Tíbetsk búddatrúartónlist á ekkert sameiginlegt með einhverri klassík. Ég átti að fjalla um hana í samhengi tíbetskrar búddatrúar, sínu eigin samhengi.

Ég kasta þessu fram hér, vegna þess að munurinn á nýrri tónlist og þeirri sem yfirleitt heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands er alveg jafn mikill. Nánast eins og tónlist tveggja menningarsamfélaga hvor sínu megin á hnettinum.

Hingað til hefur þetta tvennt gjarnan blandast á sömu tónleikum Sinfóníunnar. Vissulega eru sérhæfðir sinfóníutónleikar á Myrkum músíkdögum, og líka á Norrænum músíkdögum þegar þeir eru haldnir á Íslandi. En oftar er nýjum verkum bara stillt upp í efnisskrá, sem að öðru leyti samanstendur af sinfóníum eftir Mahler, Beethoven og aðra höfuðsnillinga.

Ég held að engum sé greiði gerður með því. Fólk sem ætlar sér að hlusta á Mahler, en neyðist í leiðinni til að heyrja eitthvað allt öðruvísi á undan, verður ekkert endilega neitt upprifið. Það er eins og ef maður ætlaði í kaþólska messu, en neyddist til að syngja nokkur „hari Krishna“ á undan.



ALVEG EINSTAKT Flutningur Áshildar Haraldsdóttur á Solitude eftir Magnús Blöndal stóð upp úr á öðrum degi Tectonics-hátíðarinnar að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nei, nýja tónlist, að minnsta kosti þá í framsæknari kantinum, á að setja í samhengi við 21. öldina, ekki þá 19. Í samhengi við raf- og tölvutækni, og tölvutónlist, sem er svo stór þáttur af umhverfi okkar. Og í samhengi við brautryðjendur á þessu sviði. Auðvitað er til fullt af nýjum tónverkum sem eru samin fyrir gömul, órafmögnum hljóðfæri. En meira að segja þar er tölvan ekki langt undan. Þau eru orðin ansi fá tónskáldin sem ennþá skrifa tónlist með blýanti.

Getur Sinfónían orðið róttæk?

Tectonics tónlistarhátíðin, sem fram fór frá fimmtudegi til laugardags, skapaði rétt samhengi. Þar var umgjörðin ekki sinfóníu eftir Brahms og einleikskonserter eftir Chopin. Ramminn var tónlist eftir tvo frumkvöðla nútímatónlistar, annan íslenskan, hinn útlenskan, Magnús Blöndal

Jóhannsson og John Cage. Það var einkar vel tilfundið.

Aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ilan Volkov, á veg og vanda af stofnun hátíðarinnar. Hann var jafnframt listrænn stjórnandi hennar. Yfirskriftin var eftirfarandi spurning: „Hvernig getur hljómsveit, sem er afsprengi 19. aldarinnar, orðið framsæknari og róttækari? Er það mögulegt?“

Svarið blasti við þegar ég kom í Hörpu um sjöleytið um fimmtudagskvöldið. 58 blástursleikarar höfðu tekið sér stöðu á svölum anddyris hússins og voru að spila. Þetta var verkið Fifty-Eight eftir John Cage. Í ár hefði hann orðið hundrað ára. Tónlistin var fremur tilviljunarkennd og spontant, eins og svo margt eftir Cage. Hver hljóðfæraleikari hafði ákveðnar nótur fyrir framan sig, en hann mátti ráða hvernig þær voru leiknar.

Útkoman var dálítið drungaleg, en samt var einhver grípandi undiralda sem lofaði góðu um hátíðina fram undan. Þarna var hljómsveit, sem var óeitanlega afsprengi 19. aldarinnar, í róttækri umgjörð. Og hún virkaði.

Sjaldfenginn kokteill

Hátíðin skartaði alveg nýrri tónlist, eða þá nýrri tónlist sem kallast á einhvern hátt á við tónheim Magnúsar eða Cage. Og svo voru verk eftir þá tvo, eins og áður sagði.

Með mögnuðustu atriðum kvöldsins var þegar nokkrir framsækni tónlistarmenn úr rafgeiranum á borð við Reptilicus og Stilluppsteypu fluttu tónsmíð fyrir kassettutæki eftir Cage. Flytjendur höfðu raðað sér víðsvegar um salinn, hver og einn með tæki og kassettu með einhverju sem varla heyrðist í. Agnarsmáar raddirnar úr tækjunum sköpuðu óræða stemningu sem lengi verður í minnum höfð.

Ég nefndi Reptilicus og Stilluppsteypu. Eitt megineinkenni hátíðarinnar var einmitt skemmtileg blanda hljóðfæraleikara Sinfóníunnar og framsækinnar raftónlistarmanna. Það var kokteill sem er sjaldfenginn í íslensku menningarlífi.

Annað glæsilegt atriði var akkúrat svona kokteill, í þetta sinn spunatónleikar. Þar leiddu saman hesta sína ástralski rafmagnsgítarleikarinn Oren Ambarchi og Sinfónían undir stjórn Volkovs. Útkoman tilfinningaþrunginn tónaseiður, ef til vill full langur, en engu að síður dáleiddandi og áhrifamikill.

Nokkur frábær atriði

Daginn eftir var komið að hinum brautryðjandanum á hátíðinni, Magnúsi Blöndal Jóhannssyni, sem lést fyrir sjö árum. Hann er auðvitað þekktastur fyrir dægurlagið ódauðlega, Sveitina milli sanda. En eftir hann er líka fullt af tilraunakenndum tónsmíðum, enda lagði hann grunninn að íslenskrari raftónlist.

Með fullri virðingu fyrir öðrum flytjendum var tvennt sem stóð upp úr. Solitude eftir Magnús frá 1983, sem flutt var af Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara, var alveg einstakt. Áshildur spilaði svo fallega, með svo mjúkum en taktföstum líkamshreyfingum, og með svo ótrúlega yndislegum hljómi, að það verður mér ógleymanlegt.

Dimension frá 1961 var líka með því alflottasta á hátíðinni. Una Sveinbjarnardóttir spilaði á fiðlu. Leikur hennar var svo fókuseraður og kraftmikill, einbeit-

ingin og snerpan svo yfirgengileg, og tónlistin bara öll svo mergjuð í höndum hennar, að maður varð alveg frávitá.

Það skiptir máli hvernig tónlist er flutt. Ekki síst ný og óaðgengileg tónlist. Hér var svo sannarlega vandað til verka.

Slátur og Kaktus

Síðasti dagurinn, laugardagurinn, var fyrst og fremst helgaður splunkunýrri tónlist. Þar heyrðist margt prýðisgott. Skemmtilegustu tónleikarnir sem ég fór á voru tónleikar Sláturs í Norðurljósum Hörpu um kvöldið. Svo verð ég að nefna endapunkt hátíðarinnar, uppákomu í Listasafni Reykjavíkur.

SLÁTUR er skammstöfun fyrir Samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík. Tónlist meðlima hópsins, sem eru í kringum 20, einkennist af mikilli tilraunagleði þar sem húmorinn er sjaldnast langt undan. Ég hef farið á nokkra tónleika hópsins, og þeir hafa oftar en ekki liðið fyrir lélegan hljómburð og almennt slæmar aðstæður. En Norðurljós er fínn salur með aðáúanverðum hljómburð. Öll verkin komu prýðilega út og sum voru sérlega grípandi.

Á uppákomunni í Listasafninu var tvennt. Annarsvegar sérstök útgáfa verks eftir Cage, Interdeterminacy. Það var flutt af Ghostigital (Einari Erni Benediktssyni og Curver Thoroddsen) og Ásgerði Júnísdóttur söngkonu. Einar Örn las sögur, en Curver, sem var í eldhúsi í New York, og á skjá með aðstoð Skype, var eitthvað að bústanga. Ásgerður spann divukenndar tónahendingar, en tók hættulegt æðiskast í lokin. Þetta þrennt virtist vera í algeru ósamræmi, en það small saman á einhvern skringilegan hátt. Heildarmyndin var afar skemmtileg.

Hitt verkið var Child of Tree eftir Cage. Sjálfur Ilan Volkov spilaði það – á nokkra kaktusa! Á þá höfðu verið festir míkrofónar. Þeir gáfu frá sér vatnskennd hljóð, mismunandi tónhæðir. Flutningurinn var stuttur, en í honum var nýbreytnin og spennurinn á hátíðinni í hnotskurn.

Tónlist er vissulega laglínur, hrynjandi, dúr- og mollhljómar. En hún getur verið svo miklu, miklu meira. Um það var Tectonics.

Jónas Sen

Niðurstaða: Sumt á Tectonics hátíðinni var einstaklega glæsilegt og skemmtilegt. Samsetningin ólíkra viðburða var sníll. Hátíðin í heild var einn merkasti viðburður í íslensku tónlistarlífi í lengri tíma.

Yfirnáttúrulegur veitingastaður

HAMINGJA
HEILSA
VELLIDAN

Opnunartími: Virka daga 11-21
Laugardaga 11-17

Listhúsinu Laugardal • Engjateig 19 • 105 Reykjavík
Sími 553 1111 • www.glo.is

RESTAURANT

WHIRLPOOL Á ÍSLENSKU



Nýju Whirlpool þvottavélarnar með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi eru komnar!



- Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir
- 6th Sense – Sparar allt að 50% af orku, vatni og tíma
- Daglegt þvottakerfi – 40° daglegt kerfi þar sem má blanda bæði bómull og gerviefnum
- Clean+ – Sérstakt þvottakerfi sem hjálpar til við að losna við blettina
- Vélin fæst bæði í 6kg og 7kg útgáfu

Whirlpool er stærsti heimilistækjaframleiðandi heims.



SENSING THE DIFFERENCE



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

mid.is

★★★★
★★★★

SVARTUR Á LEIK

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI
YFIR 10.000 MANNS
Á 5 DÖGUM!

ÞRIÐJUDAGSTILBOD

FRÁBER FJÓLSKYLDUMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI

TÖFRATENINGURINN

ARTIST

HAYWIRE

SMÁRABÍÓ	GLEAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16	SVARTUR Á LEIK	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
SVARTUR Á LEIK LÚXUS	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16	TÖFRATENINGURINN	KL. 6	L
TÖFRATENINGURINN	KL. 3.40	L	GHOST RIDER 3D	KL. 8	12
HAYWIRE	KL. 5.50 - 8	16	THIS MEANS WAR	KL. 8 - 10.15	14
GHOST RIDER 3D	KL. 5.50 - 8 - 10.15	12	STAR WARS EPISODE 1 3D	KL. 10.15	10
THIS MEANS WAR	KL. 8 - 10.15	14	THE DESCENDANTS	KL. 5.30	L
STAR WARS EPISODE 1 3D	KL. 5	10	LISTAMADURINN	KL. 6 - 8 - 10	L
SAFE HOUSE	KL. 10.30	16	BORGARBIÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 3.40	L	SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10	16	
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3.40	L	GHOST RIDER 2 3D	KL. 10	12
			HAYWIRE	KL. 8	16

SAMBÍÓIN **SAMBIO.IS**

Ein besta draugamynd síðari ára

★★★★
★★★★

THE WOMAN IN BLACK

Myndin sem hefur sett síðustu 3 vikur á toppnum í Bretlandi og notið grófa vinsældu í USA.

Toppmyndin á Íslandi og vinsælasta myndin í heiminum í dag

1000 kr á 3D sjónvagn

FRÁBER JEINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA MÖGNUÐ ÞRÍVÍDD

JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND

FRÁBER GAGNMYND MEÐ SÍÐVIRNUM HÁMUR

A FEW BEST MEN

Fréttir um Death of a Fool

5 ÓSKARS-VERÐLAUN

TILMÉND TIL 2 ÓSKARS-VERÐLAUNA

HUGO

Besta myndin til dags

CONTRABAND

Tilboð 850 kr.

HAYWIRE

Tilboð 850 kr.

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
THE WOMAN IN BLACK	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D 16
THE WOMAN IN BLACK VIP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D 16
JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND 3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D 16
JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND	kl. 5:50 - 8	2D 16
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:10	2D 16
BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIR)	kl. 6	3D 16
HUGO Með texta	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D 16
ONE FOR THE MONEY	kl. 10:10	2D 16
CONTRABAND	kl. 8 - 10:20	2D 16
SMÁRABÍÓ	AKUREYRI	KEFLAVÍK
THE WOMAN IN BLACK	kl. 8 - 10:20	2D 16
JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND	kl. 6	3D 16
PRÓDULEKARNIR	kl. 6	2D 16
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:20	2D 16
SMÁRABÍÓ	SELFOSS	KEFLAVÍK
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:20	2D 16
CONTRABAND	kl. 8	2D 16
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:20	2D 16
BEAUTY & THE BEAST (FRÍÐA OG DÝRIR)	kl. 6	2D 16
PUSS IN BOOTS	kl. 6	2D 16

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

mid.is **LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

750 KR.

950 KR. í 3D þrívídd

SVARTUR Á LEIK

JOURNEY 2

SKRÍMSLI Í PARÍS

THE GREY

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ

SVARTUR Á LEIK 8 og 10.15
JOURNEY 2 3D 6
SAFE HOUSE 8 og 10.20
SKRÍMSLI Í PARÍS 2D 6 ISL TAL
THE GREY 10.15
THE IRON LADY 5.50 og 8



MISLUKKAD Frammistaða Lindsay Lohan í Saturday Night Live þótti slök og ekki til fyrirmyndar.

MISHEPPNUÐ ENDURKOMA

Lindsay Lohan var gestur í skemmtiþættinum Saturday Night Live um síðustu helgi. Frammistaða hennar þótti ekki eins góð og vonast hafði verið eftir.

Leikkonunni Lindsay Lohan gengur illa að endurheimta feril sinn eftir áralanga baráttu við áfengi, eiturlyf og bandaríska réttarkerfið. Í byrjun árs sat Lohan fyrir hjá timaritinu Playboy en sala blaðsins var langt undir væntingum. Um helgina kom Lohan fram sem gestastjórnandi í gamanþættinum Saturday Night Live en frammi- staðan þótti heldur mislukkuð.

Saturday Night Live átti að vera eins konar endurkoma Lohan í skemmtanabransann en frammi- staða hennar þótti langt því frá góð. Að sögn gagnrýnanda Huffington Post var augljóst að Lohan var komin úr æfingu og var leik- ur hennar ekki sannfærandi eða góður. Auk þess var augljóst að hún las textann sinn af skjá- varpa, það mátti sjá augun færast fram og til baka, og fór það mikið í taugarnar á umræddum gagn- rýnanda.

Fleiri taka í sama streng, frammi- staða leikkonunnar þótti einfaldlega ekki nógu góð, og telja margir að Lohan eigi líklega aldrei afturkvæmt í skemmtana- bransann.

ALLTAF AÐ KLÚÐRA SÍNUM MÁLUM

24. júlí 2007
Lohan handtekin fyrir ölvunaraktur og vörslu eiturlýfja. Leikkonan neitar að gangast undir ölvunarpróf og er því flutt á lögreglustöð þar sem í ljós kemur að áfengismagnið í blóði hennar er töluvert yfir leyfilegum mörkum.

Apríl 2010
Lohan hreppir hlutverk Lindu Lovelace í kvikmyndinni Inferno. Í nóvember sama ár er hún rekin frá verkefnum þar sem hún þótti ekki nógu áreiðanlegur starfskraftur.

Mái 2010
Lohan mætir ekki fyrir rétt þar sem hún situr fóst í Cannes í Frakklandi. Hand- tókuskipan er gefin út á hendur henni en síðar aturkölluð. Lohan er m.a. skikkuð til að mæta í fræðslutíma um áhrif áfengis.

6. júlí 2010
Lohan stendur ekki við ofangreind atriði og er dæmd í 90 daga fangelsi. Að fangavistinni lokinni á Lohan að skrá sig í þriggja mánaða áfengismeðferð. Í þetta sinn sat Lohan inni í 14 daga og fór því næst í meðferð.

24. september 2010
Lohan er aftur sett á skilorð því hún féll á eiturlýfjaprófi. Hún situr einn dag inni og fer því næst aftur í meðferð á Betty Ford- meðferðarstofnunina.

9. febrúar 2011
Lohan dæmd fyrir þjófnað. Hún er dæmd í 120 daga fangelsisvist, 360 klukkustunda sam- félagsþjónustu og 120 klukkustunda vinnu í líkhúsi.

Janúar 2012
Lohan situr fyrir á forsíðu Playboy. Með þessu ætlaði hún að endurveka feril sinn. Tölublaðið stóðst ekki söluvæntingar.

Mars 2012
Lohan er gestastjórnandi í Saturday Night Live.

Áfram kristmenn krossmenn

Bíó ★★★★★

Machine Gun Preacher

Leikstjóri: Marc Forster



Leikarar: Gerard Butler, Michelle Monaghan, Michael Shannon, Souleymane Sy Savané, Kathy Baker

Sam Childers er ofbeldishneigður sprautufíkill sem finnur Jesúm og snýr við blaðinu. Hann ferðast til Suður-Súdan en blóskarar vösbúðin og ákveður því að byggja munaðar- leysingjahæli. Eftir tíðar heimsóknir blóðþyrstra skæruliða að safna í fámenna herdeild til að verja hælið og börnin. Miskunnarlaust og tilgangslaust ofbeldið tekur þó sinn toll og geðheilsu Sáms fer sífellt hrakandi.

Fyrri hluti Machine Gun Preacher er áhugaverður. Mér sýndist stefna í hressilega exploitation-mynd að hætti Krossins og fjaðurhniðsins með Pat Boone, nema í léttum dúr, en fljótlega rann það upp fyrir mér að tætarapresturinn tók sig alvarlega og gott betur. Butler er mjög frambær- legur dramatiskur leikari og í eyrum óreynda Íslendingans hljómar Suðurírkjahreimurinn hans sannfærandi þrátt fyrir skoskan uppruna leikarans. En myndin dregst á langinn og eftir stendur fremur ófullnægjandi hræringur, búinn til úr línsoðnum síðferðisboðskap og hrottafengnum blóðsút- hellingum í anda myndanna um Jón Rambó.

Ég ætla þó ekki að rakka niður ótvírætt skemmt- anagildi myndarinnar á köflum, en þessi sannsögulega aðalpersóna er óumdeilanlega athyglisverð og þrýðilegur efniviður í kvikmynd. Stærsta vandamálið er losaralegt handritið sem veit ómögulega hvað það vill vera og hvað það vill segja, og því er útkoman eins og uppkast að mynd frekar en fullklárað listaverk. Þó vil ég sérstaklega hrósa söngvaranum Chris Cornell, en hann á afskaplega fallett lag í lok myndarinnar.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Óvenjuleg mynd sem fer vel af stað en tapar áttum. Butler nær þó að yta skríðnum langleiðina heim.

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: **BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ **MACHINE GUN PREACHER** 17:30, 20:00, 22:30 ■ **THE AWAKENING** 20:00, 22:00 ■ **THE SKIN I LIVE IN** 20:00 ■ **THE DESCENDANTS** 22:20 ■ **MY WEEK WITH MARILYN** 18:00 ■ **ELDFJALL** 18:00
ISL. TEXTI ENG. SUBS

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

SVARTUR Á LEIK (BLACK'S GAME) ENGLISH SUBTITLES

MACHINE GUN PREACHER

Fyllist meðaumkun

Leikkonan Cate Blanchett er á móti lýtalækningum og mundi ekki gangast undir slíkt sjálf, þetta segir hún í nýju viðtali. „Undanfarinn áratug hefur fólk verið að gera ýmislegt við andlit sitt og líkama. Núna, tíu árum síðar, sjáum við að þessar breytingar eru ekki alltaf til hins betra. Ég ætla ekki að skipta mér af því sem fólk kys að gera við sig, en ég veit að ég mundi ekki gera þetta sjálf. Ég fyllist meðaumkun þegar ég sé fólk sem hefur farið hamförum í slíkum breytingum,“ sagði leikkonan.



EKKI UNDIR HNÍFINN Leikkonan Cate Blanchett er á móti lýtalækningum. NORDICPHOTOS/GETTY

Svartur á leik sýnd í Hong Kong

Óskar Þór Axelsson, leikstjóri myndarinnar Svartur á leik, ferðast til Hong Kong í lok mars þar sem myndin verður sýnd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð þar í borg. „Mér skilst að þetta sé ein af þremur aðalháttunum í Asíu. Ég er mjög ánægður með þetta því Asía er stór og spennandi markaður. Þessi mynd gæti virkað á Asíumarkaði,“ segir Óskar Þór.

Búið er að selja sýningarréttinn á Svartur á leik til allra Norðurlandanna, Bretlands, Hollands, Belgíu, Lúxemborgar og Eistlands. Fleiri lönd eiga eftir að bætast í hópinn. Rúmlega 8.200 manns borguðu sig inn á myndina um síðustu helgi sem er þriðji besti árangur íslenskrar frumsýningar myndar frá upphafi. Aðeins Mýrin og Bjarnfreðarson hafa náð betri árangri. „Þetta er eiginlega framar vonum,“ segir leikstjórinn. „Mér finnst að myndir eigi að vera skemmtilegar fyrst og fremst. Við erum búin að



Á LEIÐ TIL HONG KONG Óskar Þór Axelsson ásamt aðalleikkonunni Mariu Birtu. Hann er á leiðinni til Hong Kong í lok mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kynna hana sem undirheimamynd en það er ekki mikið talað um að hún er fyndin og sniðug. Það hefur kannski komið fólk á óvart.“ - fb



LÖGUM STOLIÐ Óútgefnum lögum með Michael Jackson var stolið frá Sony.

Óútgefnum lögum stolið

Tölvuhakkarar hafa stolið yfir fimmtíu þúsund lögum frá útgáfufyrirtækinu Sony, þar á meðal óútgefnum og ókláruðum lögum sem Michael Jackson tók upp með will.i.am. „Allt sem Sony keypti af dánarbúi Michaels Jackson var tekið,“ sagði heimildarmaður The Sunday Times. „Þeir skoðuðu tölvukerfið sitt og eru búnir að stöðva lekann.“

Sony keypti réttinn til að selja öll lög Jacksons árið 2010, ári eftir að hann lést. Fyrirtækið tryggði sér einnig réttinn til að gefa út allt að tíu plötur með popparanum.



NÝTT LAG Hljómsveitin Blur ætlar að frumflytja nýtt lag í sumar.

Frumflytur nýtt lag

Hljómsveitin Blur ætlar að frumflytja nýtt lag á lokaathöfn Ólympíuleikanna í London í sumar. Þetta upplýsti bassaleikarinn Alex James í sjónvarpsþættinum Top Gear. „Við ætlum að afhjúpa nýtt lag. Ég hlustaði á það í morgun,“ sagði James og bætti við að lagið hljómaði eins og tilfinningaríkur sálmur.

Blur frumflutti annað nýtt lag á dögnum, Under the Westway, sem var það fyrsta síðan Fool's Day kom út fyrir tveimur árum. Sveitin spilar í Hyde Park 12. ágúst á lokahátíð Ólympíuleikanna ásamt New Order og The Specials.

BIKINÍ-ÁSKORUN



Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



VALSKONUR geta í kvöld jafnað KR og Hauka að stigum í baráttunni um sæti í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna með sigri á KR í DHL-höllinni en leikur liðanna hefst klukkan 19.15. Valsliðið hefur unnið þrjá leiki í röð og það ásamt slæmu gengi KR (5 töp í röð) og Hauka (4 töp í röð) hafa gefið Hliðarendakomum von um að komast í úrslitakeppnina þrátt fyrir að staðan hafi verið svört um tíma. Liðin er í 4. til 6. sæti deildarinnar en fjögur efstu liðin komast í úrslitakeppnina.



PRINSINN FAGNAR Kevin Prince-Boateng fagnar marki í fyrri leiknum gegn Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaradeild Evrópu:

Arsenal ætlar að selja sig dýrt

FÓTBOLTI Tveir leikir fara fram í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. AC Milan sækir Arsenal heim og Benfica fær Zenit í heimsókn.

Zenit vann fyrri leik liðanna, 3-2. AC Milan valtaði aftur á móti yfir Arsenal, 4-0, á Ítalíu. Engu að síður stefnir Arsenal á að selja sig dýrt í kvöld.

„Við viljum virkilega gefa allt í þetta og sjá hvað gerist. Við verðum að gleyma því sem gerðist í fyrri leiknum og einbeita okkur að því sem við gerðum gegn Tottenham,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

Í leiknum gegn Tottenham lenti Arsenal 2-0 undir en vann 5-2 að lokum. - hbg



JÓNA MARGRÉT RAGNARSDÓTTIR Á að baki 49 landsleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Kvennalandsliðið í handbolta:

Jóna og Ester fá tækifærið

HANDBOLTI Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari kvenna, hefur valið 19 leikmenn til undirbúnings fyrir leiki við Sviss í undankeppni EM 2012. Leikirnir fara fram 22. mars í St. Gallen í Sviss og 25. mars í Vodafone-höllinni. Ágúst kallar meðal annars á tvo leikmenn sem hafa ekki verið viðriðir liðið í síðustu verkefnum en það eru þær Jóna Margrét Ragnarsdóttir, örvhent skytta Stjórnunnar, og Ester Óskarsdóttir, leikstjórnandi ÍBV.

Guðrún Ósk Maríasdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Þorgeirsdóttir komu einnig inn í hópinn en þær voru ekki með á HM í Kína. - óóó

Landsliðshópurinn:

Markmenn:	
Guðný Jenný Ásmundsdóttir	Valur
Guðrún Ósk Maríasdóttir	Fram
Sunnveva Einarisdóttir	Valur
Aðrir leikmenn:	
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	Valur
Anna Sif Pálsdóttir	Aalborg DH
Ásta Birna Gunnarsdóttir	Fram
Dagný Skúladóttir	Valur
Elísabet Gunnarsdóttir	Fram
Ester Óskarsdóttir	ÍBV
Hanna Guðrún Stefánsdóttir	Stjarnan
Hildur Þorgeirsdóttir	HSB Blomberg-Lippe
Hrafnhildur Skúladóttir	Valur
Jóna Margrét Ragnarsdóttir	Stjarnan
Karen Knútsdóttir	HSB Blomberg-Lippe
Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir	Valur
Rut Arnfrjóð Jónsdóttir	Team Tvis Holstebro
Stella Sigurðardóttir	Fram
Þórey Rósa Stefánsdóttir	Team Tvis Holstebro
Þorgeirur Anna Atladóttir	Valur

Er enginn dauðadómur

Markahrókurinn Tryggvi Guðmundsson má ekkert æfa næstu mánuði eftir að hann fékk blóðtappa í fótinn. Tryggvi verður frá í þrjá til sex mánuði.

FÓTBOLTI „Þetta er ekki skemmtilegt mál. Ég hef verið slæmur aftan í kálfa í um tvær vikur. Hef verið í sjúkrahjálfun vegna þessa en það hefur ekkert lagast. Ég fór svo í ómskoðun og þá kom í ljós að ég er með svokallaðan bláæðarblóðtappa í kálfanum,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður ÍBV, við Fréttablaðið í gær.

Hann mun verða frá knattspyrnuíðkun í þrjá til sex mánuði vegna veikindanna og því ljóst að hann bætir ekki markametinu í efstu deild snemma næsta sumar. Tryggvi deilir metinu með Inga Birni Albertssyni en þeir hafa báðir skorað 126 mörk í efstu deild.

„Þetta er alvarlegt mál. Nú er ég kominn á blóðþynningarlyf, þarf að sprauta mig í magann og setta mig við að vera sjúklingur.“ Tryggvi er þekktur harðjafi sem spilar nánast alltaf þó svo hann sé eitthvað meiddur. Það sannaði hann ítrekað síðasta sumar er hann spilaði allur blár og marinn hvað eftir annað.

„Ég þarf að gúgla þetta og skoða hvað menn hafa verið fljótir til baka sem hafa lent í álíka. Það er talað um þrjá til sex mánuði en eigum við þá ekki að segja að ég verði tvo mánuði frá,“ sagði Tryggvi bjartsýnn en hann ætlar ekki að láta veikindin aftra sér frá því að ná markametinu sem hann hefur svo lengi stefnt að.

„Það eru samt allir í kringum mig að taka veikindin alvarlega. Ég má ekkert æfa á meðan ég er á þessum lyfjum. Ég verð að setta mig við það en vonandi get ég farið að hjóla eða synda sem fyrst,“ sagði Tryggvi en hann getur ekki neitað því að þetta sé talsvert áfall fyrir sig.

„Þetta verður mjög erfitt en er samt það alvarlegt að aldrei þessu vant verð ég að hlusta á og hlýða því sem lækarnir segja við mig. Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu því ég hélt ég væri bara með stífan kálfa.“

Tryggvi stefnir á að fara með Eyjamönnum í æfingaferð í lok mars þó svo hann sé veikur enda eru þær ferðir ekki síður til þess að þjappa höpnum saman.

„Ég verð svo að setta mig við að missa af fyrstu leikjunum. Ég hef nú alltaf byrjað mótin vel en það verður ekki af því í ár. Þetta er samt enginn dauðadómur þó alvarlegt sé. Það verða líklega einhverjir fengir því að ég sé



MIKIÐ ÁFALL Tryggvi er prímusmótorinn í liði Eyjamanna og hans verður sárt saknað í fyrstu umferðum Íslandsmótsins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

“Þetta verður mjög erfitt en er samt það alvarlegt að aldrei þessu vant verð ég að hlusta á og hlýða því sem lækarnir segja.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON
KNATTSPYRNUMAÐUR

farinn af vellinum og hætti að skammast í þeim,“ sagði Tryggvi léttur.

Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV, var hálfslæginn er Fréttablaðið heyrði í hinum enda tiltölulega

nýbúinn að fá fréttirnar. „Þetta er mikið áfall og það er alveg klárt að við erum að taka eitt skref til baka með því að missa Tryggva. „Þetta er alveg grátlegt því hann var í ótrúlega góðu formi og fyrsti leikurinn án hans er eini leikurinn sem við náðum ekki að skora í vetur. Það munar mikið um hann.“ Magnús segir líklegt að ÍBV muni styrkja sig í ljósi þessarar stöðu.

„Við erum enn að melta þetta en ég tel ansi líklegt að við verðum að bæta við okkur manni. Sá maður verður að koma að utan því enginn slíkur er á lausu hér á Íslandi.“ henry@frettabladid.is



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON Fagnar hér seinna marki sínu. MYND/GETTYIMAGES

Enska úrvalsdeildin:

Gylfi betri en Lampard

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson er með bestu tölfræðina af öllum miðjumönnum ensku úrvalsdeildarinnar sem hafa skorað þrjú deildarmörk eða fleiri á þessu tímabili. Það hafa nefnilega liðið fæstar mínútur á milli marka Gylfa af öllum skráðum miðjumönnum deildarinnar en hann hefur gert örlítið betur en Frank Lampard hjá Chelsea. Gylfi skoraði bæði mörk Swansea í 2-0 sigri á Wigan um helgina og það hafa liðið 169 mínútur á milli marka hans. - óóó

Styst á milli marka miðjumannanna í enska í vetur:

169 mín.	Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea
3 mörk á 508 mínútum (3 stoðsendingar)	
170 mínútur	Frank Lampard, Chelsea
10 mörk á 1696 mínútum (5 stoðs.)	
201 mínúta	Adam Johnson, Man. City
5 mörk á 1006 mínútum (6 stoðs.)	
202 mínútur	Clint Dempsey, Fulham
12 mörk á 2422 mínútum (5 stoðs.)	
220 mínútur	Rafael van der Vaart, Tott.
7 mörk á 1540 mínútum (4 stoðs.)	
223 mínútur	Gareth Bale, Tottenham
10 mörk á 2226 mínútum (9 stoðs.)	

Arnór Þór Gunnarsson:

Búinn að semja við Bergischer

HANDBOLTI Arnór Þór Gunnarsson hefur ákveðið að spila með þýska úrvalsdeildarliðinu Bergischer HC næstu tvö árin en hann tilkynnti þetta á Twitter í gær.

Arnór hefur undanfarið spilað með Bittenfeld í þýsku b-deildinni en hann er fjórði markahæsti leikmaður deildarinnar með 6,5 mörk í leik.

„Spila fyrir Bergischer HC næstu tvö árin. Vonandi í 1. deild. Ég er virkilega ánægður með þetta næsta skref,“ skrifði Arnór Þór inn á Twitter-síðu sína. Arnór Þór verður þar með liðsfélagi Rúnars Kárasonar. - óóó

Fannðís Friðriksdóttir tryggði íslenska kvennalandsliðinu sigur á Kína og leik um 5. sætið í Algarve-bikarnum:

Þær náðu mér allavega ekki í þetta skiptið

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið spilar um fimmta sætið í Algarve-bikarnum í ár eftir 1-0 sigur á Kína í lokaleik riðilsins í gær. Fannðís Friðriksdóttir kom inn á sem varamaður og tryggði íslenska liðinu leik um fimmta sætið sem verður á móti Dönum á miðvikudaginn.

Fannðís hafði ekki náð að skora í fyrstu 23 landsleikjum sínum með A-landsliðinu og Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari ákvað að taka hana út úr byrjunarliðinu en Fannðís byrjaði bæði gegn Þjóðverjum og Svíum.

„Ég var búin að bíða svolítið eftir þessu marki. Nú er gaman að þetta sé komið og vonandi koma fleiri í kjölfarið. Ég var búin að vera í byrjunarliðinu í tveimur fyrstu leikjunum en svo var ég tekin út fyrir þennan leik. Þá er gott að geta sýnt það að maður vill vera inni á vellinum,“ sagði Fannðís.



FANNÐÍS FRÍÐRIKSDÓTTIR Var hetja íslenska liðsins í gær. MYND/GETTYIMAGES

„Fannðís hefur mest verið á kantinum hjá okkur en hefur langað að spila frammí veit ég. Hún nýtti tækifærið vel þegar hún fékk að fara fram. Það er mjög jákvætt. Við stólum mikið á markaskor-

unina hjá Margréti Láru og Hólfríði og það er mjög jákvætt ef fleiri leikmenn taka ábyrgð á því að skora mörk. Hún kláraði færið sitt mjög vel og þær komu mjög sterkar inn í framlínuna, Fannðís og Harpa,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari, en kínversku stelpurnar björguðu á marklínu frá Hörpu Þorsteinsdóttur skömmu áður en Fannðís skoraði.

Hólfríður Magnúsdóttir átti stoðsendinguna á Fannðísi í markinu og hefur því lagt upp bæði mörk íslenska liðsins á mótinu.

„Fríða gaf gullfallega sendingu inn fyrir og ég kláraði með vinstri. Ég setti boltann milli lappanna á markverðinum, það er klassík. Við vorum miklu betri allan tímann og hefðum getað verið búnar að skora eitt til tvö mörk,“ sagði Fannðís kát en hún er eldfliót og þær eru

ekki margar sem ná henni þegar hún er komin á ferðina. „Þær náðu mér allavega ekki í þetta skiptið,“ sagði Fannðís hlæjandi.

Sigurður Ragnar var ánægður með leik íslenska liðsins. „Þær spiluðu mjög vel. Við vorum að prófa 4-4-2 og ég var ánægður með að það gekk svo vel. Við höldum skipulaginu mjög vel og þær voru að berjast og hlaupa fyrir hver aðra. Ég held að það hafi skilað þessum sigri í lokin að þær héldu alltaf áfram,“ sagði Sigurður Ragnar og fram undan er leikur um fimmta sætið á móti Dönum á morgun.

„Við viljum fá sem mest af leikjum á móti sterkum liðum því þangað erum við að stefna. Ég er mjög ánægður með að við mætum Danmörku. Það er hörkugott lið og verður gott próf fyrir okkur,“ sagði Sigurður Ragnar. - óóó

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT

SPORT
besta sætið

MEISTARA DEILDIN

Eftirsóttustu verðlaun knattspyrnuheimsins • sérútgáfa • mars 2012

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar

216 KR.

Á DAG

KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Á MORGUN KL: 19:30

BARCELONA – LEVERKUSEN

Messi og félagar fá þýska stálið í heimsókn

13. MARS

INTER MILAN – MARSEILLE

Ná Ítalirnir að snúa taflinu sér í vil á heimavelli?

14. MARS

CHELSEA – NAPOLI

Lundúnaliðið bókstaflega verður að vinna þennan leik!

14. MARS

REAL MADRID – CSKA MOSKVA

Jafntefli í fyrri leiknum. Allt opið á Bernabeu!

Í KVÖLD KL: 19:30

ARSENAL - AC MILAN

ROBIN VAN PERSIE

og félagar þurfa að skora fjögur gegn ítölsku meisturunum.

ÞORSTEINN J. OG GESTIR
Sérfræðingarnir eru með allt
á hreinu fyrir og eftir
alla stærleikina

> Stöð 2 kl. 21.00

White Collar

Í kvöld snýr sjarmörinn og svikahrapurinn Neil Caffrey aftur á Stöð 2 í þáttaröðinni *White Collar*. Hann heldur áfram að aðstoða lögregluna við að handsama hættulega glæpamenn. Í fyrsta þættinum reynir Neil að klófesta bankaræningja sem eru alls engin lömb að leika sér við.



dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG LÚXUSSTRÍÐIÐ**

Föðurlandið sorta sveipað

Fátt finnst mér erfiðara, út frá sófasjónarmiði, en að horfa á kvikmyndir og sjónvarpsþætti um stríð. Hvort sem sögusviðið er Pólland, Þýskaland, Bandaríkin, Kórea, Vietnam, Rúanda, Írak, Afganistan eða nokkur önnur þjóð sem hefur upplifað slíkar hörmungar, á hvaða tímabili sem er. Alltaf er það viðurstygilegt, sem það er í raunveruleikanum, og þar með auðvitað þarft sjónvarpsfni.

Hinir úberamerísku



Sjónvarpsþættir *Homeland* fjalla að mörgu leyti um stríð. Með vel valda menn og konur í hverju horni, góða grunnhugmynd, fint handrit og örlitinn vott af sjálfsagnrýni, hafa Kanarnir að mínu mati náð að búa til afbragðsgóða og spennandi þáttaseríu. Og þó *Homeland* sýni okkur örlitið og fegrað brot af afleiðingum stríðs, og ég fái smá sting í ofverndaða, íslenska barnshjartað mitt þegar ég horfi á, mun ég svo sannarlega halda því áfram. Og mana mig jafnvel aftur í Schindler's List við tækifæri.

RÚV

- 16.00 Íslenski boltinn (e)
- 16.40 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Tóti og Patti (48:52)
- 17.31 Pakbúarnir
- 17.43 Skúli skelfir (10:52)
- 17.55 Hið mikla Bé (8:20)
- 18.20 Táknálsfréttir
- 18.30 Nýgræðingar (Scrubs)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 360 gráður Íþrótta- og mannlífspáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna.
- 20.35 Krabbinn (11:13) (The Big C)
- 21.05 Fum og fát (Panique au village) Í þessum belgísku þáttum ferðast Kúrekinn, Indíaninn og Hesturinn að miðju jarðar.
- 21.10 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Dulnefni: Hunter (6:6) (Kode-namn Hunter) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Aðþrengdar eiginkonur (10:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 A Dog Year
- 10.00 The Astronaut Farmer
- 12.00 Chestnut: Hero of Central Park
- 14.00 A Dog Year
- 16.00 The Astronaut Farmer
- 18.00 Chestnut: Hero of Central Park
- 20.00 Precious
- 22.00 The Last House on the Left
- 00.00 Bug
- 02.00 Frágiles
- 04.00 The Last House on the Left
- 06.00 Köld slóð

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (11:17:5)
- 10.15 Wonder Years (13:23)
- 10.45 The Middle (3:24)
- 11.10 Matarást með Ríkku (3:10)
- 11.40 Ljósavakavíkingar - Stöð 2 (4:5)
- 12.10 Two and a Half Men (6:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X Factor (11:26)
- 14.20 The X Factor (12:26)
- 15.00 Sjáðu
- 15.30 iCarly (12:25)
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In The Middle (14:22)
- 19.45 Perfect Couples (1:13) Gamanþáttur þar sem fylgst er með samskiptum þriggja para og öllum þeim vandamálum sem geta komið upp.
- 20.10 Modern Family (14:24)
- 20.35 Two and a Half Men (2:24)
- 21.00 White Collar (1:16)
- 21.45 Burn Notice (9:20)
- 22.30 Community (22:25)
- 22.55 The Daily Show: Global Edition
- 23.20 New Girl (3:24)
- 23.45 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (9:10)
- 00.10 Grey's Anatomy (16:24)
- 00.55 Gossip Girl (5:24)
- 01.40 Pushing Daisies (4:13)
- 02.25 Big Love (5:9)
- 03.20 Dreaming Lhasa
- 04.50 Modern Family (14:24)
- 05.15 Two and a Half Men (2:24)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 17.05 Þýski handboltinn: Fühse Berlin - Göppingen
- 18.30 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu
- 19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun
- 19.30 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Milan BEINT frá seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum.
- 21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistarmörk Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
- 22.10 Meistaradeild Evrópu: Benfica - Zenit. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 klukkan 19.30.
- 00.00 Birmingham - Chelsea
- 01.45 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Milan

SPORT 2

- 14.25 QPR - Everton
- 16.15 Liverpool - Arsenal
- 18.05 Premier League Review 2011/12
- 19.00 Newcastle - Sunderland
- 20.50 Tottenham - Man. Utd.
- 22.40 Football League Show
- 23.10 Man. City - Bolton

EXTRA

- 19.35 The Doctors (63:175)
- 20.15 Bones (21:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Smash (1:15)
- 22.35 The Glades (10:13)
- 23.20 V (5:10)
- 00.05 Supernatural (5:22)
- 00.50 Twin Peaks (11:22)
- 01.40 Malcolm In The Middle (14:22)
- 02.05 Perfect Couples (1:13)
- 02.25 Bones (21:22)
- 03.10 The Doctors (63:175)
- 03.50 Íslenski listinn
- 04.15 Sjáðu
- 04.40 Fréttir Stöðvar 2
- 05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Málið (6:8) (e)
- 09.15 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Málið (6:8) (e)
- 12.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.50 Minute To Win It (e)
- 16.35 Dynasty (6:22)
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Got to Dance (1:15) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (22:50) (e)
- 19.20 Everybody Loves Raymond (7:24)
- 19.45 Will & Grace (18:27) (e)
- 20.10 Matarklúbburinn (4:8) Meistarakokkurinn og veitingahúsaigandinn Hrefna Rósa Sætran meistarakokkur heldur smáréttaboð fyrir vini sína þar sem allir taka þátt í eldamennskunni og enda á að borða saman.
- 20.35 Innlit/Útlit (4:8)
- 21.05 The Good Wife (6:22)
- 21.55 Prime Suspect (7:13) Jane rannsakar mál um dularfullan dauðdaga fimm ára gamals barns. Hún tekur það afar nærri sér og er vakin og sofin yfir lausn gátunnar.
- 22.45 Jimmy Kimmel
- 23.30 CSI (9:22) (e)
- 00.20 The Good Wife (6:22) (e)
- 01.10 Flashpoint (9:13) (e)
- 02.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 02.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 09.10 The Honda Classic 2012 (1:4) 11.10 Golfing World 12.00 Golfing World 12.50 The Honda Classic 2012 (2:4) 15.50 LPGA Highlights (3:20) 17.10 Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) 18.00 Golfing World 18.50 PGA Tour - Highlights (9:45) 19.45 Abu Dhabi Golf Championship (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 The Open Championship Official Film 2009 23.45 ESPN America

N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Tveir gestir 21.00 Bæjarstjórnarfundur

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfréttir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfréttir 10.13 Á Búsúklóðum 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 12.50 Dánarfréttir 13.00 Fyrir og nú 14.00 Fréttir 14.03 Sker 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Sólskinshestur 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Vísja 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfréttir 18.53 Dánarfréttir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.20 Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfréttir 22.10 Lestur Passíusálma 22.17 Fimm fjórðu 23.07 Matur er fyrir öllu 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 06.25 Keeping Up Appearances 08.25 Dalziel and Pascoe 10.05 Come Dine With Me 10.55 EastEnders 11.25 Come Dine With Me 12.15 My Family 13.15 Keeping Up Appearances 15.45 QI 16.45 Top Gear 17.30 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 18.15 Come Dine With Me 19.05 QI 20.05 Lee Evans Live in Scotland 21.00 The Graham Norton Show 21.45 My Family 22.45 Live at the Apollo 23.30 Keeping Up Appearances 02.05 Dalziel and Pascoe 03.50 The Graham Norton Show 04.35 My Family

DR 1

- 11.35 Lykke 12.35 Aftenshowet 13.30 Nye hvide verden 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Maggies nye liv 15.00 Mira og Marie 15.05 Dyk Olli dyk 15.20 Timmy-tid 15.30 Lille Nord 16.00 Lægeme 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Skattejægerne 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Hammerslag 19.30 Spise med Price 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Irene Huss, Tatoveret torso 22.30 En chance til 23.00 Clement Søndag 23.40 OBS 23.45 Lægeme

NRK 1

- 12.45 Gá fint í band 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 VM skiskyting 14.00 NRK nyheter 14.05 VM skiskyting 16.00 NRK nyheter 16.10 Dyreklinikken 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Tegnspråknytt 17.00 Færkvið 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Ut i naturen 19.15 VM-kvöld fra Ruhpolding 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Brennpunkt 21.30 Sognepresten 22.00 Kveldsnytt 22.15 Extra-trekning 22.25 Ei verd av kart 22.55 Jaget på Facebook 23.25 Brille

svt1

- 09.45 Drömmen om landet 10.45 Livet på Lærkevej 11.30 En svensk sill i Singapore 12.00 Genialt eller gælet 12.20 Skavian 13.20 Flicka utan namn 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.30 Min stad 15.45 Jonathan Ross show 16.30 Sveige idag 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyhetema 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Mot Alla Odds 20.00 Veckans brott 21.00 Hübinette 21.30 Dox 22.45 Rapport 22.50 Kulturyhetema 22.55 Chicago 10

INN

- 20.00 Hrafnaþing 21.00 Græðingur 21.30 Svartar tungur

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga
FM 102,2 Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útlit Boðun

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

FERMINGARTILBOÐ

Rúm
Gott

TILBOÐSVERÐ Á FERMINGARRÚMUM ÁSAMT ÖÐRUM HEILSURÚMUM



Rúm
Gott


Öllum
fermingarrúmum
fylgir dýnuhlíf, lak og
sængurver.

Gjafapakki að verðmæti
kr. 17.500,-

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna, og fáðu faglega
ráðgjöf um val á heilsudýnum,
án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



Einstaklingsmiðuð þjónusta

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu
til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN

Rúm
Gott

ÍSLENSK HEILSURÚM

ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



„Ég er mjög hrifin af nýja bistró-staðnum Snaps á Óðins-torgi. Skemmtilegir smáréttir í bland við góða stemmingu.“

María Heba Porkelsdóttir leikkona.

Valli Sport umboðsmaður Damons Younger

„Ég væri ekki að vinna fyrir hann nema ég hefði mikla trú á honum,“ segir Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Pipar/TBWA og nú umboðsmaður leikarans Damon Younger.

Valgeir segir Damon hafa sett sig í samband við sig fyrir nokkru síðan en leikarinn hefur slegið í gegn í myndinni Svartur á leik sem var frumsýnd fyrir helgi. Þar leikur Damon glæpamanninn Brúno sem margir vilja meina að sé eitt hræðilegasta illmenni íslenskrar kvikmyndasögu. „Ég sá myndina fyrst um helgina því ég komst ekki á frumsýninguna og var mjög hrifinn. Myndin er svakalega hörð,“ segir Valgeir en hann var staddur með leikaranum í miðbæ Reykjavíkur á laugardaginn og segir að Damon hafi vakið mikla athygli. „Það voru margir sem

gáfu honum gaum og ég tók eftir að flestir virtust einfaldlega hræðast hann sem ég skil núna eftir að ég sá myndina. Hann er mjög sannfærandi illmenni.“

Damon er fyrsti leikarinn sem Valgeir vinnur fyrir en hann hefur hingað til aðeins verið með tónlistarfólk á sínum snærum, eins og Heru Björk söngkonu. „Ég hef helst verið að vinna fyrir þá sem vilja ná árangri erlendis og ætla nú að prufa að vera með leikara. Við ætlum að setjast niður á næstu dögum og fara yfir málin,“ segir Valgeir og vill ekkert gefa út um það hvort næstu skref Damons verði á erlendri grundu. „Það er lítill markaður fyrir leikara á Íslandi og flestir horfa því út fyrir landsteinana. Við sjáum hvað setur en ég hef mikla trú á honum.“



GÓÐIR SAMAN Valgeir Magnússon er nýr umboðsmaður leikarans Damons Younger og hefur mikla trú á honum.

- áþ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI



Tískubloggarinn **Diane Pernet** birti nýverið myndband með hljómsveitinni Steed Lord á bloggi sínu. Myndbandið er við lagið Bed of Needles og skrifar Pernet einfaldlega „Flott!“ við færsluna. Pernet er stórt nafn innan tískuheimsins og hóf feril sinn sem hönnuður á níunda áratugnum. Hún færði sig næst út í búningahönnun en þekktust er hún fyrir störf sín hjá franska Vogue og Elle.com. Hún heldur núna úti blogginu A Shaded View on Fashion sem er mikið lesið af tískuunnendum. Myndbönd Steed Lord virðast falla vel í kramið hjá fólki innan tískuiðnaðarins því auglýsing þeirra fyrir Standard-hótelin fékk nokkra umfjöllun á vefsíðu ítalska Vogue.

- sm



VINSÆL Mikill áhugi er fyrir hljómsveitinni Of Monsters and Men vestanhafs.

NANNA BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR: VONANDI SPJÖRUM VIÐ OKKUR

Uppselt á flesta tónleika Of Monsters í Bandaríkjunum

„Þetta er fáránlegt og algjör snilld,“ segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men.

Uppselt er á flesta tónleika hljómsveitarinnar á væntanlegri tónleikaferð hennar um Bandaríkinn og Kanada. Ferðin hefst á hátíðinni South By South West í Texas í næstu viku og stendur hún yfir í einn mánuð með 26 tónleikum. Í gær voru miðar uppseldir á 21 tónleikastað en þeir staðir taka samanlagt um tíu þúsund gesti.

Að sögn umboðsmanns Of Monsters and Men, Heather Kolker, kemur það mjög á óvart hversu hratt miðarnir hafa selst enda er þetta fyrsta tónleikaferð hljómsveitarinnar vestanhafs. Í mörgum tilfellum hafa tónleikarnir verið færðir á stærri staði til að anna eftirspurn.

Til marks um áhugann á hljómsveitinni seldist upp á nokkrum mínútum á tvenna tónleika hennar í Filadelfíu á stað sem tekur um eitt þúsund gesti. Einnig er uppselt á 1.800-manna tónleika sveitarinnar í Seattle. Tónleikar

ÚTGÁFA Í BANDARÍKJUNUM 3. APRÍL

Platan My Head Is an Animal kemur út í Bandaríkjunum og Kanada 3. apríl. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var hún endurbætt í hljóðverinu Sýrlandi með hjálp bandaríska upptökustjórans Jacquire King sem hefur meðal annars unnið með Kings of Leon. Tvö ný lög verða á plötunni, Slow and Steady og Mountain Song. Upptökur stóðu yfir í þrjár vikur og skömmu eftir að þeim lauk dreif hljómsveitin sig aftur í hljóðver og tók upp fimm lög til viðbótar sem ætlunin er að geyma til betri tíma. Það voru tölulög Close to Me með The Cure og Skeletons með Yeah Yeah Yeahs ásamt þremur lögum sem komust ekki á My Head Is an Animal.

Of Monsters and Men í Boston voru færðir á stærri stað og verða núna í The House of Blues sem er frægt tónleikahús í Bandaríkjunum.

Nanna Bryndís er í skýjunum yfir þessum góðu viðtökum. „Við höfum nánast ekkert spilað þarna og að það sé búið að seljast upp á þessa tónleika er bara ótrúlegt. Við vorum ekki að búast við þessu en þetta er rosalega gaman.“

Þessi mikli áhugi á Of Monsters and Men er ekki úr lausu lofti gripinn því stuttstífan Into the Woods fékk mjög góðar viðtökur

vestanhafs, komst ofarlega á Billboard-listann og á lista iTunes. Þá var smellurinn Little Talks það lag sem flestar jaðarútlagsstjórnir í Bandaríkjunum tóku í spilun í síðustu viku.

Aðspurð segist Nanna Bryndís hlakka mjög til ferðalagsins. „Við höfum aldrei tekið mánuð í að spila á hverju einasta kvöldi. Þetta verður svolítið mikil breyting fyrir okkur en við verðum örugglega sjóaðri fyrir vikið. Við vitum ekkert hvað við erum að fara út í en vonandi spjörum við okkur.“

freyr@frettabladid.is

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

visir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

BYLGJAN 25 ÁRA

989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Mikill áhugi á Frost erlendis

„Við höfum framleitt fullt af myndum en þessi fer alla leið. Við höfum aldrei fundið fyrir svona spennu úti,“ segir Ingvar Þórðarson, annar af framleiðendum spennumyndarinnar Frost.

Tökum á myndinni lauk uppi á Langjökli í lok janúar og eftirvinnsla er í fullum gangi um þessar mundir. Frumsýning er áætluð í ágúst. Skandinavíska fyrirtækið TrustNordisk hefur tryggt sér söluréttinn á myndinni á heimsvísu og ætlar að kynna hana á Cannes-hátíðinni í maí.

„Við sýndum úr henni í Berlín og það voru allir mjög spenntir fyrir henni. Ég hef framleitt 101 Reykjavík og fleiri myndir en hef aldrei kynnst svona áður,“ segir Ingvar. „Við tókum smá áhættu með að fara upp á jökul í janúar og allt hefði getað farið til fjandans en þetta tókst.“

Leikstjórnirinn Reynir Lyngdal er mjög ánægður með tölurnar. „Þetta var tíu sinnum flottara en það sem við vorum að vonast til að yrði. Náttúran hjálpaði mikið til og gerði þetta mikilfenglegra. Það



FROST Mikill áhugi er fyrir spennumyndinni Frost erlendis.

var ekki hægt að óska sér neins betra en að fá allan þennan storm sem við fengum.“

- fb



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S



**ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGSS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.**

58 · 12345 | dominos.is



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Come to Harm besta stuttmyndin

Kvikmyndahátíðin Northern Wave fór fram á Grundarfirði á Snæfellsnesi um helgina og fjölbreytt dagskrá var í bænum af því tilefni. Stuttmynd Barkar Sigþórssonar, Come to Harm, var valin besta íslenska stuttmyndin og myndband við lag Sóleyjar, Smashed Birds, eftir Ingu Birgisdóttur fékk verðlaun fyrir besta myndbandið. Besta alþjóðlega stuttmynd hátíðarinnar var Last Train eftir Weroniku Tofilaska frá Póllandi. Aðalsteinn Þorvaldsson og Lína Hrönn Þorkelsdóttir elduðu hins vegar bestu fiskisúpu hátíðarinnar og unnu því hina sívinsælu fiskisúpukeppni.



- áþ

Skari tónlistarmanna styrkir Einstök börn

Fjöldinn allur af tónlistarmönnum og hljómsveitum kemur fram á styrktartónleikum félagsins Einstök börn á fimmtudagskvöld í Háskólabíó. Einstök börn eru fimmtán ára á þessu ári og því var ákveðið að halda skemmtilega styrktartónleika. Jón Jónsson mætir ásamt hljómsveit sinni og sömu sögu er að segja af Ingólfi Þórarinssyni og Veðurguðunum. Valdimar, Moses Hightower og Jónas Sig. og ritvélar framtíðarinnar ætla einnig að koma fram á tónleikunum, en hægt er að nálgast miða á midi.is.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Guðni hlaut áverka þegar hann reyndi að bjarga manni frá...
- 2 Landsbankinn kærði áráðsmanninn til lögreglu...
- 3 Brynjar Nielsson: Hvaða starfsmaður sem er hefði...
- 4 Starfsmaður lögfræðistofu stunginn - einn handtekinn
- 5 Þekktir gegn forsetanum - Hvernig skráir maður sig út...?

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Síminn ICELANDAIR 1011 OPIN KERFI

Fermingartilboð

Gerid GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalaugar greiðslur



Stærð	Verð	Tilboð
80x200	69.900 kr.	62.900 kr.
90x200	69.900 kr.	64.900 kr.
120x200	84.900 kr.	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.	84.900 kr.
153x203	99.900 kr.	89.900 kr.

VALHÖLL

Ný hönnun. 5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar.



Stærð	Verð
90x200	89.900 kr.
100x200	94.900 kr.
120x200	109.900 kr.
140x200	119.900 kr.
153x203	129.900 kr.

SAGA/FREYJA

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



Stærð	Verð
100x200	104.900 kr.
120x200	124.900 kr.
140x200	139.900 kr.
153x203	149.900 kr.

ÞÓR

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöföldu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



Stærð	Verð
90x200	144.900 kr.
100x200	149.900 kr.
120x200	164.900 kr.
140x200	179.900 kr.
153x203	179.900 kr.

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi, háþrúð þrýstijöfnun-heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Öll verð með botni og fótum



www.svefn.is



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

